FRÉTTABLAÐIÐ
56. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 7. MARS 2018

# Vissi af máli árið 2014 en gerði ekkert

**Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, vissi árið 2014 af atviki milli séra Ólafs Jóhannssonar og prests í Reykjavíkurprófastsdæmi. Hins vegar varð það ekki tilefni til rannsóknar á þeim tíma. Nú segir biskup að hún líði ekki slíkt á sinni vakt.**

**KIRKJUMÁL** Prestur í Reykjavíkurprófastsdæmi skýrði Agnesi M. Sigurðardóttur, biskupi Íslands, fyrir fjórum árum frá atviki milli sín og Ólafs Jóhannssonar, sóknarprests í Grensáskirkju. Sú vitneskja biskups varð hins vegar ekki tilefni til að hefja rannsókn á mögulegu broti séra Ólafs í starfi, hvort sem það væri siðferðisbrot eða kynferðisleg áreitni.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar spurði Agnesi hvaða vitneskju hún byggi yfir um mál gegn séra Ólafi þegar nefndin vann að úrskurðunum fimm sem birtir voru í síðasta mánuði. Í svari biskups til nefndarinnar, sem dagsett er 12. febrúar, staðfestir biskup frásögn konunnar sem enn er prestur í Reykjavík, um að hún hefði rætt við biskup vegna máls sem kom upp milli þeirra árið 2010.

„Ég sendi sr. Ólaf í leyfi í sumar því ég líð ekki svona mál á minni vakt,“ sagði Agnes í frétt á forsíðu Fréttablaðsins þann 21. september þegar greint var frá því að þrjár konur hefðu stigið fram og kært hegðun Ólafs til úrskurðarnefndar kirkjunnar.

Í einum úrskurðinum sem féll í lok síðasta mánaðar eru afskipti biskups gagnrýnd í málinu. Aftur á móti segir biskup í fréttatilkynningu afstöðu sína skýra. „Biskup hlýtur ávallt að taka ásakanir um óviðeigandi háttsemi presta eða annarra starfsmanna kirkjunnar alvarlega. Það á sérstaklega við þegar grunur leikur á áreiti af kynferðislegum toga eða öðru ofbeldi,“ segir biskup. „Það er í mínum huga óhugsandi, að æðsti embættismaður kirkjunnar stígi til hliðar og bregðist ekki við ef einstaklingur leitar til embættisins eftir hjálp við að leysa úr erfiðum og viðkvæmum málum.“

> **Biskup hlýtur ávallt að taka ásakanir um óviðeigandi háttsemi presta og annarra starfsmanna kirkjunnar alvarlega.**
>
> Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands



Agnes vildi ekki ræða það við Fréttablaðið af hverju ekkert hefði verið aðhafst í málinu árið 2014 og hvað væri breytt nú. Fréttablaðið fékk þau skilaboð frá Biskupsstofu að biskup myndi greina frá sinni aðild að málinu ef einhver málsaðili myndi áfrýja málalyktum úrskurðarnefndar til áfrýjunarnefndar.

Fimm konur kærðu séra Ólaf til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í fyrra fyrir athæfi sem þær töldu kynferðislega áreitni. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Ólafur hefði gerst sekur um siðferðisbrot í tveimur málum. **– sa**



**Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra stóð af sér vantrauststillögu á Alþingi í gærkvöld. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði rök með vantrausti ekki vera fullnægjandi.** Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Kanna fregnir af Íslendingi í Rakka

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneytið kannar nú hvað býr að baki óstaðfestum fregnum af Íslendingi sem sagður er hafa fallið í átökum í Sýrlandi.

Tyrkneskir miðlar greindu frá því í gær að Haukur Hilmarsson hefði farist í sprengjuregni tyrkneska hersins í Afrin-héraði í norðvesturhluta Sýrlands. Haukur er sagður hafa tilheyrt samtökunum IBF, sem eru alþjóðahersveit kommúnista og anarkista. Samtökin birtu yfirlýsingu þess efnis í gær að hann hefði barist hetjulega gegn ISIS í borginni Rakka. „Hann var sönn hetja,“ segir talsmaður IBF. „Við munum aldrei gleyma nafni hans.“

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er ekkert vitað um ferðir Íslendings í Sýrlandi.
**– þea /** **sjá síðu 6**

## Borgarstjóri fær tvær milljónir

**REYKJAVÍK** Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, fær rétt rúmar 2 milljónir króna í laun og greiðslur fyrir störf sín. Þetta kemur fram í svari Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Laun borgarfulltrúa eru öllu lægri en grunnlaun þeirra nema rúmum 699 þúsund krónum. Álag leggst á þau laun fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar og nema því útborguð laun um hver mánaðamót oft um milljón króna.

Laun geta lækkað ef borgarfulltrúi á ekki sæti í neinni nefnd. Svo háttar hjá Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur en hún fær rétt rúmar 400 þúsund krónur á mánuði. Til samanburðar er Líf Magneudóttir með þrefalt hærri laun í starfi sínu í borginni.
**– jóe /** **sjá síðu 4**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson svarar Óttari Guðmundssyni. 13

**SPORT** Valgerður Guðjónsdóttir berst í Ósló á laugardag. 14

**SÉRBLAÐ** Veglegt sérblað um samfélagsábyrgð fyrirtækja fylgir Fréttablaðinu í dag.

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Norðaustan 5-13 m/s og él norðan- og austanlands í dag, en léttskýjað að mestu á Suður- og Vesturlandi. Frost 0 til 8 stig, mildast við suðurströndina. SJÁ SÍÐU 18

# Fögnuðu 50 árum með 5 metra köku



Félagsstofnun stúdenta fagnaði hálfrar aldar afmæli í gær. Var gestum og gangandi á Háskólatorgi boðið upp á fimm metra risaafmælisköku en um 1.100 manns gæddu sér á henni. Félagsstofnun stúdenta er alfarið í eigu stúdenta og hefur frá upphafi, eða frá árinu 1968, verið rekin án hagnaðarsjónarmiða. Fyrirtækið þjónar 12.500 stúdentum og sér um rekstur Hámu, Stúdentagarða, þriggja leikskóla og Bóksölu stúdenta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Jarðsunginn frá Hallgrímskirkju

**SAMFÉLAG** Jóhann Jóhannsson tónskáld verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju á föstudag. Jóhann lést í Berlín þann 9. febrúar, 48 ára að aldri.



**Jóhann Jóhannsson.**

Jóhann átti glæstan tónlistarferil að baki en hann vakti heimsathygli fyrir tónlist sína fyrir kvikmyndina The Theory of Everything. Hann hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir tónlistina í þeirri mynd.

Stofnaður hefur verið minningarsjóður í nafni Jóhanns en tilgangur hans er að styrkja ung tónskáld til náms og verkefna. **– khn**



**Enn hækkar íbúðaverð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Íslendingar skulda einna mest

**HÚSNÆÐISMÁL** Algengara er að heimili skuldi í íbúð sinni hér á landi en í helstu nágrannalöndum okkar. Í nágrannalöndunum er ýmist algengara að heimili séu á leigumarkaði eða eigi íbúð sína skuldlaust heldur en hér á landi. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs.

Þar kemur fram að árið 2015 bjuggu 63 prósent íslenskra heimila í eigin íbúð með áhvílandi húsnæðisláni. Í Evrópusambandinu skulduðu mun færri í þeirri íbúð sem þau búa í eða um 26 prósent heimila. Fimmtán prósent íslenskra heimila áttu íbúð sína skuldlaust árið 2015, en í ESB var þetta hlutfall um 43 prósent.

Ásett verð íbúða á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1 prósent í janúar. Ásett verð íbúða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins hækkaði um 2 prósent í janúar.

Í skýrslunni kemur fram að íbúðaverð hafi aldrei mælst hærra í hlutfalli við vísitölu neysluverðs en í janúar. **– jhh**


## TÝNDUR KETTLINGUR



Þessi litli kettlingur slapp út frá Kópavogsbraut 78, 200 Kópavogi, laugardaginn 3. mars. Hún hefur aldrei farið út og er því alveg óvön. Er ekki komin með ól en er örmerkt og geld. Hún er eflaust hrædd og ekki víst að ókunnugir gætu náð henni.

**Ef þú verður hennar var viltu hringja í Hjördísi í 896 0753.**


# Eyja kvikmyndafeðga boðin á 150 milljónir

Nokkrar eyjar á Breiðafirði eru nú til sölu. Ein þeirra er Arney sem Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi keypti um aldamótin. Þar er íbúðarhús og gott vatnsból og með fylgir hálf eyjan Bíldsey auk tíu annarra smáeyja og hólma.

**FASTEIGNIR** Eyjan Arney á Breiðafirði er nú boðin til sölu á 150 milljónir króna.

Arney er í sölulýsingu sögð vera stór eyja skammt undan Stykkishólmi. Henni fylgi 10 til 11 hólmar og eyjar og hálf Skjaldarey á móti Bíldsey. Í eyjunni sé íbúðarhús og útihús sem þarfnist aðhlynningar. Þar sé æðarvarp og lundatekja og góð grásleppumið. Vatnsból í Arnarey sé gott. „Mikil náttúrufegurð. Einstök náttúruperla,“ segir í auglýsingunni.

Eigandi Arneyjar er félagið SI fasteignir en skráður eigandi þess er Þórir Snær Sigurjónsson, kvikmyndaframleiðandi hjá Zik Zak. Þórir er meðal annars einn stofnenda bakarísins Brauð&Co á Frakkastíg. Hann er sonur Sigurjóns Sighvatssonar sem einnig er kvikmyndaframleiðandi og keypti einmitt Arney um aldamótin síðustu.

Fleiri eyjar á svipuðum slóðum eru einnig til sölu. Má þar nefna Snóksey sem sögð er „falleg gróin eyja með fögru útsýni frá háum hólum yfir söguslóðir elstu Íslendingasagna, með frábæru bátalægi, dúntekju og óspilltri náttúru“. Ásett verð á Snóksey er 32 milljónir króna.

Þá fæst 60 prósenta eignarhluti í Kiðey á 40 milljónir króna. „Að sögn eiganda er eyjan talin vera um 40 hektarar og var búið þar fyrr á öldum,“ segir um Kiðey.



**Þórir Snær Sigurjónsson, kvikmyndaframleiðandi hjá Zik Zak.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einnig má nefna að tilboða er óskað í Hrútshólma. „Eyjan, sem er ekki stór, er hluti af Stóru-Tungueyjum sem liggja suður af Dagverðarnesi á Fellsströnd,“ segir um Hrútshólma sem samkvæmt ónákvæmri mælingu er talinn vera 2,2 hektarar. „Eign sem gefur möguleika á að njóta fjölbreytts náttúrufars Breiðafjarðar. Fjarlægð frá Stykkishólmi talin vera um 22 kílómetrar.“

**gar@frettabladid.is**

### Breiðafjarðareyjar til sölu




**Sagt er að eyjarnar á Breiðfirði séu óteljandi. Nokkrar þeirra eru nú til sölu.**

**Mikil náttúrufegurð. Einstök náttúruperla.**

Úr auglýsingu um Arney




**LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGINGAR**

Ef lífið væri leikur þá væru áföllin fljótlega gleymd. En þú færð ekki gefið upp á nýtt í lífsins leik. Hver tekur við þínum skuldbindingum ef þú þarft að sitja hjá?

Hafðu samband við Vörð og saman finnum við út hvaða líf- og sjúkdómatryggingar henta þér og þínum.

**VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?**

vörður

# Helmingur borgarbúa er hlynntur Borgarlínunni

**SAMGÖNGUR** Helmingur þeirra Reykvíkinga sem afstöðu taka í könnun Fréttablaðsins og frettabladid.is er hlynntur Borgarlínunni. Fjórðungur er andvígur henni og fjórðungur er hlutlaus í afstöðu sinni.

Þegar svörin eru skoðuð í heild sést að 42 prósent eru hlynnt Borgarlínunni, 21 prósent er andvígt og 21 prósent hlutlaust. Þá eru 13 prósent sem hafa ekki gert upp hug sinn og 4 prósent vilja ekki svara spurningunni.

Á vef Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að Borgarlínukerfið verði tvíeggja laga. Annars vegar er áformað að þar verði um að ræða Borgarlínuna sjálfa sem tengir saman kjarna sveitarfélaganna með liðvögnum, og hins vegar er það strætisvagnakerfi sem lagað verður að Borgarlínukerfinu og myndar net um þéttbýlið.

Borgarlínan verður í sérrými í gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins með forgang á umferðarljósum, og verður ferðatími með henni því




**Fjórðungur er andvígur hugmyndum um borgarlínu og álíka margir eru hlutlausir í afstöðu sinni.**

styttri en með öðrum ferðamáta. Tíðni ferða getur farið í fimm til sjö mínútur á annatímum en sums staðar getur hún farið í um tvær mínútur. Biðstöðvar verða yfirbyggðar og upplýsingaskilti verða sett upp sem sýna í rauntíma hvenær næsti vagn kemur, líkt og þekkist víða um heim.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.322 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 26. og 27. febrúar. Svarhlutfallið var 60,5 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) Borgarlínunni? **– jhh**

# Greiðslur til borgarstjóra á pari við launakjör forsætisráðherra

**Talsverður munur er á kjörum borgarstjórnarfulltrúa eftir í hve mörgum nefndum og ráðum þeir sitja. Borgarstjóri er með fimmfalt hærri laun en sá launalægsti.**

**REYKJAVÍK** Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, fær rétt rúmar 2 milljónir króna í laun og greiðslur fyrir starf sitt. Þetta kemur fram í svari Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Um áramót voru laun borgarstjóra rétt rúma 1,7 milljónir króna og þá var fastur starfskostnaður greiddur hver mánaðamót að upphæð 101 þúsund krónur. Þá er borgarstjóri formaður stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins en formaður er með eina og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns, 205 þúsund krónur á mánuði.

Í svarinu kemur einnig fram að frá lokum maí 2016 til loka september 2017 hafi Dagur leyst Kristínu Soffíu Jónsdóttur af sem stjórnarformaður Faxaflóahafna meðan Kristín var í fæðingarorlofi. Fyrir það hlaut hann 305 þúsund krónur á mánuði til nóvember 2016 en 261 þúsund eftir það tímamark. Lækkunin kemur til vegna þess að aðalfundur Faxaflóahafna lækkaði laun stjórnarmanna.

Laun borgarstjóra höfðu þar til í fyrra fylgt launum forsætisráðherra og laun borgarstjórnarfulltrúa tóku mið af þingfararkaupi. Í kjölfar hækkunar kjararáðs á kjörum þingmanna ákvað borgarstjórn að hverfa frá því fyrirkomulagi og miða þess í stað við launavísitölu. Upphaf viðmiðunartímabilsins var ákveðið mars 2013 og skulu launin uppfærð í janúar og júlí ár hvert. Borgarstjóri sjálfur beindi til launadeildar borgarinnar að lækka laun sín en þrátt fyrir það eru kjör hans nánast þau sömu og forsætisráðherra.



Grunnlaun borgarfulltrúa eru 699 þúsund en stór hluti þeirra er vel yfir milljón krónum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Frá síðustu áramótum nema grunnlaun borgarfulltrúa 699 þúsund krónum á mánuði. Þá fá borgarfulltrúar greiddan starfskostnað, rúmar 50 þúsund krónur, hvern mánuð. Sú upphæð er hugsuð til að mæta öllum persónulegum starfskostnaði svo sem áskriftum að blöðum og tímaritum og ferðum innan höfuðborgarsvæðisins. Þá skaffar borgin fulltrúum skrifstofu, tölvu, skrifstofubúnað, leggur borgarfulltrúa til farsíma og greiðir af honum.

Fyrsti varaborgarfulltrúi hvers flokks fær fastar greiðslur sem nema 70 prósentum af grunnlaunum borgarfulltrúa og þá fá þeir greiddan starfskostnað í sama hlutfalli.

Líkt og áður segir eru grunnlaun borgarfulltrúa 699 þúsund en auðvelt er að hækka þá upphæð umtalsvert með setum í hinum ýmsu nefndum og ráðum borgarinnar. Þannig fær formaður borgarráðs greitt 40 prósenta álag á laun sín. Formenn fagráðs eða borgarstjórnarflokks fá 25 prósenta álag og hið sama gildir um borgarráðsmenn og þá sem sitja í þremur eða fleiri fastanefndum.

Þá er einnig mögulegt að laun lækki ef fulltrúi á ekki sæti í neinni nefnd. Það gildir til að mynda um Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur en grunnlaun hennar eru 350 þúsund krónur. **joli@frettabladid.is**

## Kjör nokkurra fulltrúa

- Dagur B. Eggertsson 2.013.950 kr.
- Líf Magneudóttir 1.274.037 kr.
- Sigurður Björn Blöndal 1.204.119 kr.
- Guðfinna J. Guðmundsdóttir 1.099.241 kr.
- Halldór Auðar Svansson 1.099.241 kr.
- Halldór Halldórsson 1.099.241 kr.
- Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir 400.057 kr.

** í samantektinni hefur verið tekið tillit til álagsgreiðslna og starfskostnaðar*

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## MEST LESIÐ

1 Grunur um að Íslendingur hafi fallið í átökum í Sýrlandi

2 Missti tökin eftir Biggest loser og fór í hjáveituaðgerð

3 Pathfinder í pressuna: „Ófyrirgefanlegt með öllu“

4 Þverrandi traust í garð þjóðkirkjunnar

## Rússar kannast ekki við tilræði

**RÚSSLAND** Yfirvöld í Rússlandi hafa enga vitneskju um hvað olli því að Sergei Skripal, Rússi sem var sakfelldur fyrir að njósna um samlanda sína árið 2006, veiktist skyndilega í Salisbury á sunnudag. Þetta sagði Dmitry Peskov, talsmaður rússnesku ríkisstjórnarinnar, í gær.

„Við vitum af þessu hörmulega ástandi en búum ekki yfir vitneskju um hvað leiddi til þess eða í hvað hann var flæktur,“ sagði Peskov.

Skripal fannst meðvitundarlaus ásamt konu á sunnudag. Lögreglan sagði að engir áverkar væru á þeim en þau fengju nú meðferð við eitrun af völdum óþekkts efnis. **– þea**



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16


Nýr Tiguan Allspace.
Fyrir hann, hana, hann,
hann, hana, hana og það.
Öll í einu.
Nýr sjö manna Volkswagen Tiguan Allspace.
Þegar þú sest inn í Tiguan Allspace opnast þér nýr heimur tækni og þæginda. Plássið er rúmt en heldur þétt utan um þig og möguleikarnir í upplýsinga- og afþreyingarkerfinu eru óþrjótandi. Tiguan Allspace er útbúinn ríkulegum staðalbúnaði og með 4Motion fjórhjóladrifinu fer hann létt með hvaða aðstæður sem er á vegum úti. Svo fæst hann bæði fimm og sjö manna. Komdu í reynsluakstur og finndu hvernig Tiguan Allspace breytir sýn þinni á heiminn. Hlökkum til að sjá þig!
Fjórhjóladrifinn Tiguan Allspace
Verð frá:
5.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



Meirihluti Reykvíkinga vill hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýri.

## Þjóðin fái að segja hug sinn um flugvöllinn

**SAMGÖNGUR** „Ef þjóðin myndi fá að taka þátt í slíkri atkvæðagreiðslu þá væri hún allavega að gefa sitt álit í þessum málum og þá myndi maður halda að það myndi hafa áhrif á þingið,“ segir Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins fyrir Norðausturkjördæmi.

Undir störfum þingsins í gær boðaði Njáll Trausti að á næstum dögum myndi hann leggja fyrir tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.



Njáll Trausti Friðbertsson.

Hann vill að spurningin verði eftirfarandi: Vilt þú að flugvöllur og miðstöð innanlandsflugs, kennslu- og sjúkraflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns annar jafngóður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar?

Í máli sínu á þinginu vakti Njáll Trausti athygli á nýrri könnun Fréttablaðsins og frettabladid.is á meðal Reykvíkinga sem sýnir að 59 prósent sem afstöðu taka vilja hafa flugvöll áfram í Vatnsmýrinni, en 30 prósent vilja að hann fari.

Njáll Trausti segir að mál er varða Reykjavíkurflugvöll hafi verið í mjög slæmum farvegi undanfarið. „Ég er bara að setja fram kröfu um að gefa þjóðinni kost á að kjósa um þetta og að hún eigi þannig möguleika á að segja hug sinn í málinu.“ Algengt er að þingmannamál þurfi að víkja fyrir stjórnarmálum á Alþingi og hljóti því ekki afgreiðslu.

Njáll Trausti segist þó bjartsýnn á að þetta mál geti farið alla leið í þinginu.

„Er maður ekki alltaf bjartsýnn? Þetta er mál af þeirri stærðargráðu að það hafa mjög margir áhuga á að sjá framvindu í þessu,“ segir hann að lokum. **jonhakon@frettabladid.is**

# Sagður hafa barist við ISIS

Utanríkisráðuneytið rannsakar hvort Íslendingur hafi farist í loftárásum Tyrkja á Afrin í Sýrlandi. Erlendir miðlar segja manninn hafa barist fyrir alþjóðahersveitir kommúnista og anarkista, hliðhollar Kúrdum. Hann hafi meðal annars barist við ISIS í Rakka. „Hann var sönn hetja,“ segir talsmaður hersveita IFB í yfirlýsingu.




Mynd sem IFB deildi af Hauki í gær. MYND/IFB

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneytið reyndi í gær að fá staðfest hvort fréttir af því að Haukur Hilmarsson aktívisti hefði farist í loftárásum Tyrkja á Kúrda í Afrin-héraði í Sýrlandi. Ýmsir tyrkneskir miðlar, sem og miðlar á bandi Kúrda, hafa sagt frá málinu. Þá hafa samherjar Hauks jafnframt birt tilkynningar um andlát hans.

Tyrkir hafa undanfarnar vikur þjarmað að hersveitum Kúrda (YPG) í Afrin en þeir telja YPG hernaðararm hins útlæga Verkamannaflokks Kúrda (PKK). Bæði Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið líta á PKK sem hryðjuverkasamtök en hafa ekki fullyrt, líkt og Tyrkir, að YPG séu bandamenn þeirra.

Liveuamap vaktar stríðið í Sýrlandi á gagnvirku korti. Vefsíðan staðsetti fráfall Hauks skammt frá bænum Raju. Sé spólað aftur í tímann er loftárás Tyrkja, sem Sýrlendingurinn Hassan Ridha greindi frá á samfélagsmiðlum, einnig staðsett á sama bletti á kortinu þann 24. febrúar.

Sú staðsetning er hins vegar ekki sú sama og miðillinn Etha, sem er á bandi YPG, greindi frá. Þar sagði að Haukur hefði farist í „áköfum sprengjuárásum fasistanna í Tyrklandsher“ á bæinn Badinli. Miðillinn ANF hefur sömuleiðis sagt frá loftárásum á Badinli en bærinn er skammt frá Rajo. Etha greindi jafnframt frá því að Haukur hafi gengið til liðs við Kúrda í júlí 2017 í gegnum grísku anarkistasamtökin RUIS.

Alþjóðahersveitirnar International Freedom Batallion, IFB, sögðu í yfirlýsingu í gær að Haukur hefði brugðist við kalli YPG og IFB og gengið til liðs við IFB í júlí 2017. Um er að ræða útlendingahersveitir og stendur IFB saman af marxistum, maóistum, hoxhaistum og anarkistum. Segir í yfirlýsingunni að þegar Haukur hafi komið til Sýrlands hafi hann fljótlega komist til metorða á meðal Kúrda fyrir þátttöku sína í orrustunni um Rakka, sem þá var höfuðvígi Íslamska ríkisins.

„Hann var vinsæll og naut trausts allra félaga sinna. Eftir að sigur vannst á ISIS sneri hann til baka og tókst á við fasistana í Tyrklandsher og öfgahreyfingarnar sem eru í slagtogi við Tyrki. Í þeim orrustum dó hann píslarvættisdauða. Við það varð hann ódauðlegur. Við munum aldrei gleyma nafni hans og munum aldrei hætta baráttunni,“ segir í yfirlýsingu IFB.

Í svari IFB við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að hann hafi dáið fyrir málstaðinn. Bæði fyrir frjálsu ríki Kúrda [Rojava] og fyrir anarkisma. Hann hafi verið liðþjálfi og málsvari annarra hermanna IFB.

Árið 2011 fékk Haukur dóm fyrir að hafa klifrað yfir girðingu og farið inn á flugvallarsvæðið við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þá fékk hann dóm 2008 fyrir að óhlýðnast lögreglu er hópurinn Saving Iceland mótmælti við Hellisheiðarvirkjun. Haukur var sakfelldur 2006 fyrir að hafa ruðst inn á vinnusvæði Bectels í Reyðarfirði, njörvað sig fastan eftir að hafa klifrað upp í kranabómur og fyrir að hafa ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu.

Haukur vakti mikla athygli árið 2008 þegar hann dró Bónusfána að húni á þaki Alþingis í mótmælum. Í umfjöllun Stundarinnar segir að hann hafi barist fyrir réttindum hælisleitenda á Íslandi.

**thorgnyr@frettabladid.is**

### Sagður hafa fallið í Sýrlandi




### Svar IFB við fyrirspurn Fréttablaðsins

Sem Íslendingar ættuð þið að vera afar stolt af Hauki. Hann var sönn hetja. IFB samanstendur af sósíalistum, kommúnistum og anarkistum. Hann valdi sérstaklega að ganga til liðs við IFB vegna þess að hér eru anarkistar. Hann dó fyrir Rojava [ríkið sem Kúrdar berjast fyrir að verði sjálfstætt] og fyrir trú sína sömuleiðis.

Hann reyndi tvisvar að koma til Rojava. Þegar það tókst varð hann liðþjálfi í orrustunni um Rakka. Hann hafði forráð yfir tíu félögum. Það er afar merkilegt fyrir svo nýjan hermann og mann sem var nýfarinn að tala kúrdísku. Hann var líka fulltrúi annarra alþjóðlegra hermanna þegar kom að því að taka ákvarðanir fyrir IFB. Hann talaði meðal annars máli fólks frá Spáni, Frakklandi, Bandaríkjunum og Englandi. Hann naut virðingar félaga sinna. Við getum ekki sagt á þessari stundu hvar hann fórst. Upplýsingar berast okkur mishratt enda eru harðar orrustur hér. Ýmsir aðrir eru særðir líka. Um leið og við fáum upplýsingar munum við greina frá þeim.




Nicorette® Cooldrops munnsogstöflur (innihalda nikótín) eru notaðar við tóbaksfíkn. Þær draga úr fráhvarfseinkennum vegna nikótíns og reykingaþörf hjá reykingafólki 18 ára og eldra. Munnsogstafla er látin leysast upp í munni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

IS/NIC/L/K -2018-02-2




NISSAN
Innovation that excites

# NISSAN SPORTJEPPAR

## TILBÚNIR Í FERÐALAG MEÐ ÞÉR




ENNEMM / SIA / NM87048

## NISSAN QASHQAI

Verð frá: **3.550.000 kr.**

**Staðalbúnaður í Qashqai m.a.:**

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Nissan Connect 7" snertiskjár
- LED dagljósabúnaður
- Tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Þokuljós að framan
- Bakkmyndavél
- D-laga leðurstýri með aðgerðahnöppum
- Skyggðar rúður að aftan
- Stopp/start búnaður
- 17" álfelgur
- Hraðastillir
- Regnskynjari á framrúðu
- Hiti í framrúðu

## NISSAN X-TRAIL

Verð frá: **4.790.000 kr.**

**Staðalbúnaður í X-Trail m.a.:**

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Hljómkerfi með 6 hátölurum
- 17" álfelgur
- 7" snertiskjár
- Regnskynjari
- Þokuljós að framan
- Skyggðar rúður að aftan
- D-laga leðurstýri með aðgerðarhnöppum
- Tveggja svæða tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- Neyðarhemlun
- Akreinavari
- Skynjar umferðaskilti og birtir á upplýsingaskjá
- Armpúði á milli sæta

Nánari upplýsingar á **nissan.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Vantrausti ekki lýst á ráðherra í 100 ár

**Tillaga um vantraust á dómsmálaráðherra var felld á Alþingi í gær. Skýr munur er á tillögum um vantraust á ríkisstjórn og vantraust á ráðherra. Ráðherrar segja af sér frekar en þola vantraust.**

**STJÓRNMÁL** Tveir þingmenn stjórnarmeirihlutans, þau Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Andrés Ingi Jónsson, studdu tillögu Samfylkingar og Pírata um vantraust á dómsmálaráðherra í atkvæðagreiðslu á Alþingi í gær. Tillagan var felld með 33 atkvæðum gegn 29. Bergþór Ólason, Miðflokknum, greiddi ekki atkvæði. Allir aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar greiddu vantraustinu atkvæði sitt.

Þingmenn VG, aðrir en Rósa Björk og Andrés, vörðust vantrauststillögunni eins og um vantraust á ríkisstjórnina væri að ræða. Gagnrýndu þingmenn stjórnarandstöðunnar þann málflutning harðlega.

**Vantraust á ráðherra sjaldgæft**

Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands er forsætisráðherra skylt að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt hafi vantraust verið samþykkt á ríkisstjórn hans. Hið sama gildir ef vantrausti er lýst á forsætisráðherra sjálfan. Ef hins vegar vantrausti er lýst á einstaka ráðherra er forsætisráðherra skylt að gera tillögu til forseta um að viðkomandi ráðherra verði leystur frá embætti. Því er ljóst að ríkisstjórn getur setið áfram enda þótt vantrausti sé lýst á einstaka ráðherra hennar, nema ef um forsætisráðherra sjálfan er að ræða.

Mun algengara er að vantrausti sé lýst á ríkisstjórn í heild en einstaka ráðherra. Aðeins einu sinni áður frá lýðveldisstofnun hefur tillaga um vantraust á einstaka ráðherra verið lögð fram; árið 1954, gegn menntamálaráðherra Bjarna Benediktssyni.

Almennt er litið svo á að vantraust á ríkisstjórn feli í sér yfirlýsingu um óánægju með stefnu ríkisstjórnarinnar almennt eða í einstaka málum. Vantraust á einstaka ráðherra tengjast hins vegar gjarnan embættisfærslum hans eða vanhæfi af einhverjum toga. Ákvörðun þingmanna um vantraust til ráðherra þarf ekki að byggja á öðru en huglægri afstöðu hans til ráðherrans og vera háð pólitísku mati, sem er alfarið aðskilið hvers kyns lagalegri ábyrgð ráðherra.

**Engin rök þarf fyrir vantrausti**

Um forsendur fyrir vantrausti á ríkisstjórn eða ráðherra gilda hins vegar í raun engar reglur. Í fræðiritinu Þingræði á Íslandi eftir Ragnheiði Kristjánsdóttur o.fl. segir að Alþingi geti „samþykkt vantraust án þess að nokkuð liggi fyrir um óæskilega stjórnarframkvæmd ráðherra, trúnaðarbrest gagnvart þinginu, lögbrot eða annað. Það getur einfaldlega ákveðið að það vilji frekar hafa aðra ráðherra.“

**Ráðherrar segja frekar af sér**

Þótt ekki sé algengt að ráðherrar segi af sér hér á landi í kjölfar hneykslismála, virðast þeir velja að gera það frekar ef vantraust er yfirvofandi og þeir eiga ekki stuðning samflokksmanna vísan. Frá því Ísland fékk heimastjórn árið 1904 hafa sex ráðherrar sagt af sér embætti. Í flestum tilvikum áttu þeir ekki annan kost enda hefðu þeir ella þurft að þola vantraust Alþingis.

**adalheidur@frettabladid.is**

## Vantraust frá 1909

*31 vantrauststillaga á ríkisstjórn*
*8 vantrauststillögur á ráðherra*

**1909** Vantraust á Hannes Hafstein samþykkt.
**1909** Vantraust á Björn Jónsson samþykkt.
**1931** Tryggvi Þórhallsson rauf þing eftir að minnihlutastjórn hans missti stuðning og vantraust var boðað.
**1950** Vantraust samþykkt á ríkisstjórn Ólafs Thors.
**1974** Ólafur Jóhannesson rauf þing árið 1974 til að forða ríkisstjórn sinni frá yfirvofandi vantrausti.



**Smári McCarthy og Þórhildur Sunna skutu fast á dómsmálaráðherra í gær en Katrín Jakobsdóttir greip til varna fyrir ráðherra sinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Afsagnir ráðherra vegna hneykslismála

*Ráðherrar segja frekar af sér en þola yfirlýsingu um vantraust.*

**1923** Magnús Jónsson fjármálaráðherra sagði af sér í kjölfar ásakana um spillingu.
**1932** Magnús Guðmundsson dómsmálaráðherra sagði af sér vegna fangelsisdóms fyrir skilasvik (sýknaður í Hæstarétti nokkru síðar og tók þá við á ný).
**1987** Albert Guðmundsson fjármálaráðherra sagði af sér – vegna ávirðinga um skattalagabrot.
**1994** Guðmundur Árni Stefánsson, félags- og tryggingamálaráðherra vegna gagnrýni í skýrslu Ríkisendurskoðunar um embættisfærslur hans.
**2008** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra vegna gagnrýni á aðgerðaleysi í aðdraganda efnahagshrunsins.
**2014** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra eftir að aðstoðarmaður hennar var sakfelldur fyrir að hafa lekið trúnaðarupplýsingum úr ráðuneyti hennar.




# GLÆNÝTT & NÝLEGT




VILDARVERÐ:
2.399.-
Verð:
2.999.-

Konan sem át fíl og grenntist (samt)




VILDARVERÐ:
3.999.-
Verð:
4.999.-

Innirækt matjurta




Þyrluránið
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




Konan í glugganum
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




Átta fjöll
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




Það sem býr að baki
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 11. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Þjóðernishreinsanir á Róhingjum í Mjanmar sagðar halda áfram

**MJANMAR** „Þjóðernishreinsanir á Róhingjum í Mjanmar halda áfram,“ sagði Andrew Gilmour, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna á sviði mannréttinda, í gær. Sagði hann mjanmarska herinn halda áfram að hrella þjóðflokkinn. Herinn væri til að mynda að svelta Róhingja.

Undanfarið hálft ár hafa Róhingjar verið beittir ofbeldi í Rakhine-héraði Mjanmar og hefur mannréttindastjóri SÞ meðal annars notað hugtökin þjóðernishreinsanir og þjóðarmorð um aðgerðir hersins.



**Mjanmarskir hermenn við landamærin við Bangladess.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Um 700.000 Róhingjar hafa flúið til Mjanmar. Herinn hefur hins vegar alla tíð haldið því fram að barist sé við skæruliða úr þjóðflokknum, sjónum sé ekki og hafi aldrei verið beint að almennum borgurum.

„Ég held að það sé ekki hægt að draga neina aðra ályktun af því sem ég hef séð og heyrt í Cox Bazar,“ sagði Gilmour enn fremur og vísaði þar til flóttamannabúða í Bangladess. Þar hafa Róhingjar sagt frá fjöldamorðum, íkveikjum og nauðgunum sem þeir hafa orðið fyrir. Gilmour sagði enn fremur að eðli ofsóknanna væri breytt. Ekki væri lengur um hrottaleg morð og fjöldanauðganir að ræða. Frekar væri einblínt á að valda ótta og vísvitandi svelta Róhingja.

Yfirvöld í Bangladess og Mjanmar hafa rætt saman um að Róhingjarnir verði sendir aftur heim. Gilmour sagði hins vegar óhugsandi að það yrði öruggt. „Ríkisstjórn Mjanmar segir alþjóðasamfélaginu að ríkið sé tilbúið að taka aftur á móti flóttamönnunum en á sama tíma halda hermenn hennar áfram að hrekja fleiri Róhingja til Bangladess.“ – þea


ÖBÍ

# Stóra bílastæðamálið

## Málþing Öryrkjabandalags Íslands um aðgengi að bílastæðum fyrir hreyfihamlaða.

Grand Hótel, Gullteigur, mánudaginn 12. mars, kl. 13.00 - 16.00.

Fyrir hreyfihamlað fólk er bíllinn eitt mikilvægasta hjálpartækið og forsenda fyrir því að geta farið milli staða. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða þurfa að uppfylla sérstök ákvæði til að vera nothæf, svo sem um nálægð við áfangastað, lágmarksstærðir og hámarkshalla. Um þau verða að gilda skýrar reglur, en almenn tillitssemi er líka nauðsynleg. Hver er staðan og hvert er stefnt? Málefnahópur Öryrkjabandalagsins um aðgengi stendur fyrir málþinginu í tengslum við alþjóðlegan dag aðgengis.

DAGSKRÁ

13.00 **Málþingið sett**
Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands

13.10 **Aðgengisviðurkenning Reykjavíkurborgar afhent**
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

13.30 **Nýtt merki, ný ásýnd - samtal um táknmyndir hreyfihamlaðra**
Rúnar Björn Herrera, formaður málefnahóps ÖBÍ um sjálfstætt líf
Goddur, prófessor við Listaháskóla Íslands

14.00 **Takmörkuð auðlind - réttindi, skyldur og tillitssemi notenda**
Ingveldur Jónsdóttir, formaður málefnahóps ÖBÍ um aðgengi

14.20 **Kaffihlé**

14.40 **Aðgengishandbók – kröfur og leiðbeiningar um bílastæði**
Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir og Berglind Hallgrímsdóttir, Verkís

15.00 **Viðmið fyrir útgáfu stæðiskorta**
Anna Björg Aradóttir, Embætti landlæknis

15.20 **Reglur fjöleignahúsa um bílastæði hreyfihamlaðra**
Bryndís Héðinsdóttir, lögmaður Húseigendafélagsins

15.40 **Rafbílar – líka fyrir hreyfihamlað fólk?**
Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar lsh.

16.00 **Samantekt og fundarlok**
Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður Öryrkjabandalags Íslands

**Fundarstjóri:** Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar lsh.

Allir velkomnir. Aðgangur er ókeypis.
Rit- og táknmálstúlkun er í boði.

**Nánari upplýsingar og skráning á vef ÖBÍ, obi.is.**

ENNEMM / SÍA / NM87056




**Kim einræðisherra tók vel á móti sendinefndinni.** NORDICPHOTOS/AFP

# Breytt staða á Kóreuskaga

## Forseti Suður-Kóreu og einræðisherra Norður-Kóreu, Kim Jong-un, munu eiga sinn fyrsta fund í apríl. Beinni línu á milli leiðtoganna verður komið á.

**SUÐUR-KÓREA** Svo virðist sem fundur suðurkóreskrar sendinefndar með Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, í vikunni hafi borið árangur. Við heimkomuna í gær greindu erindrekarnir frá því að Kim væri opinn fyrir því að losa sig við kjarnorkuvopn sín og hætta vinnu við kjarnorkuáætlunina. Jafnframt var ákveðið að Kim fundi með Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, á landamærum ríkjanna í apríl.

Samskipti ríkjanna hafa batnað mikið undanfarna mánuði. Hefur neyðarlína verið opnuð á ný á milli ríkjanna, norðrið sendi keppnislið á Vetrarólympíuleikana í Pyeongchang og tveir fundir hafa verið haldnir. Fundur aprílmánaðar verður sá þriðji og sá fyrsti þar sem Moon og Kim hittast. Samkvæmt suðurkóreska miðlinum Yonhap kemur tilkynningin um leiðtogafundinn á óvart.

„Norðrið og suðrið hafa ákveðið að opna beina línu á milli leiðtoga ríkjanna til þess að auðvelda bein samskipti og draga úr togstreitu á Kóreuskaga. Þá hefur einnig verið ákveðið að þeir muni eiga sitt fyrsta símtal og munu þeir tala saman fyrir fundinn í apríl,“ sagði Chung Eui-yong erindreki á blaðamannafundi í gær.

Chung sagði jafnframt frá afstöðu Kim gagnvart því að afvopnast. „Norðrið sagði á afgerandi hátt að það væri fylgjandi afvopnun á Kóreuskaga. Sagði ríkisstjórnin að hún sæi enga ástæðu til þess að búa yfir kjarnorkuvopnum ef öryggi stjórnarinnar yrði tryggt og hernaðarógnir sem steðjuðu að Norður-Kóreu fjarlægðar,“ sagði Chung enn fremur.

Að sögn erindrekans tjáði einræðisstjórnin einnig einlægan vilja sinn til að halda hreinskilnislegar viðræður við fulltrúa Bandaríkjanna um hvernig væri hægt að standa að afvopnun á Kóreuskaga sem og um hvernig væri hægt að færa samskipti Norður-Kóreu og Bandaríkjanna aftur í eðlilegt horf.

„Kim formaður sagði sjálfur að afvopnun mætti ræða við Bandaríkin. Það sem við þurfum að veita sérstaka athygli er það að hann sagði skýrt að fyrirmæli um afvopnun Kóreuskaga hefðu komið frá fyrirrennara hans og að slíkum fyrirmælum mætti ekki breyta eða hundsa,“ sagði Chung. Fyrirrennarinn var Kim Jong-il, faðir Kim Jong-un, sem lést árið 2011.

Í frétt norðurkóreska ríkissjónvarpsins, KCNA, segir að Kim hafi boðið sendinefndinni til kvöldverðar í Pjongjang. Þar hafi einræðisherrann og eiginkona hans, Ri Sol Ju, tekið vel á móti sendinefndinni og rætt hafi verið um að leysa úr togstreitunni á Kóreuskaga. Opnað hafi verið fyrir frekari samskipti og samstarf.

KCNA greindi aukinheldur frá því að það væri einlægur vilji einræðisherrans að styrkja samband ríkjanna tveggja og sækjast eftir sameiningu með tíð og tíma. „Eftir að hafa heyrt af vilja Moon forseta um leiðtogafund skiptust Kim og sendinefndin á skoðunum og komust að góðri niðurstöðu,“ sagði í frétt KCNA.

thorgnyr@frettabladid.is



**Lögreglumaður á Srí Lanka. Mynd tengist fréttinni ekki beint.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Neyðarástand á Srí Lanka vegna átaka trúarhópa

**SRÍ LANKA** Yfirvöld á Srí Lanka lýstu í gær yfir tíu daga neyðarástandi þar í landi í von um að hægt verði að stöðva átök sem geisað hafa á milli búddista og múslima, sem eru í minnihluta í landinu, undanfarið. Mikil togstreita hefur verið á milli hópanna undanfarið ár.

Búddistar hafa á síðustu mánuðum sakað múslima þar í landi um að snúa fólki til íslamstrúar gegn vilja sínum. Aukinheldur hafa þeir sagt múslima skemma fornminjar sem tengjast búddisma. Þá hafa öfgabúddistar jafnframt mótmælt því harðlega að flóttamenn af þjóðflokki Róhingja, sem eru múslimar á flótta úr Mjanmar þar sem meirihluti íbúa er búddistar, hreiðri um sig á Srí Lanka.

Átökin sem um ræðir hófust fyrir alvöru á sunnudag í Kandy-héraði eftir jarðarför vörubílstjóra sem lést eftir slagsmál við fjóra múslima. Óljóst er hvers vegna mennirnir flugust á en eftir jarðarförina réðust öfgabúddistar á verslanir í eigu múslima. Lík eins múslima fannst í húsi sem brunnið hafði til grunna í gær og telur lögregla að um íkveikju sé að ræða. – þea






# Minister



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

„Hvað varðar traust mitt til hæstvirts dómsmálaráðherra þá ber ég fullt traust til allra ráðherra í þessari ríkisstjórn.“ Þetta var svar Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra við fyrirspurn Helgu Völu Helgadóttur, þingkonu Samfylkingarinnar, um traust til Sigríðar Andersen dómsmálaráðherra. Svarið er eins skýrt og vænta má í stjórnmálum og felur í sér skilaboð um að í þessari ríkisstjórn eru allir fyrir einn. Án Sigríðar, engin ríkisstjórn.

Þingflokkar Pírata og Samfylkingar lögðu í gær fram vantrauststillögu á Sigríði vegna Landsréttarmálsins sem of langt mál væri að tíunda hér. Það sem upp úr stendur er að Hæstiréttur dæmdi Sigríði fyrir að fylgja ekki stjórnsýslulögum og að talsverð óvissa ríkir nú um hið nýja dómsstig. Réttaróvissa sem á eftir að kosta kjósendur fjármuni og hefur skapað vantraust á störf ráðherrans innan dómskerfisins og hjá þjóðinni.

Það er löngu ljóst að Sigríður telur að hún hafi ekki gert neitt rangt og að það sé best að hún sitji sem fastast og ráði ríkjum í dómsmálaráðuneytinu. Sú skoðun ríflega 70% þjóðarinnar að það fari best á að hún víki breytir þar engu um. Hvað þá að dómur Hæstaréttar og niðurstaða Umboðsmanns Alþingis hafi hrakið meira og minna öll haldreipi dómsmálaráðherra í málinu.

Af því tilefni er ekki úr vegi að minna Sigríði á orð Katrínar í stefnuræðu forsætisráðherra í desember síðastliðnum: „Við megum aldrei gleyma því að orðið minister þýðir þjónn á latínu en ekki herra eins og innlend hefð er fyrir að láta okkur sem skipum ríkisstjórn heita.“ Það eru ekki liðnir þrír mánuðir en annaðhvort eru orðin gleymd mælandanum eða hlutverk þjónsins einfaldlega óljóst í huga meirihlutans.

Í umræðu gærdagsins hafði Katrín á orði að réttaróvissunni yrði ekki eytt þótt Sigríður viki úr embætti og það er eflaust rétt. Skaðinn er skeður. En það breytir því ekki að rangt var að málum staðið að mati Hæstaréttar og það að taka ábyrgð með því að víkja getur verið ómetanlegur hluti af þeirri vegferð að endurheimta traust og virðingu þjóðarinnar á valdamestu þjónum hennar.

> **Vantrauststillagan snerist ekki síst um að minna á þjónustuhlutverk ráðherra og þá staðreynd að það þarf að ríkja viðunandi sátt um hver fer með ráðherravald og hvernig.**

Vantrauststillagan snerist ekki síst um að minna á þjónustuhlutverk ráðherra og þá staðreynd að það þarf að ríkja viðunandi sátt um hver fer með ráðherravald og hvernig. Slík sátt er forsenda þess að íslensk stjórnmál öðlist traust almennings en til þess þarf þingheimur allur að leggjast á árarnar eða eins og Katrín hafði á orði í áðurnefndri stefnuræðu: „En traust á stjórnmálum og Alþingi getur aldrei einungis verið á ábyrgð meirihlutans – það þekkjum við sem hvað lengstum tíma höfum eytt í stjórnarandstöðu á Alþingi – það er verkefni okkar allra, allra þingmanna á Alþingi Íslendinga.“

Þrátt fyrir þessi orð Katrínar frá því í desember voru það ekki allir á Alþingi heldur meirihlutinn sem lét traustið lönd og leið í gær. Meirihlutinn valdi að þjóna einstaklingi, flokkslínum, sérhagsmunum og sjálfum sér. Þar við situr að öll orð um traust eru orðin ein.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Mottó NATO**
**Hér í eina tíð voru þingmenn og stuðningsmenn Vinstri grænna fremstir í flokki í andstöðu við NATO og þegar flokkurinn er í stjórnarandstöðu er hann lítt hrifinn af samtökunum. Eftir tæpa þrjá mánuði í slagtogi við Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkinn virðist hins vegar sem flokksmenn heimfæri 5. grein Norður-Atlantshafssamningsins á ríkisstjórnarsamstarfið. Sú virtist í það minnsta vera raunin í atkvæðagreiðslu um vantraust á dómsmálaráðherra í gær þegar níu af ellefu þingmönnum flokksins studdu vantraustið, túlkuðu árás á einn stjórnarflokk sem árás á alla. Spennandi verður að sjá hvort sáttmálinn móti áfram afstöðu flokksins á þinginu.**

**Formstagl**
**Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lét þau ummæli falla í Kastljósi að það væri undarlegt hvað ýmsir þingmenn væru mikið í einhverjum lagaþrætum og formstagli. Margir forðuðust það að ræða efni og innihald. Af þessu mætti álykta að Páll hefði ekki lesið starfslýsinguna þegar hann sóttist eftir oddvitasæti flokks síns í Suðurkjördæmi. Það sést nefnilega úr flugvél að Alþingi er sú stofnun samfélagsins sem fyrst og fremst er búin til utan um lagaþrætur og formstagl.**
**joli@frettabladid.is**

# Veraldarvafstur á Guðs vegum



Árni Gunnarsson
guðfræðinemi

Fréttablaðið greinir frá því þann 3. febrúar sl. að lítið gangi að fá gögn og upplýsingar um nokkrar ákvarðanir kirkjuráðs.

Er hér um að ræða ákvarðanir er fjalla um viðskipti með lóðir í landi Heydala, um kaup á landspildu á Valþjófsdal og dómsmál varðandi Kálfafellsstað.

Einnig er sagt frá vafstri með veiðirétt í Affallinu og Miðfjarðará svo ekki sé minnst á mygluvandamál í fasteignum á Reykhólum.

Áður höfum við heyrt um ágreining um sölu mikillar fasteignar við Laugaveg í Reykjavík þar sem biskupsembættið hefur sitt aðsetur og umræðu um stórt og mikið einbýlishús sem biskup hefur til umráða. Öll er þessi umræða óheppileg fyrir æðsta embætti þjóðkirkjunnar, sem samkvæmt hlutarins eðli á fyrst og fremst að sinna leiðtogahlutverki í boðun kristni á Íslandi og vera öðrum fyrirmynd.

Við þekkjum söguna þegar Jesús sópaði borðum víxlaranna út úr musterinu í Jerúsalem. Hvað myndi hann gera hér og nú?

> **Biskupsembættið setur niður þegar það þvælist inn í vafstur um viðskipti með eignir og verðmæti sem aðrir eiga að sjá um.**

Biskupsembættið setur niður þegar það þvælist inn í vafstur um viðskipti með eignir og verðmæti sem aðrir eiga að sjá um. Biskup er trúarlegur leiðtogi og á að láta veraldlegum yfirvöldum eftir að sjá um silfrið.

Vakin er athygli á nýju frumvarpi til þjóðkirkjulaga sem birt hefur verið á heimasíðu kirkjuþings. Þar er boðuð ný og áhugaverð sýn á hlutverk og skyldur biskups Íslands og fjárlægður sá kaleikur sem nú er á borði biskups.

Kristin trú er í vörn um þessar mundir, ekki bara hér á landi. Okkur veitir ekki af sterkum trúarleiðtoga sem einbeitir sér að því að hlúa að trúnni og standa vörð um kristin gildi í samfélaginu. Þjóðkirkjan á að stuðla að því að allir kristnir söfnuðir innan og utan núverandi þjóðkirkjuskipulags standi saman að því að varðveita trúararfinn. Þar getur biskup verið fremstur meðal jafningja.

Eignum kirkjunnar á svo að koma fyrir á réttum stað í höndum þeirra sem umboð hafa til að fjalla um þær. Þessar eignir eru þjóðarinnar allrar, tilkomnar að mestu löngu fyrir stofnun núverandi þjóðkirkjustofnunar.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fórnarlambsvæðing



**Guðmundur Andri Thorsson**
alþingismaður

Óttar Guðmundsson geðlæknir hefur stundum skrifað bakþankagreinar um að fólk geri of mikið af því að tala opinberlega um eigin áföll og eigin vandamál; hann hefur talað um „fórnarlambavæðingu“, haldið fram gildi þess að bera harm sinn í hljóði eins og fólk gerði að hans mati í Íslendingasögunum; hann hefur talað um að áföll séu nú einu sinni hluti af lífinu og ekki ástæða til að fjölyrða um þau í viðtölum. Um slík viðtöl skrifaði hann umtalaða grein og notaði um þau hugtakið „aumingi vikunnar“. Nokkru síðan kom Óttar raunar sjálfur fram í viðtali og ræddi um það hversu erfitt það hefði verið sér að „stíga fram“ og gagnrýna þessa umræðu.

Nú bregður svo við að Óttar telur sig hafa fundið verðugt fórnarlamb, og þarf að leita nokkuð langt aftur til þess. Það er Kristmann Guðmundsson sem Óttar segir í Bakþankagrein þann 3.3. að hafi verið lagður í einelti af föður mínum, Thor Vilhjálmssyni, um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar, og hafi Thor viljað með þessu ganga í augun á Kristni E. Andréssyni kommúnistaleiðtoga og stundað „hjarðhegðun“. Þessa speki hefur Óttar úr skáldsögu eftir Sigurjón Magnússon um Kristmann og kærumál hans á hendur Thor. Sjálfur birti faðir minn sína hlið þessara mála í bókinni Faldafeykir, sem ég er viss um að vinir mínir í Bókinni gætu fundið handa Óttari að lesa.

Við mér horfir þetta svona: bókmenntir eru stundum átakasvæði, enda er þar í vissum skilningi tekist á um aðganginn að heilabúi og tilfinningalífi lesenda. Thor sagði skoðun sína umbúðalaust á Kristmanni og talaði þar enga tæpitungu frekar en hann var vanur. Það jafngildir ekki því að leggja mann í einelti. Kristmann fór halloka í samskiptum þeirra – það jafngildir ekki því að vera lagður í einelti. Thor sýndi fram á ritstuld Kristmanns (kunnuglegt) í þessum réttarhöldum, en það gerir Thor ekki að „hjarðdýri“.

Thor var ekki þannig skapi farinn að hann gengi erinda annarra, flokka eða einstaklinga, og fjarri öllu lagi að útmála hann sem hlaupasnata Kristins E. Andréssonar. Hann var ekki einu sinni útgefandi verka Thors á þessum árum þegar Helgafell, undir stjórn Sjálfstæðismannsins Ragnars í Smára, var helsta forlag landsins. Kristinn E. hafði einangrast eftir innrás Rússa í Ungverjaland, afhjúpanir á ógnarverkum Stalíns og ofsóknir á hendur skáldum í Rússlandi á borð við Pasternak. Hann kunni Thor litlar þakkir fyrir bókina Undir gervitungli sem kom út 1959 og fjallaði á háðskan hátt um ferð Thors til Sovétríkjanna og það voru aðrir höfundar sem Kristinn E. hampaði sem vonarstjörnum íslenskra bókmennta á þessum tíma; Jóhannes Helgi og Ingimar Erlendur Sigurðsson. Honum fannst Thor vera í hópi hinna „tómu penna“.

Ég hef frá því ég man eftir mér vanist því að heyra fólk segja hitt og þetta um föður minn. Ég veit að hann var fyrirferðarmikill maður og kippi mér ekki upp við að heyra fólk viðra alls konar skoðanir á honum og verkum hans. En mér leiðist að sjá hann sakaðan um ofbeldi á borð við einelti, því að það var einfaldlega fjarri lundarfari hans að veitast að minni máttar og hvað þá að hann hefði staðið í slíku til að þóknast valdamönnum. Ég held að fólk sem á annað borð hafði kynni af föður mínum – jafnvel sem andstæðingi í menningarátökunum hér í fámenninu og fásinninu – viti hversu fráleitar þessar ásakanir eru. Hann var viðkvæmur maður og geðríkur, „gæddur geði hvers veðurs“ eins og Þorsteinn frá Hamri orðaði það í ljóði um Thor. Hann hafði ýmsa galla en sú mynd sem dregin er upp af honum og framgöngu hans hér er röng að mínu mati og grunnfærnisleg. Eineltisseggur var hann ekki – þýlyndur var hann ekki.

**Fyrir mér horfir þetta svona: bókmenntir eru stundum átakasvæði, enda er þar í vissum skilningi tekist á um aðganginn að heilabúi og tilfinningalífi lesenda. Thor sagði skoðun sína umbúðalaust á Kristmanni og talaði þar enga tæpitungu frekar en hann var vanur. Það jafngildir ekki því að leggja mann í einelti.**

Kristmann varð að vísu fyrir barðinu á orðkynngi Thors, og hafði lítinn sóma af málarekstri sínum þó hann ynni meiðyrðamálið. Hann var hins vegar ekki einstæðingur og smælingi í augum föður míns, heldur fulltrúi og skjólstæðingur ráðandi afla í íslensku menningarlífi. Hann var meðal annars ritdómari Morgunblaðsins og skrifaði þar oft dóma um verk ungra höfunda sem öðru fremur urðu til að afla honum orðspors í þeirra röðum. Um bók Thors, Daga mannsins, tíu árum fyrir þessi viðskipti, skrifaði Kristmann afar neikvæða umsögn þar sem hann talar meðal annars um „sjúklegt svartnætti þunglyndis og tilfinningasemi“ og ráðleggur skáldinu unga að fara í síld eða vegavinnu, jafnvel í heyskap úti í sveit, því hann skorti „heilbrigð viðfangsefni“. Hér hæðist roskinn og virtur höfundur að ungum og óöruggum manni sem er að feta sig inn á höfundabrautina og berjast við að finna sér tilverugrundvöll í umhverfi sem honum finnst sér fjandsamlegt. Svipaðar glósur fékk hann um þessar mundir frá Gunnari Benediktssyni, einum af bókmenntaprelátum kommanna, sem skrifaði í Þjóðviljann að Thor væri „með í blóði sínu dauða heillar stéttar“, en afi Thors var Thor Jensen athafnamaður. Samt myndi ég ekki nota orð eins og „einelti“ hér. Slík orð verða að fá að hafa sína merkingu.

Það eru til raunveruleg fórnarlömb eineltis og gagnstætt Óttari tel ég að það sé alltaf gott og heilbrigt að stíga fram og segja frá slíkri reynslu; að bera harm sinn með hljóðum er betra en að að bera hann í hljóði. Það má ekki gera lítið úr raunverulegum fórnarlömbum með gáleysislegri notkun orðsins, ekki síst þegar um er að ræða geðlækni sem margt fólk heldur að viti hvað hann er að tala um.

# Nú þurfa stjórnvöld að standa sig!



**Þuríður Harpa Sigurðardóttir**
formaður Öryrkjabandalagsins

Undanfarna daga hef ég fylgst með fréttaflutningi vegna hugsanlegrar uppsagnar á rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) við sjúkraþjálfara og sérgreinalækna. Nýtt greiðsluþátttökukerfi sem sjúkraþjálfarar eru hluti af tók gildi 1. maí á síðasta ári. Nú níu mánuðum seinna er svo komið að fjármagn skortir og þá á úrræðið að vera að segja samningnum upp. Heilbrigðisráðherra hefur beðið SÍ að bíða með það þar til velferðarráðuneytið hefur tekið afstöðu „til tillagna um nauðsynlegar aðhaldsaðgerðir, sbr. áform um samdrátt í ríkisútgjöldum“ eins og segir á vef SÍ.

Afsakið, vorum við ekki á annarri leið?

Það verður sorgleg niðurstaða og ekkert annað en óyndisúrræði, verði ákveðið að takmarka möguleika fólks til sjúkraþjálfunar. Það sem gerðist þegar nýtt greiðsluþátttökukerfi tók gildi var að t.d. örorku- og ellilífeyrisþegar höfðu efni á sjúkraþjálfun og endurhæfingu og nýttu sér því þá heilsubót sem loksins var orðin valkostur fyrir marga. Aukningin hefði því ekki átt að koma á óvart.

Viðurkennt er og vitað að sjúkraþjálfun er ódýr í samanburði við það sem gerist ef fólk neitar sér um þetta úrræði. Í ljósi þess ættu stjórnvöld að leggja ofuráherslu á að halda samningum við SÍ – án takmarkana, þar sem öruggt er að það mun skila sér í þjóðhagslegri hagkvæmni. Að ógleymdum þeim jákvæðu áhrifum sem úrræði á borð við þetta hefur á lífsgæði fólks.

**Það að takmarka ódýra þjónustu sem nýtist mörgum verður eingöngu til að búa til vaxandi þörf fyrir enn dýrari úrræði annars staðar í heilbrigðiskerfinu.**

Ég hef verulegar áhyggjur af að stjórnvöld ákveði að takmarka aðgang að sjúkraþjálfun með afar slæmum afleiðingum fyrir þá sem þurfa á þessu að halda en hafa ekki efni á því nema með kostnaðarþátttöku ríkisins.

Þetta er grafalvarlegt mál því ef stjórnvöld ætla örorkulífeyrisþegum með skerta starfsgetu að fara í auknum mæli út í atvinnulífið hlýtur sjúkraþjálfun og endurhæfing að vera partur af því að fólk haldi heilsu til að sinna atvinnu.

Eins og staðan er í dag eru skerðingar vegna atvinnutekna þannig að örorkulífeyrisþegi getur verið í þeirri stöðu að fá ekkert í vasann af laununum heldur renna launin beint til ríkisins í formi skatta og skerðinga. Örorkulífeyrisþeginn á því örugglega ekkert afgangs til að borga sjúkraþjálfun sem hann þó sannarlega þyrfti að nota til að geta haldið líkamlegri heilsu eins og kostur er.

Dæmið er ekki flókið og skora ég á stjórnvöld að vera nú snjöll, marka afgerandi stefnu varðandi heilbrigði þjóðarinnar. Það að takmarka ódýra þjónustu sem nýtist mörgum verður eingöngu til að búa til vaxandi þörf fyrir enn dýrari úrræði annars staðar í heilbrigðiskerfinu.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Gat ekki hafnað þessu tilboði

Eina íslenska atvinnuhnefaleikakonan berst gegn Katarinu Thanderz í Ósló á laugardaginn. Valgerður fær aðeins átta daga til undirbúnings fyrir stærsta bardaga í sögu íslenskra hnefaleika enda meistarabelti í húfi.



Valgerður einbeitt á kunnuglegum slóðum en hún fær stærsta bardaga ferilsins á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HNEFALEIKAR** Valgerður Guðjónsdóttir, atvinnukona í hnefaleikum, mætir Katarinu Thanderz á laugardaginn kemur í Ósló en þetta verður einn stærsti bardagi í sögu hnefaleikaíþróttarinnar á Íslandi. Valgerði bauðst að taka þátt í bardaganum með átta daga fyrirvara eftir að Toussy L'Hadji þurfti að hætta við að berjast gegn Thanderz og kvaðst hún hafa ákveðið að stökkva á tækifærið.

**Stórt skref fram á við**

Valgerður, sem er 32 ára gömul, er tvöfaldur Íslandsmeistari í áhugamannahnefaleikum. Var hún valin hnefaleikakona ársins á Íslandi 2016 og vann fyrsta atvinnumannabardaga sinn í nóvember það ár. Hefur hún unnið alla þrjá bardaga ferilsins til þessa.

Bardagi hennar á laugardaginn er um titilinn „International Title“ í léttvigt en þegar var búið að ákveða að Thanderz myndi berjast um hann við fyrrverandi andstæðing sinn. Fyrir vikið er Valgerður að berjast um meistarabelti aðeins 15 mánuðum eftir fyrsta atvinnumannabardaga sinn.

„Ég er farin að finna fyrir mikilli spennu, þetta er farið að renna upp fyrir manni. Ég tók góða æfingu í dag og þar gekk allt frábærlega þannig að ég einfaldlega get ekki beðið eftir því að fara út,“ sagði Valgerður sem ferðast til Noregs á fimmtudag.

„Þetta er klárlega stærsti bardaginn sem ég hef tekið þátt í og undirbúningurinn hefur gengið vel þó að hann hafi verið skammur. Mér líður eins og ég hefði ekki fengið þetta risastóra tækifæri nema ég væri tilbúin og mér líður þannig,“ segir Valgerður en hlutirnir gerast hratt.

„Ég er örlítið á undan áætlun, ég bjóst ekki við að komast svona langt jafn fljótt og mér finnst ég vera ári á undan áætlun. Ég bjóst við að þurfa að taka tíu bardaga áður en mér byðist titilbardagi.“

**Pressan er á henni**

Valgerði fannst þetta vera tækifæri sem hún gat ekki sleppt, pressan væri á andstæðingi hennar.

„Ég hef reynt að halda undirbúningnum eins og venjulega, þetta er bara bardagi og ég ætla að gera eins vel og ég get. Halda mig við mína áætlun, ég ætla ekki að breyta út af henni,“ sagði Valgerður og bætti við: „Það kom í raun aldrei annað til greina þó að fyrirvarinn væri stuttur. Þetta er það stórt tækifæri að ég sagði bara strax já þegar umboðsmaðurinn minn hringdi. Ég fer inn í þetta án þess að finna fyrir pressu.“ Hún vonaðist til þess að stuttur fyrirvari myndi trufla undirbúning Katarinu.

„Þetta hlýtur að vera pínu stuðandi fyrir hana, sjá einhvern hoppa inn með svona stuttum fyrirvara og jafn reynslulítinn og ég er á blaði. Pressan er á henni því hún er þessi verðandi stórstjarna. Ég hef skoðað bardaga með henni og ég sá atriði sem ég get vonandi nýtt mér.“

**Loksins fylgist maðurinn með**

Þetta verður stærsti bardagi sem íslenskur hnefaleikakappi hefur tekið þátt í. Valgerður fann ekki fyrir aukinni pressu þegar kom að því.

„Ég hef tvisvar barist á stórum bardagakvöldum og það hefur undirbúið mig vel. Ég veit hvernig aðstæðurnar eru og það ætti vonandi að hjálpa mér,“ sagði Valgerður sem fær stuðning ytra en maðurinn hennar og helsti æfingafélagi, Halldór Már Jónsson, verður á staðnum í fyrsta sinn.

„Ég veit af nokkrum sem eru að koma, þar á meðal maðurinn minn sem hefur aldrei komið með áður. Svo fer ég með ágætis teymi með mér, fólk þurfti að breyta dagskránni með skömmum fyrirvara þegar ég ákvað að taka þennan bardaga,“ sagði Valgerður létt að lokum.

kristinnpall@365.is

> Þetta er stærsta tækifæri sem nokkur hnefaleikakappi á Íslandi hefur fengið.
>
> Bubbi Morthens



## Nýjast

**16-liða úrslit Meistaradeildar**

| | | |
|---|---|---|
| PSG | 1-2 (2-5) | Real Madrid |
| Liverpool | 0-0 (5-0) | Porto |



## Lokaleikur Algarve í kvöld

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið leikur síðasta leik sinn á Algarvemótinu í knattspyrnu í kvöld þegar konurnar mæta Danmörku í leik um 9. sæti mótsins. Er þetta í annað skiptið sem Ísland mætir silfurliði Dana frá síðasta EM í Algarve-mótinu en leik lauk með markalausu jafntefli í fyrri leik liðanna á mótinu.

Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska landsliðsins, verður ekki með liðinu í kvöld en hann er fjarverandi vegna skyldumætingar á UEFA Pro þjálfaranámskeið í Danmörku. Ásmundur Haraldsson mun stýra skútunni í fjarveru Freys en leikurinn hefst klukkan 18.30 að íslenskum tíma. – kpt.



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. mars 2018 — 9. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL










# Hverfandi áhrif einkafjárfesta

**Aðeins sextán af þeim áttatíu stjórnarmönnum sem sitja í stjórnum félaga sem skráð eru í Kauphöllina eiga yfir eins prósents hlut í því félagi sem þeir sitja í stjórn hjá. Meirihluti stjórnarmanna á engan hlut í sínum félögum. Minni hlutafjáreign stjórnarmanna helst í hendur við dvínandi áhrif einkafjárfesta.** »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»2

## Borgun og Íslandsbanki deila um bannlista

Ágreiningur um hvort Borgun hafi staðið við yfirlýsingu frá 2016 um greiðslumiðlun. Borgun sendi stjórn Íslandsbanka bréf í síðustu viku. Bjó til lista með yfir 100 aðilum sem Borgun má ekki eiga í viðskiptum við.

»4

## Hækkun íbúðaverðs hér sú mesta innan OECD

Hvergi innan aðildarríkja OECD hækkaði íbúðaverð frá þriðja ársfjórðungi 2016 til þriðja fjórðungs 2017 eins mikið og á Íslandi. Raunhækkunin var 24,9 prósent en 2,9 prósent á evrusvæðinu.

»10

## Brexit skýrist en flækist

„Eftir því sem viðræður hið ytra dragast á langinn eykst mikilvægi vinnu íslenskra stjórnvalda við undirbúning ólíkra sviðsmynda,“ segir í grein Bergþóru Halldórsdóttur, verkefnastjóra Evrópumála hjá SA.




## Stefán Árni gefur ekki kost á sér

Stefán Árni Auðólfsson, sem setið hefur í stjórn Símans frá árinu 2013, mun ekki gefa kost á sér í stjórnina á aðalfundi félagsins sem fram fer fimmtudaginn 15. mars. Tvö stjórnarsæti verða laus fyrir fundinn en Sigríður Hrólfsdóttir, sem gegndi stjórnarformennsku í Símanum, varð bráðkvödd í byrjun árs.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Stefán Árni notið stuðnings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem fer með ríflega 9 prósenta hlut í Símanum.

Auk Stefáns Árna er stjórn Símans skipuð þeim Bertrand B. Kan, Heiðrúnu Jónsdóttur og Birgi S. Bjarnasyni. Stefán Árni, sem er lögmaður hjá LMB lögmönnum, situr einnig í stjórn Haga. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is










# Borgun segist ekki hafa brotið gegn bannlista

**Borgun segir í bréfi til stjórnar Íslandsbanka ámælisvert hafi bankinn komið gögnum til FME sem eigi að sýna að félagið hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar. Ágreiningur um hvort Borgun hafi starfað eftir yfirlýsingu frá 2016. Bankinn bjó til lista með yfir 100 aðilum sem Borgun mátti ekki eiga í viðskiptum við.**

Stjórn Borgunar telur það ámælisvert ef Íslandsbanki kom því á framfæri við Fjármálaeftirlitið (FME) að félagið hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart bankanum um að eiga ekki í viðskiptum við fyrirtæki sem væru á sérstökum bannlista. Samkvæmt heimildum Markaðarins sendi stjórn fyrirtækisins bréf til stjórnar Íslandsbanka í lok síðustu viku þar sem segir að niðurstaða sameiginlegs starfshóps, sem var skipaður í árslok til að kanna hlítni Borgunar við yfirlýsingu sem þáverandi forstjóri undirritaði gagnvart bankanum um greiðslumiðlun í október 2016, hafi leitt í ljós að engin gögn sýni fram á slík brot.

Ekki var þó samstaða um það innan starfshópsins að Borgun hafi starfað í samræmi við yfirlýsinguna. Samkvæmt heimildum Markaðarins var það skoðun fulltrúa Íslandsbanka að Borgun hefði mátt vera það ljóst að félagið hefði miðlað alþjóðlegum greiðslum til aðila sem störfuðu í atvinnugreinum sem væru sérstaklega útsettar fyrir peningaþvætti eftir að yfirlýsingin var undirrituð og þangað til bannlistinn tók gildi innan Borgunar 13. mars 2017. Nær listinn til meira en hundrað aðila sem Íslandsbanki bannaði Borgun að eiga í viðskiptum við. Íslandsbanki á 63,5 prósenta hlut í Borgun en félagið færði alþjóðlega greiðslumiðlun sína frá bankanum í fyrra.

Stjórn Borgunar telur að fyrirtækið hafi verið í góðri trú um að hafa starfað í samræmi við yfirlýsinguna og að það hafi – nema með örfáum undantekningum sem ekki geta talist alvarlegar vanefndir – farið eftir óskum bankans um að miðla ekki greiðslum til aðila sem eru á bannlistanum. Stjórnin gagnrýnir því bankann fyrir að hafa komið gögnum til FME sem hafi orðið til þess að eftirlitið sendi bréf til Borgunar í júní 2017 þar sem eftirlitið sagði gögn sýna að fyrirtækið hefði ekki staðið við þá skuldbindingu sem þáverandi forstjóri, Haukur Oddsson, undirgekkst gagnvart Íslandsbanka í árslok 2016. Taldi FME slíka háttsemi ekki til marks um góða viðskiptahætti og venjur. Þá var Haukur, sem lét af störfum sem forstjóri Borgunar í október, kallaður til yfirheyrslu hjá FME síðastliðið haust vegna meintra brota félagsins á skuldbindingum sínum, samkvæmt heimildum Markaðarins.



Íslandsbanki á 63,5 prósenta hlut í Borgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**350**

**milljónir var hagnaður Borgunar í fyrra og dróst saman um 1.250 milljónir.**

Skömmu áður en bankinn tilkynnti Borgun um bannlistann, eða þann 24. febrúar, hafði FME sent frá sér tilkynningu þar sem fram kom að eftirlitið hefði gert athugasemdir um að Borgun hefði ekki gripið til ráðstafana til að sinna rannsóknarskyldu vegna viðskipta sem grunur léki á að mætti rekja til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka vegna færsluhirðingar.

Aðalfundur Borgunar fer fram 15. mars en Íslandsbanki mun þar skipta út tveimur af þremur óháðum stjórnarmönnum sem hann tilnefnir. Í frétt ViðskiptaMoggans um miðjan síðasta mánuð var sagt frá óánægju vegna þess sem heimildarmenn blaðsins kölluðu „óeðlileg“ afskipti Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, af ráðningarferli nýs forstjóra, Sæmundar Sæmundssonar, í lok síðasta árs. Var þar fullyrt að Birna hefði sett þrýsting á stjórnarmenn um að ráða Katrínu Olgu Jóhannesdóttur, formann Viðskiptaráðs, í starfið. Birna hafnaði því að bankinn hefði ákveðið að skipta út tveimur af þremur stjórnarmönnum sínum vegna ákvörðunar stjórnarinnar um að ráða Sæmund. Þá hafi hún einungis hvatt stjórn Borgunar til að taka viðtöl við kandídata af báðum kynjum.

Sérstakur „óháður kunnáttumaður“, sem starfar á grundvelli sáttar sem Íslandsbanki gerði við Samkeppniseftirlitið árið 2014 vegna eignarhlutar bankans í Borgun, óskaði eftir því við Erlend Magnússon, fráfarandi stjórnarformann, og Sigrúnu Helgu Jóhannsdóttur, fráfarandi stjórnarmann, að þau gerðu grein fyrir öllum samskiptum sínum við Birnu frá því að þau tóku sæti í stjórninni. Hafa þau bæði lokið við að skila slíkri greinargerð frá sér, samkvæmt heimildum Markaðarins. **hordur@frettabladid.is**

## Leggja til að alþjónustan verði boðin út

Kostnaður ríkissjóðs af því að sinna alþjónustu í póstflutningi gæti numið allt að 450 milljónum króna á ári samkvæmt mati Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Sérfræðingar stofnunarinnar telja margt mæla með því að ríkið bjóði þjónustuna út. Hvati til hagræðingar sé lítill þegar ríkið borgar reikninginn.

Fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar, sem gerð var opinber fyrir helgi, að mögulegt tap Íslandspósts af dreifingu og þjónustu A-pósts, sem borinn er út innanlands daginn eftir að hann er lagður í póst, kunni að verða nálægt 125 milljónum króna á ári. Íslandspóstur fer sem kunnugt er með einkarétt á dreifingu bréfa sem eru upp að 50 grömmum að þyngd.

Hinn stóri kostnaðarliðurinn við að sinna grunnþjónustu í póstflutningum er póstdreifing í sveitum. Hagfræðingar stofnunarinnar telja að slík dreifing kosti sennilega ríflega 300 milljónum króna meira á ári en dreifing pósts annars staðar á landsbyggðinni.



Bréfasendingum hefur fækkað verulega á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Að viðbættum kostnaði vegna flutninga fyrir meðal annars blinda gæti alþjónustubyrðin farið í um 450 milljónir króna á ári, að mati hagfræðinganna.

Tekið er fram í skýrslunni að bréfasendingum fækki nokkuð hratt. Eftir því sem þörfin fyrir póstþjónustu minnki verði sú spurning áleitnari hvort hundruðum milljóna króna úr ríkissjóði á ári sé vel varið í slíka þjónustu. Auk þess sé lítil hvöt til þess að hagræða í póstrekstri þegar allur kostnaður er greiddur úr ríkissjóði. Leggur Hagfræðistofnun því til að alþjónustan verði boðin út í áföngum. Póstfyrirtæki gætu þá hagnast á því að finna leiðir til þess að dreifa pósti á hagkvæmari hátt en nú er gert. **– kij**




## Átta af hverjum tíu sem koma í forskoðun geta losnað við gleraugun

### Við erum bæði með reynsluna og þekkinguna

Hjá Sjónlagi starfa átta augnlæknar, þrír sjóntækjafræðingar og fimm hjúkrunarfræðingar ásamt öðru starfsfólki sem veitir faglega ráðgjöf.

Sjónlag býður eingöngu upp á sjónlagsaðgerðir sem eru algjörlega hnífalausar. Hnífalausar aðgerðir þýða skjótari bata en með þeim aðferðum sem beitt hefur verið hér á landi hingað til.

**Sjónlag leggur sig fram um að vera með bestu tækin sem eru í boði hverju sinni.**

### Við erum með algjörlega hnífflausar laseraðgerðir

Lasik tæknin er bylting í aðgerðum við nærsýni, fjarsýni og sjónskekkju.

LASIK-aðgerðin byggir á því að breyta lögun hornhimnunnar svo ljósgeislarnir lendi á réttum stað á sjónhimnunni.

Rúmlega 95% þeirra sem koma í aðgerð losna alveg við gleraugun.

**Síðan 2001 höfum við framkvæmt á annan tug þúsunda laseraðgerða.**

### Við gerum fjölfókus-augasteinaaðgerðir

Fjölfókus gerviaugasteinar eru í vaxandi mæli notaðir til að losa fólk við gleraugu. Með þeim er bæði hægt að sjá bæði nálægt sér og frá sér án gleraugna.

Sjónlag er eina fyrirtækið sem býður upp á þann möguleika að losna við gleraugun með innsetningu á fjölfókus augasteinum.

**Síðan 2008 höfum við séð um tæplega tíu þúsund augasteinskipti.**

## Pantaðu tíma í forskoðun í síma 577 1001 og kynntu þér hvernig við getum gert líf þitt betra

sjónlag

**Sveigjanlegir greiðslumöguleikar**
Vaxtalaus kortalán í allt að 24 mánuði. Einnig bjóðast raðgreiðslur VISA eða MASTERCARD frá 2 mánuðum í allt að 36 mánuði.

**www.sjonlag.is**
**Glæsibær - Álfheimar 74 - 104 Reykjavík - Sími 577 1001**

# Hækkunin hér sú mesta innan OECD

**Hvergi innan aðildarríkja OECD hækkaði íbúðaverð frá þriðja ársfjórðungi 2016 til þriðja fjórðungs 2017 eins mikið og hér á landi. Raunhækkunin á Íslandi var 24,9 prósent en 2,9 prósent á evrusvæðinu. Hagfræðingur segir ljóst að íbúðaverð sé orðið mjög hátt.**



Íbúðaverð hefur hækkað að raunvirði víða um heim undanfarin ár en hækkunin hefur hvergi verið meiri innan OECD-ríkja en hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Raunhækkun íbúðaverðs var hvergi meiri innan aðildarríkja OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, frá þriðja fjórðungi 2016 til þriðja fjórðungs 2017 en hér á landi. Alls hækkaði íbúðaverð hér um 24,9 prósent að raungildi á tímabilinu en næstmesta hækkunin var í Kanada þar sem verðið fór upp um 11,7 prósent.

Raunhækkunin var að meðaltali 3,5 prósent innan OECD-ríkjanna og 2,9 prósent á evrusvæðinu.

Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics, segir í samtali við Markaðinn athyglisvert hvað Ísland sker sig úr í samanburði við önnur OECD-ríki þegar litið er til íbúðaverðshækkana á síðasta ári. Ljóst sé að íbúðaverð sé orðið mjög hátt.

„Maður átti kannski von á að það færi að hægja á hækkununum en þær voru afar miklar í fyrra. Tölur OECD sýna að raunverð íbúðarhúsnæðis hækkaði hvergi meira á öðrum og þriðja fjórðungi síðasta árs en hér á landi.“

Hann bendir auk þess á að frá því að íbúðaverð hér á landi náði lágmarki á fyrsta ársfjórðungi 2010 hafi það hækkað um 64 prósent að raungildi. Það sé meiri hækkun en í öðrum OECD-ríkjum. Næstmesta hækkunin hafi verið í Ísrael þar sem íbúðaverð hafi farið upp um tæp 55 prósent frá fyrsta fjórðungi 2010.

Íbúðaverð hefur farið hækkandi víða um heim á undanförnum árum. Það helgast aðallega af því að vaxtastig hefur víðast hvar verið mjög lágt og þannig auðvelt fyrir fólk að fjármagna íbúðakaup. Auk þess hafa borgir farið stækkandi og spurn eftir íbúðum í þéttbýli stóraukist. Tölur OECD endurspegla þessa þróun.

Sé litið til helstu nágrannalanda Íslands hefur íbúðaverð hækkað að raungildi – frá því á fyrsta fjórðungi 2010 – um 49 prósent í Svíþjóð, 30 prósent í Noregi og 11 prósent í Danmörku, svo fáein dæmi séu tekin. Eins og áður sagði hefur raunhækkunin á sama tíma verið 64 prósent hér á landi.

Aðspurður segir Magnús Árni nokkra áhrifaþætti hafa stuðlað að verðhækkunum síðustu ára. „Það hefur verið mikill og viðvarandi framboðsskortur. Við höfum verið sein að byggja og ekki getað mætt þörfum stórra árganga ungs fólks sem íhugar fasteignakaup. Síðan hefur kaupmáttur vaxið hratt og raunvextir lækkað. Einnig má ekki gleyma stórsókn lífeyrissjóðanna á íbúðalánamarkaðinn sem hefur átt sinn þátt í hækkununum.“

Þrátt fyrir miklar verðhækkanir segist Magnús Árni ekki eiga von á neinu verðfalli á íbúðum. Áfram sé gert ráð fyrir hækkunum enda sé eftirspurnin mikil og framboðstregða einkenni enn markaðinn.

Fram kom í húsnæðisskýrslu Íbúðalánasjóðs, sem birt var í gær, að vísitala ásetts verðs íbúða á höfuðborgarsvæðinu, sem reiknuð er af hagdeild sjóðsins, hefði hækkað um 1,0 prósent í síðasta mánuði eftir að hafa haldist nokkurn veginn óbreytt á seinustu mánuðum síðasta árs. Vísitala íbúðaverðs, sem mælir söluverð íbúða á höfuðborgarsvæðinu, hækkaði einnig um 1,0 prósent í janúar og hefur hún ekki hækkað meira á milli mánaða síðan í maí í fyrra.

Hækkunin var heldur meiri í sveitarfélögum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eða 2,0 prósent í janúarmánuði. Frá því í janúar 2016 hefur ásett verð íbúða á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 31 prósent en um 43 prósent í nágrannasveitarfélögunum. kristinningi@frettabladid.is

### Hækkun íbúðaverðs að raunvirði frá þriðja ársfjórðungi 2016 til þriðja ársfjórðungs 2017

| Ísland | Svíþjóð | Þýskaland | Danmörk |
|---|---|---|---|
| 24,9 prósent | 5,8 prósent | 1,9 prósent | 2,8 prósent |

**Tölur OECD sýna að raunverð íbúðarhúsnæðis hækkaði hvergi meira á öðrum og þriðja fjórðungi síðasta árs en hér á landi.**

Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics







VORFUNDUR LANDSNETS

Þegar horft er fram á veginn má sjá að straumar nýrra tíma liggja í raforkumálum. Erum við tilbúin að takast á við áskoranir framtíðarinnar? Verið velkomin á vorfund Landsnets á Hilton Nordica, miðvikudaginn 14. mars kl. 09:00 – 10:30.

Skráning fer fram á landsnet.is.


Ávarp ráðherra
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
*Ferðamála-, iðnaðar- & nýsköpunarráðherra*


Rafmagn án rifrildis
Sigrún Björk Jakobsdóttir
*Stjórnarformaður Landsnets*


Energy Transition
Where are we heading?
Alicia Carrusco
*Sérfræðingur í orkustefnu og markaðsmálum. Fyrrum forstöðumaður hjá Tesla, EMEA og Siemens*


Nýir tímar
Guðmundur Ingi Ásmundsson
*Forstjóri Landsnets*


Ávarp ráðherra
Guðmundur Ingi Guðbrandsson
*Umhverfis- og auðlindaráðherra*


Fundarstjóri
Steinunn Þorsteinsdóttir
*Upplýsingafulltrúi Landsnets*

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 08:30. Fundurinn verður sendur út í beinni útsendingu á www.landsnet.is. Þar verður einnig hægt að senda fyrirspurnir og athugasemdir með myllumerkinu #nyirtimar

LANDSNET


VOLVO
VOLVO XC60
JEPPI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018
VALINN ÖRUGGASTI BÍLL Í HEIMI
Framtíðin í öryggi
Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann er leiðandi í bílaöryggi auk þess að vera í forystu í umhverfisvænni tækni með 407 hestafla rafmagnaðri T8 vél sem eyðir aðeins 2,1 lítrum af bensíni per 100 km í blönduðum akstri á rafmagni eða bensíni. Fjöðrunarkerfi með loftpúðum (aukabúnaður) og framúrskarandi hljómtæki gerir aksturinn einstaklega ánægjulegan og þægilegan. Skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaefnum ásamt ríkulegum staðalbúnaði gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.
Volvo XC60 AWD var valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og öruggasti bíll í heimi hjá EURO NCAP árekstrarprófunarstofnuninni.
Verð með dísilvél frá 6.790.000 kr.
Verð með T8 tvinnvél frá 7.490.000 kr.
MADE BY SWEDEN
BÍLL ÁRSINS 2018
EURO NCAP
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050
volvocars.is

# Meirihluti stjórnarmanna á engan hlut

**Fimmtungur stjórnarmanna í skráðum félögum á yfir eins prósents hlut í því félagi sem þeir sitja í stjórn hjá. Meirihluti stjórnarmanna á ekkert hlutafé í sínu félagi. Áhrif einkafjárfesta hafa farið dvínandi.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is





Minnkandi hlutafjáreign stjórnarmanna á undanförnum árum hefur haldist í hendur við dvínandi áhrif einkafjárfesta í atvinnulífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aðeins sextán af þeim áttatíu stjórnarmönnum sem sitja í stjórnum félaga sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar eiga yfir eins prósents hlut í því félagi sem þeir sitja í stjórn hjá. Meirihluti stjórnarmanna – alls 45 talsins – á engan hlut í sínum félögum.

Samkvæmt samantekt Markaðarins, sem byggð er á nýbirtum ársreikningum skráðu félaganna, eru einungis sextán stjórnarmenn í samtals tíu skráðum félögum í hópi tuttugu stærstu hluthafa viðkomandi félags. Eiga umræddir stjórnarmenn þannig – í gegnum hlutafjáreign sína – umtalsverðra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í rekstri félaganna.

Stjórnarmenn í Högum eru stjórnarmenn eina skráða félagsins sem eiga ekkert hlutafé í sínu félagi en stjórnarmenn í Origo, Reitum og Símanum eiga jafnframt óverulega hluti í félögunum.

Stjórnarmenn Eimskips og HB Granda eru hins vegar stjórnarmenn þeirra félaga sem eiga hvað mest undir í rekstri félaganna. Þannig er Richard Winston Mark d'Abo, stjórnarformaður Eimskips, einn af eigendum bandaríska fjárfestingarsjóðsins Yucaipa sem á ríflega 25 prósenta kjölfestuhlut í skipafélaginu og þá fara félög sem Kristján Loftsson, stjórnarformaður HB Granda, og Halldór Teitsson stjórnarmaður eru í forsvari fyrir með meira en þriðjungshlut í sjávarútvegsfélaginu.

Minnkandi hlutafjáreign stjórnarmanna og fjölgun óháðra stjórnarmanna á undanförnum hefur haldist í hendur við vaxandi umsvif lífeyrissjóða og dvínandi áhrif einkafjárfesta í íslensku atvinnulífi.

Heiðar Guðjónsson, hagfræðingur og stjórnarformaður Vodafone, en fjárfestingarfélag hans fer með um 6,4 prósenta hlut í fjarskiptafélaginu, segir tvennt geta útskýrt minnkandi umsvif einkafjárfesta. „Annars vegar hurfu einkafjárfestar af hluthafalistum félaga eftir hrunið fyrir tíu árum og hins vegar tekur lífeyriskerfið til sín óvenju stóran hlut, eða 15,5 prósent, af brúttólaunum fólks. Sparnaður fólks rennur því að miklu leyti til lífeyrissjóðanna. Þetta hefur gert það að verkum að einkafjárfestar eru afar fyrirferðarlitlir hér á landi.

Þá spyr maður sig: Geta ekki einhverjir aðrir komið í staðinn? Eru til einhverjir fjárfestar sem geta komið að félögum og látið til sín taka?“

### Eiga 40 prósent allra hlutabréfa

Íslenskir lífeyrissjóðir áttu 39 prósent allra skráðra hlutabréfa í Kauphöllinni í lok þriðja fjórðungs síðasta árs en til samanburðar var hlutabréfaeign sjóðanna um 8,5 prósent af öllum skráðum bréfum árið 2009. Á sama tíma fór hlutabréfaeign einkafjárfesta, í gegnum eignarhaldsfélög, úr 45 prósentum af markaðsvirði skráðra félaga í 19 prósent.

Lífeyrissjóðir, sem eru langsamlega stærstu fagfjárfestar landsins, hafa leikið lykilhlutverk í endurreisn íslensks hlutabréfamarkaðar á síðustu árum. Það helgast af því að á meðan einkafjárfestar höfðu lítið fé á milli handanna streymdu fjármunir til sjóðanna sem fjárfesta þurfti fyrir, en vegna gjaldeyrishafta áttu þeir þann kost einan að leita eftir fjárfestingarkostum hér á landi.

Þrátt fyrir aukin umsvif lífeyrissjóða hefur einkafjárfestum tekist að láta til sín taka innan nokkurra félaga. Það hefur þó jafnan kostað átök. Skemmst er að minnast þess styrjar sem hefur staðið um tryggingafélagið VÍS á síðustu árum en með kjöri Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, sem fer ásamt Guðmundi Þórðarsyni, eiginmanni sínum, með um sjö prósenta hlut í félaginu, sem formanns stjórnar VÍS í mars í fyrra tókst einkafjárfestum í hluthafahópnum að ná völdum í stjórn félagsins. Sá hópur samanstóð, auk hjónanna, meðal annars af fjárfestingarfélaginu Óskabeini, sem á um sex prósenta hlut í félaginu, en Gestur B. Gestsson, stærsti hluthafi félagsins, er varaformaður stjórnar tryggingafélagsins.

Átökin snerust öðrum þræði um ólíkar áherslur annars vegar fulltrúa lífeyrissjóðanna og hins vegar helstu einkafjárfesta félagsins. „Ég trúi á mikilvægi þess að einkafjárfestar taki þátt í að móta stefnu félagsins en láti ekki óháðum stjórnarmönnum það eftir,“ sagði Svanhildur í viðtali við Markaðinn í maí í fyrra.

Átök hafa einnig staðið á milli einkafjárfesta og Lífeyrissjóðs verslunarmanna um skipan stjórnar HB Granda. Þeir fyrrnefndu, sem Kristján Loftsson stjórnarformaður er í forsvari fyrir, fara með ríflega þriðjungshlut í félaginu en hlutur lífeyrissjóðsins er tæplega 14 prósent. Á aðalfundi árið 2016 tókst sjóðnum að fella einn stjórnarmanna, sem naut stuðnings einkafjárfestanna, og tryggja Önnu G. Sverrisdóttur sæti í stjórn. Í kjölfarið sakaði Kristján lífeyrissjóði um að „spila saman“ og reyna að koma sínu fólki inn í stjórnir skráðra félaga. „Þeir ætla einfaldlega að troða sér inn í stjórnirnar hverja á fætur annarri og meðal annars hjá okkur,“ sagði hann.

### Fáir langtímafjárfestar

Þegar litið er til hlutafjáreignar stjórnarmanna skráðra félaga er áberandi hve fáir stjórnarmenn eiga hlut í sínum félögum og hafa þannig lagt eigin fjármuni til rekstrarins.

Í stjórnum langflestra félaganna – raunar allra að VÍS undanskildu – á meirihluti stjórnarmanna engan eða óverulegan hlut í viðkomandi ➜

**Það er ekki aðeins úrelt nálgun að líta á stjórnarmenn sem fulltrúa einstakra hluthafa, heldur getur hún einnig verið beinlínis skaðleg.**

Þóranna Jónsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík



## Árni Oddur á hvað mestra hagsmuna að gæta

Forstjórar allra skráðu félaganna sextán eiga eignarhlut í félaginu sem þeir stýra en í flestum tilvikum er hluturinn óverulegur. Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, á mestu hagsmunanna að gæta en óbeinn eignarhlutur hans í Marel – í gegnum fjárfestingafélagið Eyrir Invest – er metinn á um tólf milljarða króna. Hann á auk þess kauprétt að hlutum í félaginu að virði allt að 590 milljónir króna.

Stjórnir skráðu félaganna hafa reynt að samtvinna hagsmuni stjórnenda og hluthafa með því að veita framkvæmdastjórum og forstjórum sérstaka kauprétti að hlutabréfum.

Að Árna Oddi undanskildum er Orri Hauksson, forstjóri Símans, sá forstjóri sem á hvað stærstan eignarhlut að markaðsvirði í sínu félagi. Alls nemur hlutafjáreign hans í félaginu um 196 milljónum króna. Þá á Finnur Árnason, forstjóri Haga, hlutabréf í sínu félagi að virði 185 milljónir króna og þá eru hlutabréf Sigurðar Viðarssonar, forstjóra tryggingafélagsins TM, í félaginu metin á um 126 milljónir króna.



# Fólk

Heimilið

MIÐVIKUDAGUR 7. MARS 2018



„Mynstrin eru tekin úr náttúrunni og er hver vasi málaður í nokkrum lögum, allt að þrisvar til fjórum sinnum. Litirnir eru náttúrulitir; gulir, grænir, svartir og rauðbleikir. Litina blanda ég sjálf, nota til þess alls kyns steinefni," segir Ragna Ingimundardóttir leirlistakona. MYND/STEFÁN

# Sækir til náttúrunnar

Litfagrir leirvasar Rögnu Ingimundardóttur leirlistakonu sækja mynstur og liti til náttúrunnar. Hún hefur rekið eigið verkstæði á Seltjarnarnesi í 34 ár og undirbýr þessa dagana næstu einkasýningu sína. →2










Ragna var valin bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 1998 og var árið eftirminnilegt. MYND/MÓNA LEA ÓTTARSDÓTTIR

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Leirlistakonan Ragna Ingimundardóttir tengir vasana sína við fólkið í kringum sig. Hún gerir nokkra vasa í hverju formi og málar þá á mismunandi hátt. „Mynstrin eru tekin úr náttúrunni og er hver vasi málaður í nokkrum lögum, allt að þrisvar til fjórum sinnum. Litirnir eru náttúrulitir; gulir, grænir, svartir og rauðbleikir. Litina blanda ég sjálf, nota til þess alls kyns steinefni.“

Ragna er fædd og uppalin á Seltjarnarnesi. Hún stundaði nám í leirlistardeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árin 1977-1982 og hélt eftir útskrift til Hollands, þar sem hún stundaði framhaldsnám við Gerrit Rietveld Academie í Amsterdam árin 1982-1984. „Eftir heimkomuna setti ég á fót eigið verkstæði á Seltjarnarnesi sem ég hef rekið í um 34 ár. Ég hef tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hérlendis og erlendis auk þess sem ég hef einnig haldið nokkrar einkasýningar, t.d. á Kjarvalsstöðum og á Gerðarsafni í Kópavogi.“

## Skemmtilegur aukatitill

Árið 1998 var Ragna valin bæjarlistamaður Seltjarnarness sem henni þótt eiginlega svakalega merkilegt að eigin sögn. „Það er ekki oft sem ég fæ svona skemmtilegan aukatitil, þótt það hafi nú bara verið í eitt ár. Þetta var eftirminnilegt ár þar sem ég gat um leið kynnt sjálfa mig og verk mín betur sem var gott mál. Ég heimsótti m.a. skólana hér á Seltjarnarnesinu og ræddi við nemendurna.“



Um þessar mundir er Ragna að undirbúa næstu einkasýningu sína þótt ekki sé ljóst hvar og hvenær hún verður haldin. „Þetta er svo sannarlega harður heimur en ferlið tekur 2-3 ár, frá umsókn og þar til sýningin verður að veruleika. Ég fæ nánari upplýsingar í sumar en er þrátt fyrir það byrjuð að undirbúa sýninguna. Svo kemur bara í ljós hvar hún verður og um leið hversu marga vasa ég mun sýna þar en þeir verða af ýmsum stærðum og gerðum.“



## Mikil vinna

Hún segir takmarkað framboð af góðum sýningarsölum hér á landi og margir séu um hituna. „Það verður að segjast eins og er að leirinn er ekki mjög vinsæll um þessar mundir og mörgum þykir hann púkalegur. Það tekur þó allt að þrjú ár að klára hverja línu og því liggur mikil vinna að baki og margra ára nám.“

Áhugasamir geta m.a. kynnt sér verk Rögnu í Gallerí Skúmaskoti sem er til húsa á Skólavörðustíg 21a í Reykjavík. „Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um mig og verk mín á upplýsingavef um myndlist og myndhöfunda á Íslandi, umm.is. Svo er öllum velkomið að heimsækja mig á vinnustofu mína sem er á Nesvegi 109 á Seltjarnarnesi.“

Ekki kvefast á skíðum



PreCold® getur komið í veg fyrir kvef og stytt kveftíma um allt að helming.
PreCold® má nota fyrirbyggjandi eða þegar kvefeinkenna verður fyrst vart. PreCold® er auðvelt í notkun, hefur skjóta verkun og hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.
Fæst í apótekum og Fríhöfninni - www.precold.is
ZYMETECH
Dreifingaraðili: Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

# Samfélagsábyrgð fyrirtækja

**Kynningar:** Orkuveita Reykjavíkur, Landsbankinn, Kaffitár, HS Orka, ÁTVR, IKEA, Blái herinn, Orkusalan, Sorpa, Vodafone, Samkaup, Arion banki, Neyðarlínan, Nói Síríus, Umhverfisstofnun, ISS, MS, Circular Solutions, Samskip, Efla

MIÐVIKUDAGUR 7. MARS 2018



Ketill Berg Magnússon er framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð, sem hefur að markmiði að auka vitund um samfélagsábyrgð í samfélaginu. MYND/ERNIR

# Við viljum sjá verkin tala

**Með því að axla samfélagslega ábyrgð geta íslensk fyrirtæki haft mikil og góð áhrif á íslenskt samfélag og náttúru lands til framtíðar. Festa styður við fyrirtæki sem vilja innleiða ábyrga starfshætti.**

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@365.is



Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja snýst um að þau axli ábyrgð á öllum sínum ákvörðunum og athöfnum sem hafa áhrif á umhverfi og samfélag,“ útskýrir Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð.

Ketill segir hugtökin samfélagslega ábyrgð og sjálfbæra þróun tengjast órjúfanlegum böndum.

„Við sem búum á jörðinni náum kannski aldrei að verða alveg sjálfbær í vistfræðilegum skilningi, en sjálfbærni snýst um að okkar kynslóð noti auðlindir og gæði jarðar án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða á að gera það líka. Til einföldunar má því segja að samfélagsábyrgð fyrirtækja sé hagnýt leið fyrir þau að stuðla að sjálfbærni.“

## Umhverfis- og félagsleg áhrif

Festa var stofnuð árið 2011 af sex fyrirtækjum: Símanum, Rio Tinto Alcan, Landsbankanum, Landsvirkjun, Íslandsbanka og Össuri. Í dag eru um hundrað fyrirtæki aðilar að Festu.

„Markmið Festu er að auka vitund um samfélagsábyrgð í samfélaginu og styðja við fyrirtæki sem vilja innleiða ábyrga starfshætti,“ upplýsir Ketill. „Við stöndum fyrir margs konar fræðsluviðburðum sem tengjast samfélagsábyrgð, miðlum upplýsingum í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, og hvetjum til samstarfs við yfirvöld og félagasamtök.“

Samfélagsábyrgð sé regnhlífarhugtak sem nái utan um umhverfis- og félagsleg mál.

„Umhverfismálin varða loftslagsmál, flokkun á rusli og rask á náttúrunni, en félagslegu málin lúta að því hvernig fyrirtæki huga að starfsfólki sínu og mannréttindum í starfssamningum. Séu fyrirtæki með starfsemi í mörgum löndum, huga þau þá að keðjuábyrgð sinni þegar þau kaupa þjónustu af undirverktökum og vinnuaðstöðu fólksins sem hana vinnur?“ spyr Ketill til umhugsunar.

Hann segir félagslega samfélagsábyrgð einnig snúast um samfélagsþátttöku, það að styðja við góð málefni og hafa góð áhrif á nærsamfélagið.

„Fjórði félagslegi þátturinn snýst um að fyrirtækin framleiði ábyrga vöru og veiti ábyrga þjónustu, í þeim skilningi að vörurnar séu hættulausar og innihaldi það sem þær eiga að innihalda. Það sama á við um þjónustu fyrirtækja; hún þarf að vera byggð á siðferðilegum

**Framhald á síðu 2 →**

**Framhald af forsíðu ➪**

grundvallarviðmiðum eins og virðingu fyrir persónum, persónuvernd og siðferðislega réttum viðskiptaháttum,“ segir Ketill.

Segja má að samfélagsábyrgð fyrirtækja sé huglæg þar til hún er tengd við hagnýt, dagleg störf í rekstri.

„Samfélagsábyrgð hefur ekki einungis jákvæð áhrif á samfélagið heldur líka fyrirtækin sjálf. Í ljós hefur komið að fyrirtækjum, sem sinna samfélagsábyrgð vel, gengur betur fjárhagslega vegna þess að með því að huga að umhverfismálum stunda þau minni sóun, eyða minna í eldsneyti og fara betur með peninga.“

## Ísland með gott orð á sér

Þegar litið er á fjölda íslenskra fyrirtækja, sem vinna af alvöru að samfélagsábyrgð, eru þau tiltölulega fá í samanburði við hin Norðurlöndin.

„Íslendingar hafa verið svolítið seinir að taka við sér en um leið og þeir hafa áttað sig á því að samfélagsábyrgð sé sniðug hugmynd hafa þeir unnið að henni af miklu kappi og séð tækifærin,“ segir Ketill og bendir á að á sumum sviðum séu Íslendingar langt komnir.

„Ísland hefur það orð á sér að hér sé sjálfbærni í hávegum höfð. Við erum fræg um allan heim fyrir að nota endurnýtanlega orku og hita hús okkar með þeim hætti. Við höfum líka tekið kerfislegar ákvarðanir eins og fiskveiðistjórnunarkerfið sem gengur út á að geta haldið fiskveiðum áfram án þess að ganga um of á stofninn. Kvótakerfið miðar að sjálfbærni þótt deilt sé um hvernig úthlutað sé úr því og skiptar skoðanir um réttlæti þess hverjir fái að veiða. En þrátt fyrir þessi góðu fordæmi huga íslensk fyrirtæki og einstaklingar ekki nægilega að náttúrunni og ganga út frá henni sem gefinni. Við umgöngumst náttúruna því miður af minni virðingu en við ættum að gera, mögulega vegna þess að við vitum að við eigum gnótt náttúruauðlinda.“

## Ábyrg ferðaþjónusta

Festa hefur staðið fyrir mörgum hvatningarverkefnum. Í janúar 2017 hófu Festa og Íslenski ferðaklasinn samstarf við alla aðila í ferðaþjónustu með verkefninu Ábyrg ferðaþjónusta.

„Við stöndum frammi fyrir gríðarmiklum áskorunum í ferðaþjónustu,“ segir Ketill um tilurð verkefnisins. „Ferðamönnum fjölgar og ágangur á náttúruna er mikill. Við höfum því miklar áhyggjur af því að þungur ferðamannastraumurinn valdi neikvæðum áhrifum á umhverfið. Því reynir á innviðina, fyrirtækin og okkur sem gestgjafa að hjálpa ferðamönnum að vera umhverfisvænir,“ segir Ketill.

Með verkefninu var fyrirtækjum boðið að skrifa undir yfirlýsingu um markmið sín í ábyrgri ferðaþjónustu.

„Við höfðum gert okkur vonir um að fimmtíu fyrirtæki tækju þátt en þegar upp var staðið skrifuðu 260 fyrirtæki undir yfirlýsinguna og nú hafa 320 fyrirtæki gert hið sama. Þessu höfum við svo fylgt eftir með námskeiðum og fræðslu til að hjálpa fyrirtækjunum að framfylgja markmiðum sínum, um þýðingu þess að vera ábyrgt fyrirtæki og hvernig við náum árangri í umhverfismálum, öryggismálum, réttindum starfsfólks og áhrifum á nærsamfélagið,“ upplýsir Ketill.

Festa setur gjarnan á laggirnar verkefni sem felast í því að hvetja fyrirtæki til aðgerða í samfélagsábyrgð. Þar má nefna verkefnið um loftslagsmarkmið Festu og Reykjavíkurborgar.

„Í aðdraganda Parísarfundarins um loftslagsmál árið 2015 buðu Festa og Reykjavíkurborg fyrirtækjum að setja sér markmið um loftslagsmál. Þá komu 104 forstjórar í Höfða til að skrifa undir loforð um þrennt: að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, að minnka losun úrgangs og að mæla árangurinn og birta niðurstöðuna reglulega. Engin lagaleg krafa er um að fyrirtækin framfylgi þessum loforðum en það sýndi sig að þau vildu heilshugar taka þátt í verkefninu,“ segir Ketill.

## Orð eru til alls fyrst

Mikil vakning er nú meðal íslenskra fyrirtækja þegar kemur að samfélagsábyrgð.

„Fyrirtæki eru í æ meira mæli að átta sig á að þau geti haft verulega jákvæð áhrif. Við horfum því fram á við og veltum fyrir okkur hvernig við getum unnið sem best á hinum ýmsu sviðum, í sjávarútvegi, byggingariðnaði, fjárfestingum og nýsköpun, til að koma þessari hugsun í fyrirtækjarekstur þannig að þau geti haft jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið,“ segir Ketill. Miklu skipti líka samtal við yfirvöld.

„Vitundarvakningin er mikil en við viljum sjá fleiri aðgerðir og raunverulegan árangur. Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hefur sett sér metnaðarfull markmið sem tengjast sjálfbærni og samfélagsábyrgð í stjórnarsáttmálanum og alveg skýrt að ríkisstjórnin vill ná árangri í umhverfismálum og ferðaþjónustu. Við bíðum því spennt eftir raunverulegum aðgerðum þar sem hægt verður að mæla árangurinn og vonumst til að þetta verði ekki bara spjall heldur eitthvað sem við getum orðið stolt af að ná árangri í,“ segir Ketill.

Loftslagsmálin séu gott dæmi um hvernig sveitarfélög og yfirvöld geti unnið saman í gegnum Festu.

„Saman geta þau skapað hvata sem hentar fyrirtækjum til að verða umhverfisvæn, til dæmis með afslætti á rafmagnsbílum, sem gerði líklegra að fyrirtæki legðu sitt af mörkum,“ segir Ketill.

Eitt af gildum Festu sé að deila þekkingu og upplýsingum.

„Það eru allir í sama liði þegar kemur að samfélagsábyrgð. Fyrirtæki og einstaklingar hafa öll sama markmið; að stuðla að aukinni sjálfbærni á Íslandi. Um það þarf að vera gott samstarf en ekki skotgrafahernaður. Festa er opinn vettvangur til verksins og við hvetjum fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir til að gerast aðilar að Festu því þannig getum við unnið þetta saman.“

Samstarf sé einn af grunnstólpunum í starfi Festu.

„Orð eru til alls fyrst en verkin tala. Árið 2016 voru sett lög sem skylda stórfyrirtæki til að gera árlega grein fyrir árangri sínum í samfélagsábyrgð, en það eru upplýsingar um umhverfis- og samfélagsmál. Nú virðist vera mikill samhljómur í samfélaginu, en eitt er að setja fram stefnu og fallegar yfirlýsingar, og annað að sýna fram á efndir með skýrum hætti.“



**Ketill segir Ísland hafa gott orð á sér þegar kemur að sjálfbærni. Þrátt fyrir það hugi íslensk fyrirtæki og einstaklingar ekki nægilega að náttúrunni og gangi út frá henni sem gefinni.** MYND/ERNIR

> **Það eru allir í sama liði þegar kemur að samfélagsábyrgð og hafa sömu markmið; að stuðla að aukinni sjálfbærni á Íslandi. Um það þarf að vera gott samstarf en ekki skotgrafahernaður.**
>
> Ketill Berg Magnússon




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is



Bjarni segir að Orkuveita Reykjavíkur vilji minnka kolefnislosun verulega, stuðla að rafbílavæðingu og beita sér fyrir jafnrétti kynjanna. MYND/STEFÁN

# Gegnsæi er grunnur samfélagsábyrgðar

Orkuveita Reykjavíkur tekur samfélagslega ábyrgð sína alvarlega. Fyrirtækið vill eyða kolefnislosun í vinnslu jarðhita, flýta orkuskiptum í samgöngum og tryggja jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Orkuveita Reykjavíkur er eitt af stærri fyrirtækjum landsins. Það er í raun leitun að fyrirtæki sem jafn margir landsmenn tengjast með einhverjum hætti, hvort sem það er í gegnum hitaveitu, gagnaveitu, rafveitu, vatnsveitu eða fráveitu. Það má segja að Orkuveita Reykjavíkur sé fjölskylda fyrirtækja, þar sem Veitur sjá um hitaveiturnar, vatnsveiturnar, fráveiturnar og að dreifa rafmagni. Orka náttúrunnar framleiðir bæði heitt vatn og rafmagn í virkjunum sínum og dregur vagninn í orkuskiptum í samgöngum. Gagnaveita Reykjavíkur rekur svo Ljósleiðarann, grunnkerfi fjarskipta sem verður sífellt viðameira og þjónar bæði heimilum og fyrirtækjum.

Á morgun kemur ársskýrsla OR fyrir árið 2017 út á netinu og þar er gerð ítarleg grein fyrir starfsemi síðasta árs. „Þá getur hver og einn gert upp við sig hvort OR og dótturfyrirtækin standa undir samfélagslegri ábyrgð,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur. „Að gefa greinargóða skýrslu um starfsemina er þannig grundvöllur gegnsæis í rekstrinum,“ segir Bjarni.

## Sporlaus vinnsla er markmiðið

„Baráttan gegn hlýnun jarðar er mikilvægasta umhverfismál okkar tíma,“ segir Bjarni. „Íslendingar verða að leggja hönd á plóg í glímunni við loftslagsvandann. Þar skiptir engu að orkan sem við vinnum sé græn, það verða allir að leggja sitt af mörkum. OR hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að draga úr kolefnislosun um 60% til ársins 2030. Árangurinn sem hefur náðst í þróunarverkefninu um bindingu kolefnis í jarðlög, sem kallast CarbFix, gefur okkur fulla ástæðu til að vera bjartsýn á að það markmið náist.

Á árinu 2017 gerðist það svo að erlent fyrirtæki kom upp búnaði sínum við Hellisheiðarvirkjun til að draga koltvíoxíð beint úr andrúmsloftinu og nýta svo tæknina sem við höfum þróað til að binda það varanlega í jörðu,“ segir Bjarni. „Engan skal undra að þetta vakti mikla athygli og straumur fjölmiðlafólks liggur til okkar til að forvitnast um þessa nýjung. Þróunarverkefnum í vinnslu háhitans er hvergi nærri lokið og Orkuveitan stefnir að sporlausri vinnslu Hellisheiðarvirkjunar innan nokkurra ára.“




OR hefur náð mjög góðum árangri í bindingu brennisteinsvetnis úr jarðgufunni sem Hellisheiðarvirkjun nýtir. Á síðasta ári voru tveir þriðju hlutar þess bundnir í jarðlögum við virkjunina.

## Orkuskipti í samgöngum forgangsatriði

„Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur í samfélaginu leggur okkur líka þá skyldu á herðar að hjálpa öðrum að draga úr losun hjá sér. Mikilvægasta verkefnið um þessar mundir er að stuðla að orkuskiptum í samgöngum,“ segir Bjarni. „Orka náttúrunnar hefur nú reist hlöður um allt land svo almenningur geti komist leiðar sinnar á rafbílum óháð búsetu og þróað sölukerfi fyrir þjónustuna.

Næstu skref snúa að þéttbýlinu, því það þarf að gera íbúum í fjölbýli kleift að hlaða bílana sína heima fyrir,“ segir Bjarni. „Verkefnið er nokkuð snúið og það er útilokað að leysa vanda allra á skömmum tíma. Samstarf milli Orku náttúrunnar, rafveitu og sveitarstjórnar í hverju sveitarfélagi fyrir sig er lykillinn að góðum árangri.“

Bjarni líkir orkuskiptunum í samgöngum við orkuskiptin í húshitun sem urðu með hitaveitunum á sínum tíma. „Þar ruddu Íslendingar braut sem engin þjóð hefur fetað jafn langt og við. Tækifæri til orkuskipta í samgöngum eru hvergi betri en á Íslandi og það er verðugt verkefni að grípa þau eins skjótt og við mögulega getum.“

## Stuðla að jafnrétti

„Hin sanngjarna krafa um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði verður sífellt sterkari,“ segir Bjarni. „Árið 2011 setti Orkuveitan sér þau markmið í jafnréttismálum að jafna hlut kynjanna í stjórnunarstörfum og eyða kynbundnum launamun. Á síðasta ári náðust bæði markmiðin. Hlutur kvenna í stjórnunarstörfum innan samstæðunnar nemur nú 51% og launamun kynjanna hefur verið eytt að fullu. Reyndar fór svo í lok ársins 2017 að mælingar sýndu 0,3% launamun konum í vil í fyrsta sinn.

Greining á kynbundnum launamun er nú gerð með sérstöku reiknilíkani sem Orkuveitan hefur þróað í samstarfi við fyrirtækið PayAnalytics,“ segir Bjarni. „Líkanið gefur okkur samtímaniðurstöður og hjálpar okkur þannig að taka launaákvarðanir sem leiða til jafnlaunaniðurstöðu. Sjö af hverjum tíu starfsmönnum OR og 95% iðnaðarfólks í samstæðunni eru karlar. Á hinn bóginn eru sjö af hverjum tíu skrifstofustörfum unnin af konum. Þessu viljum við breyta, m.a. með því að styðja við fjölgun kvenna í iðngreinum.“

# Ábyrgar fjárfestingar

**Landsbankinn hefur verið aðili að UN Global Compact í meira en áratug og gefur árlega út ítarlega samfélagsskýrslu í samræmi við Global Reporting Initiative (GRI). Bankinn er stofnfélagi í Festu.**

Landsbankinn tekur samfélagsábyrgð alvarlega að sögn Hrefnu Aspar Sigfinnsdóttur, framkvæmdastjóra Markaða Landsbankans. „Lykilatriði í okkar samfélagsstefnu er að hún er mótuð með víðtækri aðkomu tekjusviða bankans svo að tryggt sé að hún sé hluti af kjarnastarfseminni, lánveitingum og fjárfestingum,“ segir Hrefna. „Fyrstu skrefin í innleiðingu samfélagsábyrgðar voru að draga úr pappírsnotkun, fá Svansvottað mötuneyti, gera bílaflotann vistvænni, bjóða upp á vistvæn bílalán og þess háttar en undanfarin misseri hefur innleiðing á ábyrgum fjárfestingum verið í brennidepli hjá okkur. Landsbankinn var fyrstur banka á Íslandi til að hljóta gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og 41% starfsfólks er með virkan samgöngusamning,“ segir Hrefna.



Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans.

### Hvers vegna er lögð áhersla á ábyrgar fjárfestingar?

„Undanfarið hefur orðið gríðarleg vitundarvakning á alþjóðavísu hvað varðar ábyrgar fjárfestingar. Það hefur einfaldlega komið í ljós að fyrirtæki sem taka sína samfélagsábyrgð alvarlega eru að jafnaði arðbærari og ná betri árangri. Ábyrgar fjárfestingar vísa til þess að tekið er tillit til umhverfis- og samfélagsþátta, og stjórnarhátta í fjárfestingarákvörðunum. Landsbankinn hefur verið í fararbroddi í þessum málaflokki og skrifaði undir meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) árið 2013. Þannig eru fyrirtæki sem fjárfest er í spurð út í þætti er varða jafnréttismál, umhverfismál og almenna stjórnarhætti sem dæmi. Að svo stöddu eru spurningarnar einungis til upplýsingar fyrir fjárfesta en langtímastefnan er að tekið verði meira tillit til þessara þátta í tengslum við mat á fjárfestingarkostum. Landsbankinn er einn af stofnaðilum IcelandSIF, samtaka um ábyrgar fjárfestingar, sem stofnuð voru í nóvember í fyrra. Það er afar ánægjulegt að taka þátt í þessu frumkvöðlastarfi og sjá hversu mikil viðhorfsbreyting hefur orðið innan íslenska fjármálageirans en fullt var út að dyrum á fyrsta opinbera fundinum,“ segir Hrefna.

### Hvernig er jafnréttismálum háttað innan Landsbankans?

„Síðustu ár má segja að höfuðáherslan hafi verið lögð á að tryggja launajafnrétti kynjanna, að karlar og konur fái sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og sömu starfstækifæri. Bankinn hefur það að markmiði að hlutur hvors kyns í forystusveit bankans verði aldrei undir 40%. Í vinnustaðagreiningu hefur komið fram að um 85% starfsmanna Landsbankans telja kynin hafa jöfn tækifæri innan bankans. Landsbankinn gekk nýlega til samstarfs við Capacent og er hluti af verkefninu Jafnréttisvísi. Ráðgjafarfyrirtækið mun greina stöðuna og Landsbankinn í framhaldinu móta verkefni og aðgerðaáætlun og uppfæra jafnréttisstefnuna. Landsbankinn hlaut gullmerki jafnlaunaúttektar PwC 2015 og 2016 og vinnur nú að því að fá nýju jafnlaunavottunina fyrir árslok.“

> **Lykilatriðið í okkar samfélagsstefnu er að hún er mótuð með víðtækri aðkomu tekjusviða bankans svo að tryggt sé að hún sé hluti af kjarnastarfseminni, lánveitingum og fjárfestingum.**

# Umhverfismál hafa alltaf verið okkar mál

**Kaffitár hefur lagt sitt af mörkum til umhverfismála frá því að það var stofnað. Fyrirtækið vill hafa góð áhrif á samfélagið, styðja bændur sem fyrirtækið verslar við, vernda umhverfið og bjóða upp á mat og drykk úr góðu hráefni.**

Kaffitár hefur alltaf lagt sitt af mörkum til umhverfismála. Það hefur hlotið umhverfisviðurkenningu og var fyrst kaffihúsa á Íslandi til að fá Svansvottun. Fyrirtækið leggur áherslu á að styðja bændurna sem rækta kaffið þeirra og að hjálpa viðskiptavinum sínum að velja holla kostinn.



Við kaffihús Kaffitárs í Perlunni er þessi blómaveggur, sem hefur yfir 3.000 lifandi plöntur. Hann eykur loftgæði, bætir hljóðvist og gefur náttúrulegan raka. MYND/ANTON BRINK



Yfir 80% af kaffinu frá Kaffitári er keypt beint af bónda. Hér er Aðalheiður að heimsækja bændur í Gvatemala.

### Umhverfismál alltaf í forgangi

„Umhverfismál hafa alltaf verið okkar mál hjá Kaffitári allt frá stofnun,“ segir Aðalheiður Héðinsdóttir, stofnandi og eigandi Kaffitárs og umhverfisrokkari. „Um leið og ég opnaði fyrsta kaffihúsið fyrir 25 árum byrjuðum við strax að flokka. Svo hefur eitt leitt af öðru og við gerum betur í dag en í gær í umhverfismálum enda ekkert annað í boði. Margt smátt gerir eitt stórt.

Fyrir nokkrum árum létum við setja vatnshreinsibúnað á brennsluofninn okkar sem hafði aldrei áður verið gert við svona stóra ofna,“ segir Aðalheiður. „Í kjölfar þess fengum við Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins, árið 2014, sem er líklega stærsta viðurkenningin sem við höfum fengið á þessu sviði.

Þegar við kaupum nýjan tækjabúnað reynum við svo að velja umhverfisvænasta kostinn og við reynum að draga úr rafmagns- og vatnsnotkun, endurnýta eftir besta megni og stuðla að því að fólk noti frekar margnota mál en einnota,“ segir Aðalheiður.

### Sýna ábyrgð á ýmsan hátt

„Við höfum keypt kaffi beint af bónda í hátt í 15 ár,“ segir Aðalheiður. „Núna er yfir 80% af kaffinu sem við kaupum keypt beint og milliliðalaust af bændum sem við þekkjum og heimsækjum reglulega. Við reynum líka að taka þátt í alls kyns verkefnum með kaffiræktunarlöndunum og bændunum sem við verslum við. Nú síðast fyrir þremur vikum styrktum við verkefni Rauða krossins í Bangladess. Þannig að við reynum að hjálpa þessum löndum, fyrst og fremst með því að versla við þau og borga sanngjarnt verð.

Þegar við stofnuðum okkar eigið bakarí ákváðum við að baka bara úr hreinu og óunnu hráefni og nota ekki hjálparefni eða íblöndunarefni,“ segir Aðalheiður. „Það er ekkert ger, mjólk eða egg í súrdeigsbrauðinu okkar og við reynum að draga eins mikið úr sykri í kökunum okkar eins og hægt er. Sama stef er í gangi á veitingastaðnum okkar í Perlunni, sem heitir Út í bláinn. Við reynum að takmarka öll óholl aukaefni og hjálpa fólki þannig að velja hollari kostinn.

Það er bara í DNA Kaffitárs að láta gott af sér leiða en því er ekki að neita að það hefur verið gaman að fá endurgjöf á það sem vel er gert í formi viðurkenningar fyrir öflugt umhverfisstarf,“ segir Aðalheiður. „Við látum gott af okkur leiða með glöðu geði og gerum hlutina með hjartanu. Og höldum umhverfishjartanu í formi,“ segir Aðalheiður glöð í bragði.

# Samfélagsleg ábyrgð er rauði þráðurinn í starfinu

**HS Orka varð nýlega aðili að UN Global Compact og stefnir auk þess að því að ljúka innleiðingu jafnlaunavottunar í vor. Heildstæð stefna í starfsmanna- og jafnréttismálum er álitinn góður grunnur að farsælu starfi fyrirtækisins.**



Kristín Vala Matthíasdóttir (t.v.), framkvæmdastjóri auðlinda hjá HS Orku, og Ásdís Gíslason, kynningarstjóri HS Orku.

Hjá HS Orku starfa 60 manns með víðtæka reynslu og þekkingu á nýtingu jarðhitaauðlindarinnar. Fyrirtækið framleiðir og selur raforku um allt land, sér Suðurnesjum fyrir heitu og köldu vatni auk þess að selja nokkra auðlindastrauma í Auðlindagarðinum á Reykjanesi. Fyrirtækið varð nýlega aðili að UN Global Compact. Enn fremur er stefnt að því að ljúka innleiðingu jafnlaunavottunar í vor. Heildstæð stefna í starfsmanna- og jafnréttismálum er álitin góður grunnur að farsælu starfi fyrirtækisins.

## Samfélag án sóunar

„HS Orka hefur alla tíð leitað leiða til að umgangast auðlindina á hagkvæman og sjálfbæran hátt, samfélaginu til heilla. Afrakstur þessarar vinnu er sá að frá fyrirtækinu eru í dag nýttir sjö auðlindastraumar sem falla til við nýtingu jarðhita. Þessir auðlindastraumar skapa atvinnu fyrir á annað þúsund manns innan Auðlindagarðsins, en kennioð garðsins er „samfélag án sóunar“, segir Kristín Vala Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri auðlinda hjá HS Orku. Þessari vegferð er á engan hátt lokið að hennar sögn og er sífellt leitað nýrra leiða til að bæta nýtingu auðlindarinnar á hagkvæman hátt. „Árið 2015 gerðist HS Orka aðili að loftslagsyfirlýsingu Festu og setti sér í kjölfarið metnaðarfull markmið í loftlagsmálum til ársins 2030. Markmiðin snúa að því að minnka kolefnisfótspor starfseminnar, draga úr losun frá samgöngum, minnka myndun úrgangs og auka flokkun. Leiðin að þessum markmiðum er skýr, mælingar sýna að við erum á réttri leið en það þýðir samt ekki að við getum slegið slöku við,“ segir Kristín Vala við sama tilefni.

## Eðlilegt næsta skref

„Hér hefur alla tíð verið unnið í anda samfélagslegrar ábyrgðar og eru stöðugar umbætur hluti af menningu fyrirtækisins. UN Global Compact, sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, fellur því vel að fyrirtækinu og okkar daglegu störfum,“ segir Ásdís Gíslason, kynningarstjóri HS Orku. „Okkur finnst mikilvægt að allir starfsmenn fyrirtækisins komi að því að velja verkefni sem verða unnin í ár enda auðveldar samstaða okkur að ná markmiðunum. Þess vegna hittum við alla starfsmenn á undirbúningsfundum, þar sem samfélagsleg ábyrgð í víðum skilningi var rædd, UN Global Compact sáttmálinn kynntur og síðan farið í að ákveða verkefni sem við ætlum að einbeita okkur að þetta árið.“

> **HS Orka hefur alla tíð leitað leiða til að umgangast auðlindina á hagkvæman og sjálfbæran hátt, samfélaginu til heilla.**

Hún segir starfsmannahópinn, sem er með ólíka ábyrgð og fjölbreyttan bakgrunn, vera mjög þéttan og sköpuðust góðar umræður um samfélagslega ábyrgð á fundunum. „Ein af niðurstöðunum í umræðunum var að við höfum öll eitthvað til málanna að leggja og að athafnir okkar allra skipta máli, hvort sem það er í vinnu eða heima við. UN Global Compact sáttmálinn hjálpar öllum starfsmönnum að horfa á stóru myndina og fylgjast með því hvort við séum að ná markmiðum okkar.“

Hún segir starfsmenn vera fullvissa um að aðild fyrirtækisins að UN Global Compact muni styðja þau enn frekar í að nýta auðlindina á hagkvæman hátt, samfélaginu og fyrirtækinu til heilla. „Tengsl fyrirtækisins við nærsamfélagið hafa alla tíð verið mikil, bæði í gegnum Auðlindagarðinn sem og styrki við fjölbreytt samfélagsleg málefni, ýmist með styrkveitingum eða samstarfssamningum. Þó svo að við seljum rafmagn hvert á land sem er, þá er Reykjanesið vagga HS Orku, enda rúmlega 40 ára sameiginleg saga sem býr þar að baki,“ sagði Ásdís að lokum.




Loftlagsyfirlýsing HS Orku.

# Neytendur vilja ábyrga stjórn

**Grænþvottur kallast það þegar fyrirtæki beitir blekkingum í markaðs- eða kynningarstarfi sínu til þess að sýnast vera umhverfisvænna eða samfélagslega ábyrgara en það raunverulega er.**

Stundum vakna grunsemdir um að þetta eða hitt fyrirtækið sé eingöngu að fegra ímynd sína með orðalagi um samfélagsábyrgð, að fyrirtækið sé ekki að segja satt eða segi ekki alla söguna þegar það auglýsir umhverfisvænar vörur eða þjónustu sem það tengir við samfélagsábyrgð. Sú þarf þó ekki að vera raunin og því er nauðsynlegt að kanna málið áður en við sökum fyrirtæki um grænþvott.

### Ábyrg upplýsingagjöf

Margir eru á þeirri skoðun að betra sé fyrir fyrirtæki að segja minna og framkvæma meira. Það er vissulega rétt að lítil ábyrgð felst í að standa ekki við yfirlýsingar, en það má heldur ekki draga svo úr upplýsingagjöf um starf fyrirtækisins að enginn viti hvernig það starfar og fólk freistist til að geta í eyðurnar. Raunin er sú að bæði viðskiptavinir og starfsmenn vilja gjarnan vita af því ef fyrirtækið vinnur af ábyrgð gagnvart umhverfinu eða samfélaginu. Einhvers staðar þarf að byrja og þó svo endamarkinu hafi ekki verið náð, þá felst ábyrgð í því að gefa raunsanna mynd af þeim áhrifum sem fyrirtækið hefur á hverjum tíma á umhverfið og samfélagið. Fyrirtækið byggir upp traust með því að gefa upp rétta mynd af athöfnum sínum.



**Almenningur vill að stjórnendur stýri fyrirtækjum skynsamlega, að þeir bregðist við á réttan hátt ef vandamál koma upp.**

### Segjum líka frá áskorunum

Fyrirtækjum, líkt og einstaklingum, er annt um orðspor sitt og ímynd. Þau vilja að fólki líki við vörumerkið, líti það jákvæðum augum og treysti því. Stundum getur þó kynningarstarf fyrirtækisins einblínt of mikið á jákvæðu þættina í starfsemi þess að það verður ótrúverðugt. Fyrirtæki eru ekki fullkomin, frekar en mannfólkið, og þess vegna viljum við frekar fá heiðarlegt svar við erfiðum eða óundirbúnum spurningum heldur en að fá falska glansmynd. Neytendur vilja líka vita af áskorunum fyrirtækja og að stjórnendur viðurkenni þær. Almenningur vill að stjórnendur stýri fyrirtækjum skynsamlega, að þeir bregðist við á réttan hátt ef vandamál koma upp, að tillit sé tekið til hagsmunaaðila, enn fremur að reynt sé að lágmarka þann skaða sem þau valda og hámarka jákvæð áhrif fyrirtækisins á umhverfið og samfélagið.

### Hvað einkennir grænþvott?

Það getur reynst flókið að meta hvort fyrirtæki stundi grænþvott. Bandaríska rannsóknarfyrirtækið UL Environment hefur sett fram lista yfir atriði sem bent gætu til grænþvotts. Þar má nefna hvort athyglinni sé beint frá aðalatriðinu, hvort sannanir fyrir staðhæfingum vanti, hvort rangar merkingar séu notaðar, hvort orðalag sé of loðið eða hvort hreinlega sé verið að segja ósatt.

### Þegar orðið vistvænt missti merkingu sína

Frægt er dæmi um grænþvott þegar íslenskur eggjaframleiðandi auglýsti vistvæn egg á pakkningum sínum en svo sýndi fjölmiðill að um blekkingu var að ræða. Var það reyndar líka dæmi um umhverfismerki sem ekki staðfesti neitt. Fleiri dæmi eru um íslensk fyrirtæki sem ekki hafa farið með rétt mál í auglýsingum og Neytendastofa hefur tekið hart á grænþvotti þeirra.

### Gagnsæi borgar sig

Grænþvottur á ekki bara við um blekkingar um umhverfismál. Fyrirtæki sem segja ekki rétt frá þeim áhrifum sem vara þeirra eða þjónusta hefur beita grænþvotti, hvort sem um er að ræða efnisinnihald í matvöru, meðferð persónuupplýsinga, eða blekkjandi ljósmyndir á hóteli. Ekki er nóg með að slíkar blekkingar geti valdið viðskiptavininum skaða, grænþvottur getur stórskaðað orðspor fyrirtækisins.

Ketill Berg Magnússon framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um Samfélagsábyrgð

# Fyrirmynd í samfélagsábyrgð

**ÁTVR heldur grænt bókhald og leggur áherslu á endurvinnslu og fjölnota umbúðir í verslunum. Fyrirtækið vinnur að jákvæðri vínmenningu með því að stuðla að ábyrgri umgengni við áfengi.**

Ólíkt flestum öðrum er fjallað um það í lögum um verslun með áfengi og tóbak að ÁTVR eigi m.a. að starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Við höfum mjög skýra stefnu um að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og vera fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

„Það er skylda ÁTVR að tryggja að allir sem versla í Vínbúðum hafi náð tilskildum aldri. Þetta gerum við með öflugu skilríkjaeftirliti, og auglýsingum sem minna ungt fólk á að sýna skilríki við kaup á áfengi. Á heimasíðunni okkar má einnig nálgast rannsóknir á áhrifum áfengisneyslu en það er hluti af fræðslu okkar til almennings og samfélagsins.“

### Græn skref

Í umhverfismálum hefur ÁTVR lagt mikla áherslu á endurvinnslu og minnkað notkun á einnota umbúðum. Þá hefur fyrirtækið innleitt Græn skref í ríkisrekstri í allar Vínbúðirnar og fengu allar starfsstöðvar vottun þess efnis á síðasta ári.

„Við hvetjum viðskiptavini til þess að nota fjölnota poka í viðleitni til þess að draga úr plastnotkun og bjóðum margnota lausnir á hagstæðu verði,“ segir Sigrún Ósk. „Við færum grænt bókhald og setjum okkur markmið um lykilþætti í umhverfismálum. Þar færum við kolefnisbókhald og er öll bein losun og flug kolefnisjafnað hjá Kolviði. ÁTVR hefur gefið út sjálfbærniskýrslu frá árinu 2012 samkvæmt GRI staðlinum, en ÁTVR var eitt af fyrstu fyrirtækjunum hér á landi til þess að innleiða hann. Með sjálfbærniskýrslunni miðlum við upplýsingum, sem snúa að samfélagsábyrgð, til allra hagsmunaaðila um starfsemina.“



Við höfum mjög skýra stefnu um að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og vera fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR. MYND/STEFÁN

**„Það er skylda ÁTVR að tryggja að allir sem versla í Vínbúðum hafi náð tilskildum aldri. Þetta gerum við með öflugu skilríkjaeftirliti, og auglýsingum sem minna ungt fólk á að sýna skilríki við kaup á áfengi.**

### Norræna leiðin

ÁTVR er í samstarfi við Norðurlöndin í verkefnum í samfélagsábyrgð. Í þeim verkefnum liggur aðaláherslan í aðfangakeðjunni.

„Þar er stefna að þær vörur sem okkur eru boðnar og við síðan bjóðum viðskiptavinum séu framleiddar þar sem mannréttindi eru tryggð sem og umgengni við náttúruna,“ útskýrir Sigrún. „Nýverið jukum við samstarfið við Norðurlöndin í umhverfismálum þar sem m.a. verður lögð áhersla á að upplýsa viðskiptavini um léttgler en í kolefnisfótspori vörunnar hefur umbúðagerðin mikið að segja. Glerið er þar stór þáttur. Eftir því sem það er léttara þeim mun minna er fótsporið. Kanada hefur í mörg ár verið í fararbroddi hvað þessi mál varðar og nú er verið að skoða þetta á Norðurlöndunum og nota Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem ramma um verkefnið. Er þá sérstaklega verið að horfa á vörur sem framleiddar eru í miklu magni og í lægri verðflokkum. Við fylgjumst vel með því sem er að gerast í þessa málum hjá framleiðendum og í dag er mikill áhugi á að horfa til þessara þátta, bæði hjá almenningi og framleiðendum.“

### Mannauður

Hvað samfélagsábyrgð í mannauðsmálum varðar stendur nú yfir vinna við innleiðingu jafnlaunastaðals hjá ÁTVR. „Við stefnum á að fá jafnlaunavottun um mitt þetta ár. Þá er ÁTVR hjólavottaður vinnustaður og fengum við til að mynda samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar árið 2015. Fyrirtækið státar einnig af Kuðungnum, umhverfisviðurkenningu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem það fékk árið 2016. Starfsfólk ÁTVR er mjög meðvitað um samfélagslega ábyrgð og að mynda jákvætt kolefnisfótspor því við eigum aðeins eina jörð.“

# Samfélagsábyrgð er ekki skraut, heldur nauðsyn

IKEA hefur gripið til aðgerða til að gera betur í samfélagsábyrgð. Von er á umhverfisskýrslu frá fyrirtækinu um starfsemina á Íslandi og segir Guðný Camilla Aradóttir, umhverfisfulltrúi IKEA á Íslandi, skýrsluna mikilvægan áfanga. IKEA á Íslandi sinni samfélagsábyrgð af heilindum.

Samfélagsábyrgð nær yfir svo margt; allt frá ruslatunnum til starfsmannamála, og ekkert stórfyrirtæki í dag getur leyft sér að sinna henni með hangandi hendi vilji það halda góðum rekstri," segir Guðný Camilla Aradóttir, umhverfisfulltrúi IKEA á Íslandi. „Við höfum gripið til ýmissa aðgerða, stórra og smárra, undanfarin ár til að gera betur í samfélagsábyrgð og munum á næstu vikum gefa í fyrsta skipti út umhverfisskýrslu fyrir starfsemina hér á landi. Það er mikilvægur áfangi fyrir okkur því þá getum við birt tölulegar upplýsingar um markmið okkar í umhverfismálum og árangur."



IKEA reisir nú fjölbýlishús í Urriðaholti til að mæta bagalegu ástandi á íslenskum húsnæðismarkaði.

## Slysavarnir vekja heimsathygli

IKEA á Íslandi hefur sinnt samfélagsábyrgð af heilindum og sem dæmi um aðgerðir eru verðlækkanir, fjölda rafbílastæða, matur fyrir fjölskylduna á frábæru verði og mikilvægur stuðningur við slysavarnir barna, svo eitthvað sé nefnt. „Það er gaman að segja frá því að starf okkar með Herdísi Storgaard varðandi slysavarnir barna vakti athygli IKEA á heimsvísu fyrir nokkrum árum og nú er svo komið að hún heldur námskeið í slysavörnum barna og vöruöryggi fyrir þá sem starfa við vöruþróun og fleiri hópa hjá fyrirtækinu í Svíþjóð. Þar að auki verður Ísland fyrsti markaðurinn til að hrinda af stað herferðinni Öruggari heimili, sem fer í gang í vor og er alfarið unnin út frá starfi Herdísar í slysavörnum."

Guðný segir líka vandað til verka í starfsmannamálum, enda sé mannauðurinn það dýrmætasta sem hvert fyrirtæki búi yfir. „Starfsmenn fyrirtækisins eru orðnir um 400, af 26 þjóðernum, og ég held að starfsfólk finni að framlag þess til velgengni fyrirtækisins er vel metið. Við vorum fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hljóta jafnlaunavottun VR fyrir nokkrum árum, hér hefur verið veittur fjarverubónus í nokkur ár, nokkrar launahækkanir fyrir utan samningsbundnar hækkanir og í fyrra var 13. mánuðurinn greiddur út til að þakka starfsfólki fyrir vel unnin störf. Þar að auki er boðið upp á fría íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn, samgöngusamninga og fleira sem fellur svo sannarlega undir samfélagsábyrgðarhattinn."

Þá hefur fjölbýlishús sem IKEA reisir nú í Urriðaholti, í næsta nágrenni verslunarinnar, vakið athygli. „Það var ákveðið að ráðast í þá framkvæmd vegna afar bagalegs ástands á húsnæðismarkaði. Þegar staðan er orðin þannig að fólk þarf jafnvel að afþakka starf vegna þess að það fær ekki húsnæði á höfuðborgarsvæðinu þá þarf eitthvað að breytast. Það er afar ánægjulegt að eiga þá kost á því að bregðast við með þessum hætti," segir Guðný. Íbúðirnar verða 34, meirihlutinn er aðeins 25 fermetrar, og þær verða bæði leigðar út til starfsfólks IKEA og á almennum markaði. „Það er búið að setja upp eftirmynd einnar íbúðarinnar í versluninni og það er ótrúlegt hvað hægt er að gera mikið úr 25 fermetrum. Ég hvet fólk eindregið til að koma við og sjá það með eigin augum."





Rafbílastæði við verslunina eru hluti af aðgerðum IKEA til samfélagsábyrgðar.

> Við erum ánægð með þróunina hjá okkur og ætlum okkur að gera sífellt betur. Það er einfaldlega eina leiðin til framtíðar.
>
> Guðný Camilla Aradóttir, umhverfisfulltrúi IKEA



Eftirmynd einnar íbúðarinnar í fjölbýlishúsi IKEA í Urriðaholti má skoða í versluninni. Tuttugu og fimm fermetrar eru nýttir til hins ýtrasta.

## Orkuskiptin mikilvæg

Guðný segir orkumál hafa verið stjórnendum IKEA hugleikin og til marks um það séu næstum fjögur ár síðan fyrstu hleðslustöðvarnar fyrir rafbíla voru settar upp fyrir utan verslunina. Þeim hafi fjölgað jafnt og þétt og stæðin séu nú um 60 talsins, bæði fyrir viðskiptavini og starfsfólk. „Það var ákveðið fyrir nokkrum árum að vera í fararbroddi hvað þetta varðar, og það hefur tekist. Allt er þetta gert með það fyrir augum að liðka fyrir orkuskiptum og einfalda fólki að hlaða rafbílinn. Margir hafa hug á því að skipta yfir í rafbíl en vex í augum að þurfa að hlaða. Það er auðvitað von okkar að sem flest fyrirtæki og stofnanir taki þátt í að eyða þessum hindrunum. Nýjasta verkefni IKEA í orkumálum er svo að láta á það reyna hvort við getum nýtt okkur sólarorkuna betur. Því hefur verið haldið fram að birtan hér á landi sé ekki næg til að slíkt borgi sig en við ætlum okkur að komast nær sannleikanum í því máli. Nú á næstu vikum hefst vinna við að setja upp sólarsellur á þak byggingar bak við verslunina. Þakið er rúmir 160 fermetrar og við ætlum að setja upp þrenns konar sólarsellur og skoða hvort það sé raunhæfur kostur að nýta þessa orku betur. IKEA selur sólarsellur í nokkrum löndum, sem hafa gefist vel, og það væri gaman að geta boðið upp á þann valkost í vöruúrvalinu hér í náinni framtíð."

## Loftslagsmálin varða okkur öll

IKEA var eitt rúmlega 100 fyrirtækja sem skrifuðu undir loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu í tengslum við loftslagsfundinn í París haustið 2015. Guðný segir að síðan þá hafi upplýsingum um loftslagsáhrif fyrirtækisins verið safnað saman og nú á næstu vikum verði tölurnar gefnar út í umhverfisskýrslu þar sem einnig verði birt markmið til næstu ára. „Á sama tíma og það virðist stundum óvinnandi verkefni að snúa við þróuninni í loftslagsmálum í heiminum, þá verður að hafa í huga að það er verið að gera gríðarlega góða hluti mjög víða, og þar eru stórfyrirtæki í lykilhlutverki. Einstaklingurinn þarf að líta í eigin barm og byrja heima en vegna þeirra áhrifa sem starfsemi fyrirtækjanna hefur er frábært að sjá hve mörg þeirra hafa sett sér umhverfisstefnu og markmið til að gera betur í þessum málum," segir Guðný. „Við erum ánægð með þróunina hjá okkur og ætlum okkur að gera sífellt betur. Það er einfaldlega eina leiðin til framtíðar."

# Byrjum í garðinum heima

**Tómas Knútsson vill vekja fólk til umhugsunar um slæma umgengni um náttúruna. Hann stofnaði umhverfissamtökin Bláa herinn 1995 og hefur staðið fyrir hreinsunarverkefnum um allt land.**

Síðustu tvo áratugi hefur Blái herinn hreinsað 1.400 tonn af rusli úr náttúru landsins í yfir tvö hundruð skipulögðum verkefnum. Sex þúsund manns hafa lagt hönd á plóg og eru vinnustundir sjálfboðaliða orðnar sextíu þúsund. Á síðasta ári stóð Blái herinn fyrir þrjátíu hreinsunarverkefnum í níu sveitarfélögum þar sem hreinsuð voru upp 35.080 kíló af rusli,“ segir Tómas Knútsson, stofnandi umhverfissamtakanna Bláa hersins. Hann segir náttúruna eiga undir högg að sækja og vitundarvakningar sé þörf. Yfirgengilegt magn af rusli endi úti í náttúrunni og það sé þjóð sem kenni sig við hreinleika til skammar.

„Mér finnst í raun með ólíkindum hversu mikið af rusli er látið liggja úti á víðavangi og við getum ekki lengur lokað augunum fyrir því. Þetta er umhugsunarefni fyrir þjóð sem gerir út á hreinleika og hreinar afurðir, íslenskur fiskur er markaðssettur sem hrein afurð en allar fjörur eru fullar af rusli!

Blái herinn hefur með starfi sínu undanfarin ár vakið marga til umhugsunar um hvað mikið er í ólestri. Náttúran á undir högg að sækja. Við göngum einfaldlega illa um landið og höfum ekki leyst það sem þarf til að búa hérna. Sorphirðu- og fráveitumál eru ekki fullkomin. Það kann til dæmis ekki góðri lukku að stýra að urða 53 prósent þess sem frá okkur kemur,“ segir Tómas. „Nú mun allt hráefni sem Blái herinn hreinsar framvegis fara í endurvinnslu hjá Feng í Hveragerði.“ (Pure North Recycling).



Tómas Knútsson, stofnandi Bláa hersins. Frá árinu 1995 hefur Blái herinn hreinsað upp 1.400 tonn af rusli úr íslenskri náttúru í sjálfboðastarfi.



Margrét Hugadóttir og Rannveig Magnúsdóttir frá Landvernd ásamt Tómasi á ráðstefnunni Lets do it World sem fram fór í Tallinn í Eistlandi á þessu ári.

## Verkefni fram undan

Blái herinn mun í samstarfi við Landvernd taka þátt í samnorræna hreinsideginum þann 5. maí næstkomandi. Gengið verður um Reykjanesið og fjörur hreinsaðar. Þá munu samtökin einnig blása til þátttöku í Alheimshreinsideginum þann 15. september.

„Við munum hvetja sveitarfélög til að standa fyrir hreinsunarverkefnum og uppákomum í allt sumar. Afrakstur þeirra verkefna verður skrásettur og birtur á vefsíðunni hreinsumisland.is sem Landvernd heldur utan um. Þegar kemur að alheimsdeginum sjálfum í haust verðum við því komin með gagnagrunn yfir okkar framlag til þessa dags,“ útskýrir Tómas.

Hann segir að sveitarfélög og stjórnvöld verði að huga betur að umhverfismálum. Almenningur verði þó einnig að horfa í eigin barm.

„Við þurfum að leysa ýmis hegðunarvandamál og tileinka okkur lífsstíl sem skilur ekki eftir sig slóð af vandamálum. Plastið er ekki versti óvinur náttúrunnar, það er eigandi plastsins. Fyrst og fremst ættum við að líta í eigin barm og skoða nærumhverfið. Hóa svo í nágrannana, bretta upp ermar og fara út að tína rusl. Við fáum út úr því frískandi útiveru í leiðinni. Ef allir tækju 100 fermetra, yrði allt tandurhreint hér á mettíma.“

Nánari upplýsingar er að finna á **www.blaiherinn.is.** Styrktaraðilar Bláa hersins eru meðal annarra Toyota, HB Grandi., dive.is og Isavia.

# Samtaka um samfélagsábyrgð

**Tæplega 100 fyrirtæki og stofnanir á Íslandi hafa gerst félagar í Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja.**

Félagar Festu eru eins fjölbreyttir og þeir eru margir. Stærsta sveitarfélag á landinu er félagi, ýmis stórfyrirtæki, ný sprotafyrirtæki, sjálfseignarfélög og smáfyrirtæki eru allt hluti af félagamynstri Festu og hafa því ákveðið að setja samfélagsábyrgð og sjálfbærni á oddinn.

## Heiðarleiki og ábyrgð

Með því að ganga í Festu gangast fyrirtækin undir siðareglur samtakanna; félagar skulu leitast við að stunda ábyrga starfsemi og gefa rétta mynd af samfélagsábyrgð sinni. Hver og einn ber ábyrgð á því að starfa í anda gilda Festu af heiðarleika og stuðla að þekkingarmiðlun og samvinnu um samfélagsábyrgð.

## Tengslanet og þekkingarmiðlun

Í hverjum mánuði hittast félagar Festu, einn frá hverju fyrirtæki, á tengslafundi þar sem eitt fyrirtæki eða ákveðin málefni eru tekin fyrir. Það er gríðarlega verðmætt að hafa aðgengi að svona samfélagi til að sækja þekkingu í og innblástur. Það er áhugavert að sjá að flest fyrirtæki sem byrja að feta veginn í átt að meiri samfélagsábyrgð og sjálfbærni, sama hvers eðlis starfsemi þeirra er eða hversu marga starfsmenn þau telja, þá spyrja þau sig öll sömu spurninganna og lenda oft á sömu veggjum. Þá er einstaklega verðmætt að geta skipst á upplýsingum og reynslu til að komast hratt og örugglega yfir hindranir.

## Víðtækt samstarf

Hugtakið samfélagsábyrgð hefur þróast frá því að snúast aðallega um góðgerðarmál yfir í að snerta velflesta þætti í starfsemi fyrirtækja. Viðskiptasiðferði, jafnrétti, umhverfismál, vinnuvernd, mannréttindi og aðgerðir gegn spillingu eru allt lykilhugtök. Hlutverk Festu er að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til samstarfs og aðgerða á þessu sviði. Til þess að þjóna þessu hlutverki sem best tökum við þátt í ýmsum samstarfsverkefnum, til að mynda með Reykjavíkurborg, Ferðaklasanum og stjórnvöldum, og höldum auk þess fjölda viðburða og vinnustofa í hverjum mánuði sem tengjast þessum málefnum sem félagar í Festu fá boð á og afslátt af.


Í hverjum mánuði hittast félagar Festu, einn frá hverju fyrirtæki, á tengslafundi þar sem eitt fyrirtæki eða ákveðin málefni eru tekin fyrir.

## Framþróun og ný tækifæri

Okkar reynsla er sú að aukin áhersla á samfélagsábyrgð og sjálfbærni verið aflgjafi og uppspretta nýrra viðskiptatækifæra sem veitir fyrirtæki eða stofnun innblástur og kraft til að bæta árangur sinn. Samfélagsleg ábyrgð krefst oft endurskoðunar og breytinga á rekstri og þjónustu og fjöldamörg dæmi um að fyrirtæki skapi þannig ný verðmæti til hagsbóta bæði fyrir sig og samfélagið. Stofnuð hafa verið fyrirtæki sem fullnýta hráefni sem áður var hent, til að mynda í sjávarútvegi, landbúnaði stóriðju og orkugeiranum. Önnur fyrirtæki hafa þróað vörur og þjónustu til að leysa félagslegar eða umhverfislegar áskoranir, eins og hugbúnað sem eykur gagnsæi og öryggi, verslun sem býður vörur sem auðvelda neytendum að vera umhverfisvænir, ráðgjafarfyrirtæki sem auðveldar jafnrétti á vinnustað. Sem dæmi þá blasa við okkur fjölmargar áskoranir um sjálfbærni í ferðaþjónustu, bæði tengdar umhverfinu og félagslegum þáttum. Þessar áskoranir fela í sér viðskiptatækifæri þar sem einyrkjar og fyrirtæki koma fram með hagkvæmar og snjallar lausnir. Þannig er krafan um sjálfbærni hvati til nýsköpunar.

## Miðlun af hinu góða

Það er ekki nóg að vera með góða stefnu í málefnum samfélagsábyrgðar og sjálfbærni heldur er einnig mikilvægt að miðla slíkri starfsemi bæði inn og út á við. Starfsfólk kann að meta það þegar fyrirtækin sem þeir starfa hjá standa sig vel og almenningur vill frekar kaupa þjónustu af fyrirtæki sem eru ábyrg. Þannig skapast gagnkvæmi ávinningurinn sem er svo mikilvægur. Festa reynir auk þess að leggja sitt af mörkun í slíkri miðlun og bendir á nýjungar, góðar hugmyndir og fyrirmyndir í samfélagsábyrgð á Íslandi.

## Hefur þitt fyrirtæki góð áhrif á samfélagið?

Að gerast félagi í Festu er heillaspor fyrir hvers kyns fyrirtæki. Hvort sem fyrirtækið þitt er að feta sín fyrstu spor í áætlana- og stefnugerð um samfélagsábyrgð eða er lengra komið þá er alltaf verðmæti fólgið í því að tengjast og læra af öðrum sem eru í svipuðum hugleiðingum og vinnu.

Freyja Steingrímsdóttir verkefnastjóri hjá Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð.





Upplýstir viðskiptavinir okkar eiga kost á að fá Grænt ljós, sem staðfestir að þeir noti **100% endurnýjanlega orku**. Það felur í sér tækifæri til aðgreiningar á markaði þar sem græn vottun gegnir lykilhlutverki. Þú sækir um Grænt ljós á **www.orkusalan.is**.

orkusalan

422 1000 | orkusalan@orkusalan.is | orkusalan.is | Finndu okkur á Facebook

Brandenburg / SIA



Gas- og jarðgerðarstöð rís í Álfsnesi.

# Mikilvægt samfélagsverkefni fram undan í úrgangsmálum

## Urðun á lífrænum heimilisúrgangi verður hætt með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar höfuðborgarsvæðisins.



Flest efni eiga nýtingarfarveg. Upplýsingar um flokkun og endurvinnslu eru á flokkunarvef SORPU.

Fram undan eru breyttir tímar í meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu með nýrri gas- og jarðgerðarstöð SORPU. Stöðin mun anna allt að 35.000 tonnum af lífrænum heimilisúrgangi og er áætlað að framleiðslan verði annars vegar um 3 milljónir Nm$^3$ af metangasi, sem hægt er að nýta sem eldsneyti á ökutæki, og hins vegar 10-12.000 tonn af jarðvegsbæti á ári, sem hentar vel til landgræðslu.

Reykjavíkurborg hefur úthlutað SORPU 82 þúsund fermetra lóð undir stöðina í Álfsnesi. Gólfflötur bygginga er áætlaður 12.800 fermetrar en gert er ráð fyrir að hægt verði að tvöfalda stærð stöðvarinnar í framtíðinni ef þörf krefur. Stöðin samanstendur af móttöku fyrir úrgang, vinnslusal og þrjátíu þroskunarklefum fyrir jarðvegsbæti, auk tanka til gasgerðar.

Aðdragandinn að byggingu stöðvarinnar er langur en upphaf undirbúnings má rekja aftur til ársins 2009 þegar 34 sveitarfélög á suðvesturhorni landsins samþykktu sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Með undirritun á eigendasamkomulagi árið 2013 var síðan verkefni um gas- og jarðgerðarstöð endanlega formgert. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og sérstök samþykkt stjórnar SORPU bs. felur í sér ákvörðun um að hætta að urða lífrænan og brennanlegan úrgang árið 2020 og er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar mikilvægur áfangi á þeirri vegferð, auk þess sem stöðinni er ætlað að koma í veg fyrir lyktarmengun frá urðunarstaðnum. Eigendasamkomulagið frá árinu 2013 gerir ráð fyrir að umrædd gas- og jarðgerðarstöð vinni á lífrænum heimilisúrgangi. Tæknilausn var valin eftir útboð á Evrópska efnahagssvæðinu og er það danskt fyrirtæki, Aikan A/S sem útvegar og fyrirskrifar tæknina.


Baggað plast á leið í endurvinnslu.

### Útlitið endurspeglar vistvæna starfsemi

Vorið 2017 var efnt til samkeppni um útlit stöðvarinnar og samþykkti stjórn SORPU tillögu frá arkitektastofunni Batteríinu. Markmið tillöguhöfunda er að skapa grænt og hlýlegt yfirbragð, sem endurspeglar eðli starfseminnar, þ.e. vistvænnar orkustöðvar, í samspili við umhverfið.

Bygging stöðvarinnar var boðin út í október 2017 og voru tilboðin opnuð 23. janúar 2018. Öll tilboðin voru umfram áætlun og ákvað stjórn að hafna þeim öllum. Framkvæmdastjóra var í kjölfarið falið að hefja samningskaupaferli við þá bjóðendur sem uppfylla fjárhagslegar og tæknilegar kröfur, sbr. heimild í lögum um opinber innkaup. Enn er ekki ljóst hver byggingaraðilinn verður.

### Yfir 95% endurnýting heimilisúrgangs

Áætlað er að bygging hefjist á vordögum 2018, prufukeyrsla hefjist vorið 2019 og fullum afköstum stöðvarinnar verði náð seinni hluta árs 2019. Nú er einnig búið að setja upp vélbúnað í móttöku- og flokkunarstöð SORPU sem mun auka verulega flokkun plasts frá öðrum heimilisúrgangi og þar með endurvinnslu á plasti. Þegar gas- og jarðgerðarstöðin verður að fullu komin í gagnið er ráðgert að yfir 95% heimilisúrgangs verði endurnýtt með einum eða öðrum hætti.

Vinnsla lífræns úrgangs í gas- og jarðgerðarstöðinni krefst forvinnslu á öllum heimilisúrgangi. Málmar og plast verður því flokkað vélrænt frá öðrum efnum, m.a. með seglum og pokaskilju sem blæs léttum pokum með plasti frá öðrum úrgangi. Það sem eftir stendur er síðan flokkað eftir stærð í tvo flokka, þar sem annar er að megninu til lífrænt efni, s.s. matarleifar, gæludýraúrgangur o.s.frv. Til að byrja með munu báðir flokkar fara til vinnslu í gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi en búast má við að annar vinnslufarvegur verði fyrir valinu fyrir grófari hlutann síðar meir.

Markmiðið er að nýta sem best allan lífrænan úrgang sem til fellur á heimilum á höfuðborgarsvæðinu og meðhöndlun á efninu bæði fyrir og eftir niðurbrot tryggir að plast, málmar og önnur efni fari í réttan farveg. Íbúar verða áfram hvattir til að flokka og skila pappír, textíl, gleri, öðrum endurvinnsluefnum, spilliefnum, raftækjum og lyfjum í þar til gerða farvegi, s.s. blátunnu, grenndargáma og á endurvinnslustöðvar. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að íbúar flokki betur lyf, raftæki, spilliefni og gler. Þannig má tryggja sem besta nýtingu þeirra hráefna sem felast í úrgangi, með sem minnstum tilkostnaði fyrir samfélagið.

### Gas- og jarðgerðarstöð er loftslagsmál

Gas- og jarðgerðarstöðin er mikilvægt skref í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda vegna meðhöndlunar úrgangs. Nýting metans í stað jarðefnaeldsneytis á ökutæki hefur í för með sér verulegan ávinning fyrir umhverfið. Metan sem nú er unnið á urðunarstað SORPU er eina umhverfisvottaða eldsneytið á Íslandi, en það ber norræna umhverfismerkið Svaninn. Ætlað er að metanframleiðsla SORPU muni tvöfaldast með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar. Þá verða þúsundir tonna af jarðvegsbæti úr lífrænum heimilisúrgangi öflugur liðsauki í landgræðslu og skógrækt. Nýting jarðvegsbætisins mun stuðla að bindingu kolefnis í gróðri og eru þá ótalin önnur þau gæði sem felast í aukinni gróðurþekju á örfoka landi.



Fjölbreytt úrval nytjamuna fæst í Góða hirðinum.

### Samfélags- og umhverfisávinningur fara saman

SORPA hefur í gegnum tíðina haft frumkvæði að fjölmörgum verkefnum sem snúa að samfélags- og umhverfismálum. Dæmi um velheppnað verkefni er rekstur Góða hirðisins, þar sem gamlir munir og húsbúnaður fá nýtt líf í höndum nýrra eigenda og ágóðinn rennur til góðgerðarmála. Frá upphafi hafa tæplega 220 milljónir runnið til góðgerðarmála í gegnum Góða hirðinn og yfir 11.000 tonn af húsbúnaði fengið nýtt líf hjá nýjum eigendum. Þá hefur SORPA verið í samstarfi við Rauða krossinn og fleiri félagasamtök um söfnun á fatnaði, skóm, kertavaxi og dósum og flöskum svo dæmi séu tekin, þar sem endurnýting og samfélagslegur ávinningur fara saman.

### Að auka umhverfisvitund og draga úr myndun úrgangs

SORPA sinnir öflugu fræðslustarfi og hefur gert frá árinu 1996. Það felst fyrst og fremst í móttöku skólahópa og er tekið á móti um 2.500 nemendum á ári, auk annarra hópa, í fræðslu. Í fræðslustarfinu er lögð áhersla á leiðir til að draga úr myndun úrgangs og hvað það þýðir að vera umhverfislega ábyrgur neytandi. Umhverfisáhrif mismunandi úrgangstegunda eru rædd og nemendur fá tækifæri til þess að sjá með eigin augum hvernig vinnslunni er háttað hjá SORPU.

### Mikilvægt hjálpartæki við rétta flokkun úrgangs

Flokkunarvef SORPU, flokkid.sorpa.is, er ætlað að gera upplýsingar um flokkun úrgangs, gjaldskyldu og starfsstöðvar SORPU aðgengilegri á rafrænu formi. Notendur geta nú auðveldlega slegið inn leitarorð og er þá beint inn í viðeigandi úrgangsflokk, geta skoðað hvert hægt er að skila mismunandi flokkum og séð staðsetningu grenndarstöðva og starfsstöðva á korti. Einnig má skoða yfirlitsmyndir af endurvinnslustöðvum og sjá hvar tiltekinn úrgangsflokkur er að finna innan stöðvanna. Vefurinn hlaut nýlega íslensku vefverðlaunin sem samfélagsvefur ársins 2017 og verður það sannarlega hvatning við áframhaldandi þróun hans.

**SORPA er í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Leiðarljós byggðasamlagsins er að hámarka umhverfislegan ávinning en um leið að finna hagkvæmustu lausnir á meðhöndlun úrgangs þannig að óhóflegur kostnaður lendi ekki á íbúum svæðisins.**

### Aukið samstarf við háskóla

Í stefnumótun SORPU kemur fram skýr vilji til að efla samstarf við háskólaumhverfi með þróunar- og rannsóknarverkefnum. Árið 2017 unnu fjórir meistaranemar frá erlendum háskólum að rannsóknum sem tengjast undirbúningi gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, auk þess sem aðstaða til rannsókna var bætt til muna. Í febrúar var svo gerður samstarfssamningur við umhverfis- og auðlindafræði í Háskóla Íslands um þátttöku í starfsþjálfun meistaranema námsleiðarinnar.

SAMFÉLAGSVEFUR ÁRSINS




Á flokkunarvef SORPU finnur þú flokkunarleiðbeiningar og allar upplýsingar um:

- Endurvinnslustöðvar
- Grenndargáma
- Opnunartíma
- Gjaldskrá

SORPA

Kynntu þér flokkunarvefinn á **flokkid.sorpa.is**




Kynntu þér flokkunarvefinn á **flokkid.sorpa.is**

SORPA | Gylfaflöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | sorpa.is

# Ábyrgari bankaþjónusta

## Starfsfólk Arion banka hefur frá stofnun bankans lagt ríka áherslu á að starfa með ábyrgum hætti. Helsta markmiðið er að veita þægilegri bankaþjónustu í sátt við samfélag og umhverfi.

Allt frá stofnun Arion banka hafa stjórnendur og starfsfólk bankans lagt ríka áherslu á að starfa með ábyrgum hætti. „Við gerum okkur grein fyrir að Arion banki er samfélagslega mikilvægt fyrirtæki og við tökum þá ábyrgð mjög alvarlega,“ segir Gunnlaugur Bragi Björnsson á samskiptasviði Arion banka, en hann hefur sinnt verkefnastjórnun á sviði samfélagsábyrgðar hjá bankanum.

Þess vegna er ábyrg starfsemi og fagleg ákvarðanataka meginstefið í samfélagsábyrgð bankans. „Við settum okkur snemma siðareglur og skýra ferla til að stuðla að faglegri og ábyrgri ákvarðanatöku á öllum sviðum bankans. Það var svo árið 2015 sem vinna við endurskoðun stefnu bankans á þessu sviði hófst en þá fengum við til liðs við okkur erlenda sérfræðinga á sviði samfélagsábyrgðar sem aðstoðuðu okkur í þeirri vinnu.“

### Mikilvæg grunnstef

Útkoman var ný stefna Arion banka um samfélagsábyrgð sem skilgreinir helstu haghafa bankans auk þess að undirstrika helstu grunnstefin sem bankinn leggur áherslu á. „Við horfum á viðskiptavinina, starfsfólkið, fjárfestana sem og samfélagið allt sem hagsmunaaðila bankans enda er starfsemin mjög víðfeðm og snertir stóran hluta landsmanna með einum eða öðrum hætti.“ Grunnstefin sem stefnan undirstrikar tengjast öll þessum hagsmunaaðilum en þau snúa að þægilegri bankaþjónustu, ábyrgum viðskiptaháttum, skapandi efnahagslífi, virðingu fyrir umhverfinu og að bankinn sé eftirsóknarverður vinnustaður.

### Fjármálalæsi og nýsköpun

Á undanförnum árum hefur Arion banki lagt sérstaka áherslu á fjármálalæsi og nýsköpun, en bankinn á og starfrækir viðskiptahraðalinn Startup Reykjavík, fyrsta viðskiptahraðalinn hér á landi. Startup Energy Reykjavík er svo samstarfsverkefni með helstu fyrirtækjum landsins í orkutengdum iðnaði. Þegar kemur að fjármálalæsi hefur Arion banki m.a. verið í samstarfi við tónlistarmanninn og hagfræðinginn Jón Jónsson. „Við stöndum



„Við settum okkur snemma siðareglur og skýra ferla til að stuðla að faglegri og ábyrgri ákvarðanatöku á öllum sviðum bankans,“ segir Gunnlaugur Bragi Björnsson á samskiptasviði Arion banka. MYND/VILHELM

**„Við horfum á viðskiptavinina, starfsfólkið, fjárfestana sem og samfélagið allt sem hagsmunaaðila bankans.**

fyrir fjölda námskeiða og fræðslufunda með það að markmiði að efla þekkingu viðskiptavina á fjármálum en í okkar daglegu störfum er svo aðaláherslan á það að veita góða og þægilega bankaþjónustu. Við hlustum á viðskiptavini okkar og leitum stöðugt leiða til að gera betur í dag en í gær,“ útskýrir Gunnlaugur.

### Fremsti stafræni bankinn

Árið 2016 setti Arion banki sér markmið um að verða fremsti bankinn á Íslandi á sviði stafrænnar þjónustu og stórauka þannig aðgengi viðskiptavina að bankaþjónustu. „Við höfum nú þegar náð góðum árangri, og ég leyfi mér að segja afgerandi forystu, á þessu sviði. Á undanförnu einu og hálfu ári höfum við kynnt vel á annan tug nýrra lausna á vef bankans eða í appinu sem auðvelda viðskiptavinum okkar að sinna bankaviðskiptum hvar og hvenær sem þeim hentar.“

Með þessu vísar Gunnlaugur meðal annars til greiðslumats á netinu og stafrænna umsókna um íbúðalán. Einnig hækkunar og lækkunar heimilda á reikningum og kreditkortum, dreifingar kreditkortareikninga og fjölda annarra lausna sem bankinn hefur kynnt. „Nýju lausnirnar hafa allar fallið í góðan jarðveg hjá viðskiptavinum og við sjáum að notkun þeirra fer sífellt vaxandi. Í fyrra opnuðum við svo endurnýjað útibú í Kringlunni þar sem við leggjum sérstaka áherslu á að styðja við þessar nýju lausnir og kennum viðskiptavinum okkar að nýta þær með markvissum hætti. Í Kringlunni bjóðum við einnig upp á ráðgjöf í gegnum fjarfundarbúnað sem hefur mælst afar vel fyrir en auk þess er afgreiðslutíminn þar rýmri en í öðrum bankaútibúum hér á landi. Samhliða nýjum stafrænum lausnum leggjum við að sjálfsögðu einnig ríka áherslu á persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í útibúum okkar, allt eftir þörfum viðskiptavina.“

### Umhverfismálin skipta máli

„Við höfum unnið að fjölda verkefna frá því að ný stefna bankans um samfélagsábyrgð var kynnt og ráðist í fjölda aðgerða til að sýna frumkvæði og ábyrgð á þessu sviði. Eitt af því sem við höfum lagt áherslu á að undanförnu er að auka enn frekar upplýsingagjöf um áhrif bankans á samfélag og umhverfi. Í síðustu viku birtum við rafræna ársskýrslu bankans fyrir síðasta ár en þar er einmitt ítarlega fjallað um þessi mál.“

Þó svo að neikvæð áhrif bankastarfsemi á umhverfi séu óveruleg segir Gunnlaugur að öll fyrirtæki hafi fjölmörg tækifæri til að setja umhverfismálin á oddinn. „Við sjáum að það skiptir starfsfólk máli að bankinn geri það sem hann getur til að vernda umhverfið en undanfarin ár höfum við lagt ríka áherslu á að flokka sorp á starfsstöðvum bankans. Þá höfum við einnig gert átak í að draga úr notkun einnota plasts og réðumst fyrir um tveimur árum í metnaðarfullt verkefni til að minnka matarsóun í stærstu mötuneytum bankans,“ segir Gunnlaugur en bætir jafnframt við að verkefni á þessu sviði séu langhlaup fremur en spretthlaup. „Þetta er vegferð sem við ákváðum að leggja upp í vitandi að sum verkefnin eru einföld og hægt að ráðast í þau án mikils undirbúnings á meðan önnur taka einfaldlega lengri tíma. Þess vegna er mikilvægt að hafa stefnu og aðgerðaáætlun og vinna sig svo í rétta átt, á þeim hraða sem hentar hverju fyrirtæki fyrir sig.“

# Hver er þín ábyrgð?

## Fyrirtæki huga í auknum mæli að samfélagsábyrgð og sjálfbærni í áætlanagerð og stefnumótun en þó eiga mörg fyrirtæki bæði hérlendis og úti í hinum stóra heimi langt í land.

Þótt mörg fyrirtæki reyni að skapa aukinn ávinning fyrir samfélag og umhverfi, er eðli málsins samkvæmt lokatakmark þeirra alltaf að skapa fjárhagslegan ávinning.

En til að skapa þennan fjárhagslega ávinning þurfa þau að þjóna neytendum.

Neytendur eru í auknum mæli farnir að gera þá kröfu að fyrirtækin sem þau versla við með vöru eða þjónustu séu ábyrg gagnvart umhverfi og samfélagi, að þau fari vel með starfsfólk sitt og viðskiptasiðferði sé til fyrirmyndar.

Fyrirtæki reyna því að þjóna neytendum sínum og eru í auknum mæli farin að flétta samfélagsábyrgð inn í stefnu sína og starfsemi og miðla henni síðan til neytenda til að skapa fjárhagslegan ávinning.

Við sem neytendur tökum nefnilega á hverjum degi fjöldamargar ákvarðanir sem hafa áhrif. Þær



**Við þurfum öll að taka ábyrgð á eigin neyslu og skoða hvernig neyslumynstur okkar hefur áhrif á umhverfi og samfélag.**

hafa áhrif á annað fólk, á umhverfi okkar og þar fram eftir götunum. Við ákveðum hvernig vörur við ætlum að kaupa, hvort þær komi í veigamiklum plastumbúðum og hvort við endurvinnum svo plastið. Við ákveðum hvort við kaupum frá snyrtivörumerkjum sem nota lifandi dýr í vöruþróun sinni, hvort við tökum einnota prjóna með asíska skyndibitanum, hvort við tökum bílinn í vinnuna, hvort við kaupum annan bíl fyrir heimilið, hvers konar bíl þá og svona er lengi hægt að telja.

Við þurfum öll að taka ábyrgð á eigin neyslu og skoða hvernig neyslumynstur okkar hefur áhrif á umhverfi og samfélag. Í orði gerum við miklar kröfur til fyrirtækja og þurfum að fylgja því eftir á borði. Reynum að versla við fyrirtæki sem standa sig vel gagnvart samfélagi og umhverfi eða þá þrýsta á fyrirtækin sem við verslum við að gera betur. Mörg íslensk og erlend fyrirtæki eru farin að birta samfélagsábyrgðarskýrslur sínar á netinu og þannig er hægt að forvitnast um stefnu þeirra. Einnig er hægt að skoða hvort íslensk fyrirtæki séu félagar í Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, en félagar gangast undir siðareglur þar sem lofað er að stunda ábyrga starfsemi og gefa rétta mynd af samfélagsábyrgð sinni.

Freyja Steingrímsdóttir verkefnastjóri hjá Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð.



Nýleg könnun sýnir að viðskiptavinir eru ánægðir með umhverfisáherslu Nettó. Gunnar Egill Sigurðsson er framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa sem reka meðal annars Nettó-verslanirnar.

# Af hverju ekki að setja umhverfismálin á oddinn?

**Samkaup hafa lagt áherslu á umhverfisvernd undanfarin tíu ár, meðal annars með því að veita afslátt af vörum sem nálgast síðasta söludag, með átaki í sölu fjölnotapoka og styrkjum til menningar-, æskulýðs- og íþróttastarfs. Undir Samkaup heyra einnig Nettó, Kjörbúðin og Krambúðin.**

Nettó hefur undanfarin ár lagt mikla áherslu á að leggja sitt af mörkum þegar kemur að umhverfisvernd og hefur með ýmsum hætti bætt starfsemi sína og verklag út frá umhverfislegu sjónarmiði.

„Upphafið má rekja til ársins 2008 þegar við byrjuðum markvisst að vinna í sorpflokkun í öllum okkar verslunum. Þá voru aðrir lítið að spá í þessum málum en okkur fannst þetta mikilvægt," segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa, og bætir við að það sé fyrirtækinu mikilvægt að leggja sitt af mörkum til að vinna umhverfinu gagn. „Ráðist hefur verið í verkefni eins og til dæmis minni sóun sem gengur út á að veita stighækkandi afslætti af vörum þegar nær dregur síðasta söludegi, og átak í sölu á fjölnotapokum," segir Gunnar Egill. „Þá má ekki gleyma diskósúpunni sem hefur verið tekið fagnandi á landsvísu en það verkefni fól í sér að safna saman grænmeti í Nettó-verslunum og nota í súpu sem Nettó hefur boðið upp á á mörgum bæjarhátíðum landsins." Af öðrum verkefnum má nefna Strandhreinsunarátakið sem var unnið í samstarfi við Bláa herinn og Landvernd en þá tóku starfsmenn Nettó sig saman ásamt íþróttafélögum á svæðinu og hreinsuðu strendur á Reykjanesi. „Árið 2017 markaði svo tímamót í sögu Nettó þegar klárað var að setja lok á allar frystikistur verslana sem skilaði sér í 40% orkusparnaði yfir árið. Síðustu ár hefur Nettó innleitt fullbúið rakakerfi í verslanir sem ýtt hefur undir frekari gæði og ferskleika í ávaxta- og grænmetisdeildum. Eins höfum við endurnýtt orku í sumum verslunum þar sem við tökum varma sem kemur frá kælivélum til notkunar í gólfhita."

Þá hefur Nettó um áraraðir lagt rausnarlega á vogarskálarnar á landsvísu þegar kemur að styrkjum til menningar-, æskulýðs- og íþróttastarfs. „Stefna Nettó er að halda áfram slíkum verkefnum og leggja sitt af mörkum til samfélagsins," segir Gunnar og bætir við: „Nettó hefur jafnframt reynt eftir fremsta megni að versla í heimabyggð með það íslenska grænmeti sem í boði er hverju sinni. Samhliða kynningu og markaðssetningu á þessum málefnaflokki út á við hefur fyrirtækið haldið uppi öflugu innra markaðsstarfi." Liður í innra markaðsstarfinu er t.d. að

> **Til að mynda veitti Nettó yfir 171.000.000 kr. í afslætti af vörum sem merktar voru með minni sóun. Alls hafa verið gefnir og seldir 160.000 fjölnotapokar undanfarin ár og sala plastpoka dregist saman um 20%.**

halda námskeið fyrir starfsfólk í þessum málefnaflokki er snýr að nýsköpun og umhverfisvitund. „Með samstilltu átaki starfsfólks og viðskiptavina Nettó hefur náðst gríðarlega góður árangur," segir Gunnar Egill. „Til að mynda veitti Nettó yfir 171.000.000 kr. í afslætti af vörum sem merktar voru með minni sóun. Alls hafa verið gefnir og seldir 160.000 fjölnotapokar undanfarin ár og sala plastpoka dregist saman um 20%. Nettó hefur jafnframt leitað lausna í að tengja netverslun og átak í notkun fjölnotapoka saman og í janúar 2018 voru t.a.m. allar pantanir sem bárust í gegnum netverslun afgreiddar í fjölnotapokum án endurgjalds."

Nettó hefur sett sér það að markmiði að vera leiðandi fyrirtæki á sviði tæknilegra lausna á matvörumarkaðnum og opnaði fyrstu lágverðsnetverslunina í september 2017. „Nettó er sífellt að leita nýrra leiða til að þjónusta viðskiptavini sína sem allra best og er netverslunin einn þátturinn í að koma til móts við breyttar þarfir og óskir viðskiptavina. Í netverslun Nettó geta viðskiptavinir keypt vöru á aðgengilegan og þægilegan hátt. Viðskiptavinum býðst síðan að fá vöruna senda heim að dyrum eða að sækja á sölustað. Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa enda er stærsti kosturinn við netverslunina tímasparnaður. Þá má líka benda á að með því að keyra vörurnar heim verða samlegðaráhrif í akstri sem fækkar keyrðum kílómetrum töluvert sem er gott fyrir umhverfið.

Öllum þessum verkefnum er svo fylgt eftir með mælingum til að meta hvar við stöndum hverju sinni og hvort við séum á réttri leið. Nýlega tókum við saman greiningu á sorpmálum fyrir árið 2017 og ánægjulegt er að sjá að við erum að ná markmiðum okkar í sorpflokkun fjórða árið í röð en alltaf má gera betur og nú leitum við leiða til að auka sorpflokkun enn frekar."

En hvers vegna lætur Nettó sér svo annt um umhverfið? „Stjórnendur og starfsfólk Nettó lítur á það sem okkar samfélagslegu ábyrgð að skilja betur við jörðina en við tókum við henni. Þannig að í stað þess að hugsa um hvers vegna þá spyrjum við frekar af hverju ekki að setja umhverfismálin á oddinn," segir Gunnar og bætir við: „Að lokum má geta þess að í nýlegri mælingu meðal viðskiptavina okkar sjáum við að þeir eru ánægðir með átak okkar í umhverfismálum og vilja sjá okkur stíga frekari skref í átt að betra umhverfi – við tökum þau skilaboð alvarlega og munum enn á ný setja okkur metnaðarfull markmið í umhverfismálum til komandi missera."

# Samfélagsábyrgð í verki

Vodafone hefur um árabil sýnt samfélagsábyrgð í verki, bæði með því að styðja við samfélagsleg verkefni en líka með breytni sinni í innra skipulagi fyrirtækisins.

Samfélagsábyrgð Vodafone skiptist í þrjú áherslusvið; sameiginlegt virði, sjálfbærni og hlítni sem er dregið af söghninni að hlíta eða fara að reglum," segir Sif Sturludóttir, forstöðumaður hjá Vodafone. „ Áhersla er lögð á að hámarka jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir félagið og alla hagsmunaaðila."

Hún segir Vodafone sýna samfélagsábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu af fagmennsku og ábyrgð. „Við leggjum okkar af mörkum við uppbyggingu og framþróun samfélagsins með því að veita mikilvæga þjónustu og stuðla að virkri samkeppni á markaðnum," segir hún og bætir við: „Við styðjum við nýsköpun og vinnum með íslenskum frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum. Má þar sem dæmi nefna viðskiptaþróunarkeppnina Stökkpallinn sem Vodafone stofnaði í tengslum við Startup Iceland ráðstefnuna 2016. Vodafone var einnig einn af stofnaðilum viðskiptahraðalsins Startup Tourism en honum er ætlað að stuðla að faglegri undirstöðu hjá nýjum fyrirtækjum í ferðaþjónustu og dreifingu ferðamanna í kringum landið."

Vodafone er einn aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar og bakhjarl KSÍ. „Við höfum einnig unnið náið með UN Women á Íslandi og UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna." Vodafone hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á Íslandi sem staðfestir að munur á launum karla og kvenna hjá Vodafone er minni en 3,5%. Í greiningu PwC er tekið tillit til áhrifa aldurs, starfsaldurs, fagaldurs, menntunar, starfshóps, stöðu gagnvart jafningjum, hæfniviðmiðs, stöðu í skipuriti og mannaforráða. Þá er upplýsingaöryggi mikilvægur þáttur í starfsemi Vodafone. „Vodafone hefur sett sér stefnu varðandi upplýsingaöryggi og leitast félagið eftir opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagsmunaaðila," segir Sif. „Félagið leitast við að lágmarka þær persónuupplýsingar sem falla til í starfseminni auk þess að skilgreina nákvæmlega rafræn spor viðskiptavina og standa vörð um þær upplýsingar."



Vodafone leggur kapp á að sýna samfélagsábyrgð í verki og styrkir meðal annars KSÍ, Landsbjörg, UN Women og UNICEF. Þá hefur verið tekið mikið tillit til umhverfisins við hönnun og byggingu nýju höfuðstöðvanna á Suðurlandsbraut. Sif Sturludóttir er forstöðumaður hjá Vodafone.

Sif segir að fyrir tæpum tveimur árum hafi verið unnið með öllu starfsfólki að stefnu í samfélagsábyrgð. „Þau áherslusvið sem urðu fyrir valinu eru afrakstur þeirrar vinnu. Við erum mjög ánægð með hvernig til tókst enda skiptir það okkur höfuðmáli að starfsfólkið sjálft tengi við stefnuna. Vodafone styður starfsfólk í að stunda vistvænar samgöngur og veitir samgöngustyrk sem fólk er duglegt að nýta sér en almenningssamgöngur eru mjög aðgengilegar til og frá nýju höfuðstöðvunum á Suðurlandsbrautinni. Við skrifuðum undir loftslagsyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og vinnum eftir henni," segir Sif og bætir við: „Við leggjum mikinn metnað í að flokka sorp rétt og notum eingöngu fjölnota umbúðir og bolla. Við höfum

> **„Áhersla er lögð á að hámarka jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild og skapa þannig sameiginlegt virði.**

minnkað matarsóun verulega m.a. með því að nota minni matardiska. Í nýju höfuðstöðvunum var mikil áhersla lögð á góð birtuskilyrði og hljóðvist og við eflum lýðheilsu með vönduðum skrifborðsstólum og stillanlegum skrifborðum." Ákveðið var að vera eingöngu með LED-perur með tilliti til endingar, ljósgæða, hagkvæmni og áhrifa á umhverfið.

„Vodafone fékk í fyrra viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum" þriðja árið í röð," heldur Sif áfram en Vodafone var fyrst fyrirtækja á Íslandi til að innleiða tilnefningarnefnd vegna hæfismats á stjórnarmönnum. „Góðir stjórnarhættir leiða af sér betri rekstur og fyrirtæki fá viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum eftir úttekt sérstakra úttektaraðila. Við leggjum áherslu á aukna sjálfbærni og leggjum mikið upp úr því að halda jafnvægi á milli efnahags, umhverfis og samfélags auk þess að hlíta íslenskum lögum, reglum og hafa almenn viðmið í heiðri."

# Mikill arður til samfélagsins

Samfélagsleg ábyrgð Neyðarlínunnar felst í auknum lífsgæðum almennings þegar kemur að björgun mannslífa og vörnum á umhverfi, eignum og mannvirkjum landsmanna.

Samfélagsleg ábyrgð er samþætt stefnu og starfsháttum Neyðarlínunnar," segir Magnús Hauksson, rekstrarstjóri Neyðarlínunnar, en með stefnu sinni vill Neyðarlínan leggja sitt af mörkum til að auka jákvæð áhrif af starfsemi sinni, samfélaginu til heilla.

Umhverfisstefna Neyðarlínunnar inniheldur meðal annars græna samgöngustefnu.

„Þar býðst starfsfólki að fá greitt sem nemur aðgangi að almenningssamgöngum, gegn því að minnst 60 prósent ferða til og frá vinnu séu með öðrum hætti en eigin akstri," útskýrir Magnús. Um helmingur neyðarvarða fékk greiddan samgöngustyrk árið 2017 og tveir starfsmenn nýta sér hleðslu á rafmagnsbílum í boði Neyðarlínunnar.

Vel þjálfað og hjálpsamt starfsfólk Neyðarlínunnar stuðlar að því að draga úr afleiðingum slysa og náttúruhamfara.

„Með starfsemi sinni og markvissum forvörnum og fræðslu skilar fyrirtækið miklum arði til samfélagsins. Til að mynda hefur Neyðarlínan, frá árinu 2004, og í samstarfi við Barnaverndarstofu, kynnt 112 sem barnaverndarnúmerið og berast nú um sex prósent allra barnaverndartilkynninga í gegnum 112," útskýrir Magnús.

**Vatnsaflsdrifnar rafstöðvar**

Á undanförnum árum hefur



Magnús Hauksson, rekstrarstjóri 112.

> **„Víða var ekki um aðra orkukosti að ræða en dísilrafstöðvar sem gengu allan sólarhringinn og voru notaðir til þess 120 þúsund lítrar af eldsneyti á ári. Við höfum nú minnkað brennsluna í 10 þúsund lítra, sem er rúmlega 90 prósenta minnkun.**



Heimarafstöð við Laufafell að Fjallabaki sem leysti af hólmi rafstöð í gámi sem brenndi rúmlega 10.000 lítrum af dísilolíu á ári en nú svo til engu.

Neyðarlínan unnið að verkefni sem snýr að því að minnka brennslu jarðefniseldsneytis með tilheyrandi mengun.

„Í samstarfi við fjarskiptafélögin höfum við lagt kapp á að byggja upp og viðhalda neyðar- og öryggisfjarskiptum utan alfaraleiða til að auka öryggi almennings og auðvelda leit og björgun. Neyðarlínan hefur því haft umtalsvert um rekstur fjarskiptastaða utan alfaraleiða að gera. Þar hagaði víða svo til að ekki var um aðra orkukosti að ræða en dísilrafstöðvar sem gengu allan sólarhringinn allt árið og voru notaðir til þess 120 þúsund lítrar af eldsneyti á ári, sem samsvarar tæplega þrefölduð því magni af koltvísýringi," upplýsir Magnús.

Stjórn Neyðarlínunnar ákvað því að ráðast í að minnka þessa miklu olíubrennslu með öllum tiltækum ráðum.

„Þá var ýmist farið í að setja upp litlar vatnsaflsdrifnar rafstöðvar (heimarafstöðvar), vindmyllur og sólarsellur, eða tengja staðina við dreifikerfi RARIK, sem var mikið verkefni, að hluta til unnið í samstarfi við Fjarskiptasjóð. Nú eru aðeins tveir staðir eftir á vegum Neyðarlínu sem keyra allt árið um kring og vonumst við til að þeim fækki í einn á þessu ári, en aðrir þrír eru með varavélar sem keyra einungis af og til," segir Magnús.

Neyðarlínan áformar að byggja í sumar einn stað sem leysir af hólmi stað sem aðrir eiga og er keyrður með jarðefnaeldsneyti.

„Stefna um minnkun notkunar á dísilolíu í framleiðslu rafmagns hefur gengið vel eftir, þótt markmiðin hafi aðeins færst til í tíma eftir að fyrirtækið yfirtók enn fleiri dísilstöðvar frá hinum fjarskiptafélögunum árið 2014. Við höfum nú minnkað brennsluna niður í um 10 þúsund lítra á ári, sem er ríflega 90 prósent minnkun. Það sem eftir stendur kolefnisjöfnum við með Kolvið, og áfram verður leitað allra leiða til að minnka eldsneytisbrennslu. Aðgerðirnar spara mikið fé og gjaldeyri og er vatnsaflsrafstöðin hljóðlaus á meðan talsverður hávaði er frá olíurafstöð," segir Magnús.

Neyðarlínan er aðili að Festu, stofnun um samfélagsábyrgð. Hún fékk jafnlaunavottun VR í árslok 2013 og framhaldsúttekt 2014 og 2015, en þá hætti VR því verkefni. Í apríl 2017 fékk Neyðarlínan svo gullmerki jafnlaunavottunar PWC.

Sjá nánar á 112.is

# Dagleg vinna að bæta okkur

**Nói Síríus flytur inn kakó og kakósmjör frá Fílabeinsströndinni. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að kanna vel framleiðsluaðstæður þar í landi í samstarfi við alþjóðlega aðila, ekki síst til að stuðla að bættri lífsafkomu kakóbænda.**



„Það kom ánægjulega á óvart að sjá hversu langt þetta starf teygir sig og hversu markvisst er unnið að því að bæta allt samfélagið," segir Silja Mist Sigurkarlsdóttir, markaðsstjóri Nóa Síríusar. MYND/ERNIR

Í rekstri fyrirtækis sem sérhæfir sig í matvælaframleiðslu og leggur áherslu á samfélagsábyrgð á öllum stigum framleiðsluferlisins er sérstaklega mikilvægt að fylgjast með því hvernig innflutt hráefni eru framleidd. Nói Síríus flytur inn kakó og kakósmjör frá Fílabeinsströndinni í súkkulaðiframleiðslu sína og hefur lagt mikla áherslu á að kanna vel aðstæður og framleiðsluhætti í samstarfi við alþjóðlega aðila. „Í dag er hægt að velja úr alls konar vottunum og samstarfsleiðum til að stuðla að samfélagslegri ábyrgð," segir Silja Mist Sigurkarlsdóttir, markaðsstjóri Nóa Síríusar. „Eftir langan aðdraganda og rækilega könnun á möguleikum völdum við samstarf við Cocoa Horizons, sem eru samtök sem hafa að markmiði að styðja við sjálfbæran kakólandbúnað og stuðla að fræðslu, framsæknum framleiðsluháttum og bættri lífsafkomu kakóbænda."

## Samfélagið bætt

Fulltrúar frá Nóa fóru m.a. til Fílabeinsstrandarinnar til að kynnast aðstæðum frá fyrstu hendi og segir Silja að sú nálgun hafi verið mjög mikilvæg fyrir fyrirtækið. „Það kom ánægjulega á óvart að sjá hversu langt þetta starf teygir sig og hversu markvisst er unnið að því að bæta allt samfélagið. Meðal annars er boðið upp á betri menntun, tryggt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, aðgang að hreinu vatni með því að grafa fleiri brunna, bændum er kennt að nýta landið betur og almennt er verið að byggja upp innviði samfélagsins. Við hjá Nóa erum mjög ánægð að geta lagt okkar af mörkum til svona uppbyggingar. Það skiptir líka miklu máli að allt þetta ferli er mjög gagnsætt og því auðvelt að fylgjast með því í hvað fjármunirnir fara."

## Góð tilfinning

Samstarfið hefur reynst ákaflega vel og segir Silja að reynslan hingað til sýni mjög skýrt að hagur fyrirtækisins og framleiðendanna fari vel saman. „Það sem sannfærði okkur um ágæti Cocoa Horizons var sú langtímahugsun sem birtist í starfi þeirra. Þetta er ekki bara hefðbundin framleiðsluvottun heldur er markmiðið að bændurnir hagnist á samstarfinu og að það sé ýtt undir sjálfbærni og þróun, bæði í kakóframleiðslunni sjálfri og í samfélaginu í heild. Það sem við sáum á staðnum var að þetta verkefni hefur mikil og jákvæð áhrif sem skila sér í betri lífsafkomu fyrir bændur, meiri uppskeru og betri afurðum."

Samfélagsábyrgð hefur fengið aukið vægi í rekstri fyrirtækja á undanförnum tveimur áratugum, en hvaða máli skiptir sú áhersla fyrir Nóa Síríus? „Það skiptir mjög miklu máli fyrir okkur öll, bæði fyrirtækið sjálft og fyrir starfsfólkið. Það er góð tilfinning að vera starfsmaður hjá fyrirtæki sem lætur gott af sér leiða og vinnur að jákvæðum og uppbyggilegum hlutum sem varða samfélagið."

Hún segir neytendur orðna miklu meðvitaðri en áður um ábyrgð fyrirtækja gagnvart umhverfinu og samfélaginu í heild. Um leið vilji þeir kaupa vörur sem endurspegli þeirra eigin vilja til að byggja upp en ekki skaða. „Og það er okkar sýn líka. Neytandinn á að geta keypt vörur með góðri samvisku og vitað að kaupin verði ekki öðrum til skaða á einhvern hátt. Samfélagsábyrgð virkar þess vegna í báðar áttir því að ábyrgð fyrirtækisins og neytandans liggur saman. Fyrirtækið gefur neytandanum val og neytandinn veitir fyrirtækinu aðhald."

## Styrkja fjölda verkefna

Nói Síríus er eitt af sterkustu vörumerkjum landsins og er nátengt hátíðahaldi og gleðistundum. Hefur saga og staða fyrirtækisins mikið að segja þegar kemur að ákvörðunum um verkefni á sviði samfélagsábyrgðar? „Alveg klárlega. Nói Síríus er í grunninn fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar í nærri 100 ár. Fyrirtækið er byggt á þeim grunni að þetta snúist ekki bara um viðskipti heldur sé rekstur þess hluti af lífinu sem þýðir að fyrirtækið þarf að sýna ábyrgð í verki og skila þeirri sýn áfram til næstu kynslóðar."

Fyrirtækið styrkir t.d. fjölda verkefna á hverju ári með ýmsum hætti að sögn Silju og leggur mikla áherslu á að bæta ýmsa þætti varðandi vörurnar okkar til að þær falli betur að því sem fólk vill sjá í dag. „Við leggjum til dæmis mjög mikla áherslu á að neytendur fái sem bestar upplýsingar á umbúðunum um vörurnar okkar, innihald, ofnæmisvalda og slíkt. Fyrirtækið hefur líka verið að vinna sérstaklega að því að minnka sóun sem verður af umbúðum, bæði innan fyrirtækisins og af vörunum sjálfum. Umhverfismál skipta okkur miklu máli og þau krefjast þess að við séum sífellt að horfa á það hvernig við getum gert betur. Við veljum vistvænni umbúðir umfram aðrar og veljum framleiðendur sem skilja eftir sig sem minnst kolefnisspor í umbúðaframleiðslunni."



Nói Síríus flytur inn kakó og kakósmjör frá Fílabeinsströndinni í súkkulaðiframleiðslu sína.



Markmiðið er að bændurnir hagnist á samstarfinu og að ýtt sé undir sjálfbærni og þróun.

## Standa sig vel

Aðspurð segir hún íslensk fyrirtæki standa sig vel þegar kemur að samfélagsábyrgð. „Íslensk fyrirtæki eru orðin mjög opin fyrir þessu og leggja sífellt meiri áherslu á að sýna samfélagslega ábyrgð. Kannski hefur það líka jákvæð áhrif að það er mjög fljótt að fara út í almenna umræðu þegar kemur í ljós að eitthvað er ekki eins og það ætti að vera. Besta hvatningin er samt auðvitað viljinn til að gera eins vel og hægt er, bæði fyrir neytandann, samfélagið í heild og auðvitað okkur sjálf líka. Þetta er vinna sem þarf að bæta á hverjum degi og það gerir hana mjög mikilvæga og líka skemmtilega og áhugaverða."

# Svansvottaðar byggingar eru framtíðin á Íslandi

Byggingu á fyrsta Svansvottaða húsinu á Íslandi lauk á síðasta ári, einbýlishúsi í Garðabæ. Í sama hverfi mun rísa fyrsta Svansvottaða fjölbýlishúsið á Íslandi. Fleiri Svansvottaðar byggingar myndu gjörbreyta framboði á umhverfisvænni byggingarvörum.



Guðrún Lilja Kristinsdóttir er sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. MYND/ANTON BRINK

Guðrún Lilja Kristinsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að svo virðist sem það sé vitundarvakning hjá almenningi varðandi umhverfisvernd og Svansvottun. „Sérstaklega vegna þess mikla hraða sem á sér stað í byggingageiranum, því það vill hafa í för með sér að gæðin gleymast en Svanurinn tryggir einmitt gæði bygginga. Við eyðum jú stærstum hluta lífs okkar innandyra og skiptir því öllu máli hvernig staðið er að efnisvali og að heilnæm innivist sé tryggð,“ segir hún.

### Fleiri vilja gæði

Fólk er meira orðið vakandi fyrir að vanda til verka og velja umhverfisvæn efni í byggingar. Guðrún segir að hugsunin sé að breytast. „Innivist hefur verið talsvert í umræðunni, meðal annars tengt raka og myglu. Mikil vitundarvakning er þessa stundina varðandi þau áhrif sem efnisval hefur á inniloft, en í Svansviðmiðum er tryggð lágmörkun skaðlegra efna bæði fyrir heilsu okkar og umhverfið. Einnig held ég að fólk sé að átta sig á því að vottun er gæðastimpill og vottun vörunnar tryggir gæði hennar. Einnig er vert að fagna því að á undanhaldi er sú mýta að vottaðar vörur séu dýrari.

Umhverfisstofnun er umsjónaraðili Svansmerkisins á Íslandi, sér þar af leiðandi um þær umsóknir sem berast, hefur eftirlit með leyfishöfum og gefur út Svansleyfi. Þegar kemur að byggingum þá eru teikningar yfirfarnar og farið yfir gæðamál umsækjanda. Einnig þarf öll efnavara og byggingarefni að uppfylla strangar kröfur og fara inn í samþykktarferli hjá Svaninum.

### Svansvottaðir skólar

„Það eru tvær aðferðir sem hafa verið notaðar hérlendis, BREEAM og Svanurinn, en báðar eru þær viðurkenndar vottunaraðferðir fyrir byggingar. Svanurinn takmarkast þó við íbúðarhúsnæði og skólabyggingar. Við höfum orðið vör við þá umræðu að nýbyggingar á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli að hluta til vera vottaðar. Við munum á næstu mánuðum kynna fyrir sveitarfélögum kosti þess að byggja Svansvottaða leik- og grunnskóla, en það er einmitt einn

> Mikil vitundarvakning er þessa stundina varðandi þau áhrif sem efnisval hefur á inniloft en í svansviðmiðum er tryggð lágmörkun skaðlegra efna bæði fyrir heilsu okkar og umhverfið.

af okkar viðkvæmustu hópum og á okkar ábyrgð að tryggt sé öryggi í umhverfi barna.“

Guðrún segir að á haustmánuðum hafi verið kynnt ný viðmið Svansins fyrir endurbætur húsnæðis. „Þá er verið að horfa á stærri framkvæmdir en það er velkomin viðbót þar sem Svansvottun húsa hefur hingað til eingöngu náð til nýbygginga og getum við með þessum nýju viðmiðum haft áhrif á að vel sé staðið að endurbótum húsa. Í þessum viðmiðum er hægt að votta endurbætur á skrifstofuhúsnæði og býður það upp á mikla möguleika þar sem vinnuveitendur geta boðið starfsfólki sínu upp á betra vinnuumhverfi.“

### Svansvottaðar byggingar

Á Norðurlöndunum sem og annars staðar er vaxandi áhugi á bæði vottunum sem og sjálfbærum byggingum sem jafnvel framleiða það mikið af eigin orku að þær selja inn á raforkukerfið. Stærstu byggingarfélögin á Norðurlöndunum eru farin að byggja Svansvottaðar byggingar. Sum hafa það jafnvel sem meginreglu að fylgja kröfum Svansins, enda hafa þær sannað gildi sitt sem metnaðarfullar umhverfiskröfur sem jafnframt eru skýrar og raunhæfar í framkvæmd,“ segir Guðrún.

Lærðu að þekkja merkin
UMHVERFISMERKI
EU Ecolabel www.ecolabel.eu
DER BLAUE ENGEL weil emissionsarm und recyclinggerecht JURY UMWELTZEICHEN
Bra Miljöval
LÍFRÆN RÆKTUN
VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN
USDA ORGANIC
KRAV
UMHVERFIS STOFNUN

# Þurfum öll að sýna ábyrgð

ISS er eitt af fyrstu fyrirtækjunum sem varð aðili í Festu. Fyrirtækið er leiðandi í fasteignaumsjón, býður fjölbreytta þjónustu á fyrirtækjamarkaði og hefur samfélagsábyrgð að leiðarljósi.

Við hjá ISS teljum mikilvægt að fyrirtæki leggi áherslu á samfélagsábyrgð og skipuleggi starfsemi sína með markvissum og gagnsæjum hætti þannig að áhrif starfseminnar verði jákvæð fyrir samfélagið,“ segir Björk Baldvinsdóttir sem er sviðsstjóri sölu- og viðskiptaþróunar hjá ISS og hefur unnið hjá fyrirtækinu í átján ár.

Hún segir það auka trúverðugleika fyrirtækja að miðla upplýsingum á skipulegan og gegnsæjan hátt, og að það skipti máli bæði fyrir fólk og umhverfi.

„Að starfa í samfélagi, hvort heldur sem einstaklingur eða fyrirtæki, kallar á að allir sýni ábyrgð og beri virðingu fyrir samborgurunum, samfélaginu í heild og umhverfinu. Við trúum því að til lengri tíma byggist góður árangur fyrirtækisins á jafnvægi á milli félagslegra-, umhverfis- og efnahagslegra þátta í rekstri okkar,“ segir Björk.

### Virðing fyrir umhverfinu

Stefna ISS er að vera í fararbroddi íslenskra fyrirtækja í að minnka mengun frá eigin starfsemi og leitast þannig við að vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála og samfélagsábyrgðar.

„Á síðastliðnum tíu árum hefur ISS minnkað notkun á ræstingaefnum um 60,8 prósent á hvern ræstan fermetra, en 96,1 prósent ræstinga- og hreinsiefna eru Svansvottuð og allar rekstrarvörur í notkun ISS eru Svansvottaðar,“ útskýrir Björk.

Á undanförnum árum hefur ISS einnig unnið markvisst að minnkun eldsneytis með því að skipta út bílaflota fyrirtækisins.

„ISS var í góðum hópi fyrirtækja sem undirrituðu yfirlýsingu um loftslagsmál 16. nóvember 2015 og tekur því þátt í að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB. Í rekstri fyrirtækisins leggjum við áherslu á að borin sé virðing fyrir umhverfinu og að lögð sé áhersla á að lágmarka skaðsemi rekstrarins við náttúruna,“ segir Björk.

### Stolt af virkum stefnum

ISS þjónustar fjölmörg fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu með hádegismat og hefur unnið markvisst að betri nýtingu hráefnis.

„Markmið okkar er að vinna náið með viðskiptavinum í að bæta nýtingu og minnka matarsóun. Við höfum tekið hugbúnað í notkun sem heldur utan um það magn sem fer út úr húsi og það sem kemur síðan til baka, en þannig getum við betur sett okkur markmið þegar kemur að nýtingu og séð í hverju sóunin er fólgin. Við leggjum líka áherslu á snyrtilegt umhverfi, bestu aðferðir og tækni við flokkun, geymslu og urðun á sorpi,“ útskýrir Björk.

Hún segir mikilvægt að innleiða samfélagslega ábyrgð inn í verkferla og upplýsa, hvetja og virkja starfsfólk til að vinna saman að markmiðum og verkefnum sem lágmarka skaðsemi við náttúruna.

„Öryggismál eru umfangsmikil innan ISS og er unnið ötullega við að ná markmiðum með betri verkferlum, kennslu, fræðslu og búnaði til að lágmarka og helst koma alveg í veg fyrir slys og óhöpp. ISS var eitt þriggja fyrstu fyrirtækjanna til að hljóta jafnlaunavottun og lítum við á vottunina sem hluta af samfélagslegri ábyrgð,“ segir Björk en áður hafði ISS unnið eftir jafnréttisáætlun í fjölda ára ásamt því að vera framarlega í jafnréttismálum.

„Hjá ISS eru 72 prósent stjórnenda og millistjórnenda konur. Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma eins og kostur er og hægt að koma því við, markvissa starfsþróun og erum með starfsmannaviðtöl við alla okkar starfsmenn á hverju ári. Þá er ISS með virkar stefnur sem við erum stolt af og við leggjum mikla áherslu á, eins og viðbragðsáætlun í eineltismálum og umhverfis- og gæðastefnu.“


Björk Baldvinsdóttir er sviðsstjóri sölu- og viðskiptaþróunar hjá ISS.

**„Það er mikilvægt að innleiða samfélagslega ábyrgð inn í verkferla og upplýsa, hvetja og virkja starfsfólk til að vinna saman að markmiðum og verkefnum sem lágmarka skaðsemi við náttúruna.**

# Gæðaframleiðsla í sátt við náttúru og umhverfi

Mjólkursamsalan tekur stór skref í umhverfismálum.

Mjólkursamsalan er félagi í Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð og horfa stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins í ríkari mæli á það hvar hægt er að hnika til og breyta í starfseminni svo umhverfisspor þess séu mörkuð af ábyrgð. MS leggur áherslu á gæðaframleiðslu í sátt við náttúruna og umhverfið, enda eru umhverfismál meðal forgangsmála fyrirtækisins.

MS hefur sett sér það markmið að minnka losun á úrgangi út í umhverfið, minnka orkunotkun og bæta hráefnisnýtingu og jafnframt er lögð rík áhersla á að hvetja neytendur til að skila notuðum umbúðum til endurvinnslu.

Árið 2017 tók MS nokkur stór skref í umhverfismálum. „Við skiptum mjólkurfernunum okkar út fyrir nýjar og umhverfisvænni fernur sem eru ekki eingöngu endurvinnanlegar heldur jafnframt búnar til úr endurnýjanlegu hráefni úr plönturíkinu. Ferska mjólkin okkar sem við setjum í 25 milljón fernur árlega fer nú í umbúðir gerðar úr pappa úr ábyrgri skógrækt og plasti sem framleitt er úr sykurreyr,“ segir Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri MS. MS er fyrsta fyrirtæki sinnar tegundar í heimi sem setur allar mjólkurfernur í þessar umbúðir sem eru þær umhverfisvænstu sem völ er á fyrir drykkjarmjólk og við þessa breytingu varð kolefnisspor fernanna 66% minna en áður. Fyrir þessar breytingar var MS tilnefnt til Fjöreggsins fyrir lofsvert framtak á matvæla- eða næringarsviði og var tilnefningin mikil viðurkenning fyrir fyrirtækið.

Á síðasta ári var í samstarfi við Kaupfélag Skagfirðinga opnuð ný verksmiðja á Sauðárkróki þar sem hágæða próteinduft er unnið úr mysunni sem fellur til við framleiðslu osts. „Þar er nú framleitt úr 54 milljónum lítra af mysu sem áður fóru til spillis og auk próteinduftsins er stefnt að framleiðslu etanóls í náinni framtíð. Sóun nýtanlegra hráefna minnkaði þannig í framleiðslu okkar og eftir að framleiðsla etanóls hefst mun aðeins hreint vatn renna til sjávar,“ segir Sunna Gunnars Marteinsdóttir, verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum MS.

Frá árinu 2008 hefur MS notað endurnýtanlega plastbakka sem ytri umbúðir fyrir skyr- og jógúrtdósir og er þeim safnað saman í verslunum og nýttir aftur hjá MS. Í dag eru um 60% af bökkunum endurnýttir og stefnum við á enn betri nýtingu þar. Eins má nefna mjólkurvagna og aðra vagna sem nýttir eru aftur og aftur, fyrirtækinu og verslunum til mikils hægðarauka – svo ekki sé minnst á umhverfislegan ávinning.

Allt ofangreint er liður í umhverfisstefnu og samfélagslegri ábyrgð MS. „Við stefnum ótrauð áfram á þessu ári þar sem ætlunin er að halda áfram að gera betur og fylgja eftir síðasta ári,“ segir Sunna og Guðný bætir við: „Við horfum m.a. til þess á árinu 2018 að flytja drykkjarvörur úr plasti í umhverfisvænar pappafernur þar sem mögulegt er og munu Ab drykkir, létt drykkjarjógúrt og KEA skyrdrykkir flytjast yfir í pappafernur. Enn fremur munum við fjarlægja plaströrið af G-mjólkinni sem við vitum að margir neytendur koma til með að fagna og fylgjast áfram með þróun mála á umhverfisvænum umbúðalausnum fyrir matvæli.“

**» MS leggur áherslu á gæðaframleiðslu og fylgist vel með þróun mála í umhverfisvænum umbúðalausnum fyrir matvæli.**



# Í fararbroddi þegar kemur að umhverfismálum

**Samskip leggja sig fram um að gera hlutina vel, hvort heldur sem það snýr að þjónustu við viðskiptavini, aðbúnaði og öryggi starfsfólks, eða skyldum við samfélag og umhverfi. Til að mynda setur fyrirtækið sér metnaðarfull markmið í umhverfismálum og hefur náð markverðum árangri á mörgum sviðum.**



Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa á Íslandi, segir rauðan þráð í starfsemi fyrirtækisins að draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum þeirrar nauðsynlegu innviðaþjónustu sem flutningastarfsemi sé sannarlega. Ávallt sé leitast við að nota tækni og búnað sem hefur minni neikvæð áhrif. MYND/ANTON BRINK

Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa á Íslandi, segir meðvitund um samfélagsábyrgð fyrirtækja alla tíð hafa verið leiðarstef í starfseminni. „Það er okkur til dæmis metnaðarmál að vera í fararbroddi þegar kemur að því að taka upp nýja tækni og aðferðir sem minnka umhverfisáhrif starfseminnar," segir hann. Vöruflutningur, hvort heldur sem er innanlands eða á milli landa, er nauðsynleg innviðaþjónusta sem enginn getur verið án og fyrirtækið taki mjög alvarlega ábyrgð sína á að takmarka neikvæð umhverfisáhrif sem af honum stafar. Þá fylgi því líka fjölþættur ávinningur að draga úr orkunotkun, fyrir fyrirtækið og samfélagið í heild. Það leiði til aukinnar hagræðingar í starfsemi og minnki umhverfisfótspor fyrirtækisins um leið og dregið sé úr innflutningi á eldsneyti og sóun á orkuauðlindum heimsins. „Orkusparandi aðgerðir tikka í öll boxin."

## Enn metnaðarfyllra útblástursmarkmið

Í þessu felist rauði þráðurinn og mesta áskorunin hjá flutningafyrirtækjum. „Í sjálfu sér stýrum við því ekki beint hversu mikið er flutt, hvaðan varan er keypt eða hvert hún er seld." Áherslan er á hvernig koma megi vörunni á milli staða á sem hagkvæmastan hátt. Þar sé annars vegar horft til þess að draga úr orkunotkuninni, svo sem með því að hámarka nýtinguna í flutningakerfunum þannig að orkunotkun á hverja flutningseiningu sé lægri, og hins vegar til þess að nota sem hagkvæmust flutningatæki. Samskip fylgjast jafnframt með tækniframförum og eigi í margvíslegu samstarfi um tækniþróun og einsetji sér að vera í fararbroddi með þeim sem kjark hafi og frumkvæði til að hagnýta nýja tækni.

> „Við höfum því sett okkur nýtt og enn metnaðarfyllra markmið um að fara niður í 110 grömm á tonnkílómetra fyrir 2020.

Og árangurinn lætur ekki á sér standa. Markmið sem Samskip settu sér um minni útblástur gróðurhúsalofttegunda í innanlandsflutningum til ársins 2020, að fara úr 124 grömmum koltvísýrings á hvert flutt tonn á kílómetra árið 2015 niður í 115 grömm, náðust til dæmis á síðasta ári og vel það þegar útblásturinn var kominn niður í 112,7 grömm. „Við höfum því sett okkur nýtt og enn metnaðarfyllra markmið um að fara niður í 110 grömm á tonnkílómetra fyrir 2020," segir Pálmar. Í árangrinum endurspeglist að stórum hluta bætt nýting á flutningskerfunum. „Og með reglulegri endurnýjun á trukkaflotanum tryggjum við að við séum alltaf með nýjustu og sparneytnustu flutningabílana í okkar þjónustu."

## LNG er spennandi kostur fyrir skipin

Í skipaflutningum er markmið Samskipa að útblásturinn fari í 38 grömm árið 2020, úr 42 grömmum 2015, en þar hefur róðurinn verið þyngri því útblásturinn í fyrra fór í 47 grömm. „Þarna er við að eiga breytur sem fyrirtækið hefur ekki vald á," segir Pálmar, en þegar uppgangur er í efnahagslífinu eykst innflutningur á vörum, á meðan útflutningur frá landinu helst nokkurn veginn sá sami. „Þá verður til tímabundið ójafnvægi í flutningunum með tilheyrandi óhagræði." Skipin koma heim hlaðin vörum og kölluð til aukaskip á stundum vegna innflutningsins, en eru léttari á útleiðinni.

Pálmar segir stöðugt horft til leiða til að bæta orkunýtingu. Þannig sé til dæmis spennandi að horfa til reynslunnar af skipum samstæðunnar í Noregi, sem fylgt hafi kaupunum á Nor Lines AS á síðasta ári. Árið 2015 tóku Samskip við rekstri skipanna Kvitnos og Kvitbjørn sem brenna fljótandi jarðgasi (LNG). Skipin falli vel að sjálfbærri stefnu Samskipa og losi til dæmis ekki köfnunarefnisoxíð (NOx) út í andrúmsloftið, lágmarki losun á brennisteinsdíoxíði (SOx) og losi 70 prósent minna af koltvísýringi á hvert flutt tonn á kílómetra heldur en vöruflutningabifreiðar. Þau séu umtalsvert hagkvæmari þegar kemur að orkunýtingu í samanburði við skip sem brenni hefðbundinni skipaolíu.

„Þetta er dæmi um orkugjafa sem verið er að prófa sig áfram með að nota í skipum," segir hann. Þannig verði horft til nýjustu lausna þegar kemur að endurnýjun í skipaflotanum. „En vandamálið við að nota orkugjafa á borð við til dæmis raforku á lengri flutningsleiðum er að ennþá er tiltölulega dýrt að geyma raforku. Til að sigla yfir hafið þarf svo mikið magn af orku og það eru engar hleðslustöðvar á leiðinni."

> „Það er okkur mikilvægt að góður starfsandi sé á vinnustöðvum Samskipa.

## Endurvinnsla og góður andi

Áherslu á umhverfisvernd segir Pálmar ná til allra þátta starfseminnar. Til dæmis sé í frystiflutningum leitast við að nota ávallt nýjustu tækni og búið að fjárfesta í búnaði og nýjum kælimiðlum sem hafi minni neikvæð áhrif á umhverfið en hefðbundnir. Þá hafi Tæknideild Samskipa um áratugaskeið unnið náið með gámaframleiðendum við að bæta hönnun og efnisval gáma. „Gámar Samskipa í dag eru um 960 kílóum eða 20 prósentum léttari en þeir voru fyrir 20 árum sem dregur úr orkunotkun."

Samskip hafa líka unnið markvisst að því að draga úr pappírs- og matarsóun, dregið úr plastnotkun, svo sem með því að hætta notkun einnota plastmála á vinnustöðvum sínum, auka endurvinnslu og auka hlutfall rafmagnsbíla í fyrirtækjabílaflotanum. Árið 2015 var hlutfall endurnýtanlegs sorps hjá Samskipum á Íslandi 46 prósent, en er nú komið yfir 55 prósent og markmiðið að hlutfallið fari í 60 prósent 2020. „Það fer heilmikið í gegn hjá okkur af umbúðum og sjóbúnaði og öðru sem tengist flutningunum og við höfum sett okkur skýr markmið um að flokka betur og auðvelda endurnýtingu í stað þess að þetta sé urðað í stórum stíl."

Fyrir utan umhverfismál leggja Samskip sig síðan fram um að vera góður vinnustaður á allan hátt. Það hafi bein áhrif á starfsánægju, dragi úr tjónum og frávikum og hafi jákvæð áhrif á öllum vígstöðvum. „Meðvitund um öryggi og öryggismál er mikið gæðamál sem hjálpar okkur við allt sem við gerum, að draga úr sóun og taka ekki óþarfa áhættu og svo framvegis," segir Pálmar. Þá sé kynbundinn launamunur ekki að finna hjá fyrirtækinu, enda hafi Samskip í fyrstu atrennu fengið gullmerki í jafnlaunaúttekt PwC. Þar hafi haft áhrif að Samskip hafa ávallt haft að leiðarljósi að jafnræði sé meðal starfsmanna, óháð kyni, uppruna eða trúarbrögðum. „Samskip hafa líka skrifað undir sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi og við byggjandi samskipti. Það er okkur mikilvægt að góður starfsandi sé á vinnustöðum Samskipa."

# Einstök sérfræðiþekking á umhverfismálum

Circular Solutions er ungt fyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfislausnum. Sýn þess er skýr: að hafa jákvæð áhrif á framtíð jarðar og hjálpa aðilum að mæta sínum sjálfbærnimarkmiðum og leggja þannig sitt af mörkum til þess að Ísland uppfylli Parísarsáttmálann fyrir árið 2030.

Í Circular Solutions er samankomin yfirgripsmikil þekking og reynsla á sviði umhverfismála. Tveir stofnenda þess eru með doktorspróf á því sviði og þá hefur stofnendateymið bæði kennt og stundað rannsóknir, m.a. í lífsferilsgreiningu (LCA) og sjálfbærum lausnum við Háskóla Íslands, DTU og SDU í Danmörku undanfarin ár. „Þessi þekking og reynsla lágmarkar kostnað viðskiptavina okkar við að uppfylla kröfur og reglugerðir sem og að innleiða réttar og góðar aðferðir við að minnka kolefnisspor og önnur umhverfisáhrif,“ segir Bjarni Herrera, framkvæmdastjóri.

## Lausnamiðaðar greiningar og kvik framsetning

„Á undanförnum dögum hafa komið út fyrstu ársskýrslur fyrirtækja sem upplýsa um ófjárhagslegar upplýsingar vegna nýrra reglna. Nokkur fyrirtæki hafa nýtt sérþekkingu okkar við þessa vinnu og skilað inn svokölluðu ESG-uppgjöri. Í slíku uppgjöri koma fram upplýsingar um umhverfismál, samfélagsmál og stjórnarhætti,“ segir Hafþór Ægir, einn af stofnendunum, og bætir við að þetta sé mjög jákvætt skref í átt að sjálfbærari rekstrarháttum fyrirtækja.

Hafþór segir að stefna Circular Solutions sé að greiningarvinnan komi að gagni fyrir viðskiptavini, til dæmis við stefnumótun fyrirtækja.



Bjarni Herrera Þórisson framkvæmdastjóri og dr. Hafþór Ægir Sigurjónsson, stofnandi og vörustjóri. MYND/ANTON BRINK

Einnig að hægt sé að vinna skilvirkt að réttum markmiðum með hagkvæmum lausnum. „Unnið er með lausn sem líkir eftir viðskiptagreind en sýnir þessa ófjárhagslegu þætti á svipaðan hátt með lykiltölum til þess að rekja og vakta framvindu.“

Greiningar á ESG-þáttum geta líka gagnast aðilum innan fjármálageirans fyrir ábyrgar fjárfestingar, bæði þegar kemur að greiningu á einstaka verkefnum, en einnig á eignasöfnum t.d. lífeyrissjóða, að sögn Hafþórs.

## Fjármálamarkaðurinn – grænar fjárfestingar

Bjarni bendir á að miklar sviptingar hafi átt sér stað á sameiginlegum vettvangi fjármálamarkaða og umhverfisvísinda, m.t.t. greininga eignasafna og grænna fjárfestinga. „Fjármálamarkaðir eru í lykilstöðu þegar kemur að fjármögnun umhverfisvænna eða sjálfbærra verkefna. Hins vegar þurfa möguleg fjárfestingaverkefni að vera metin með tilliti til umhverfislegs ávinnings, enda er gagnsæi til fjárfesta lykilatriði,“ segir hann.

„Græn skuldabréf er dæmi um hratt vaxandi „græna“ fjármálaafurð. Virði grænna skuldabréfa á heimsvísu hefur þrefaldast undanfarin fjögur ár og er virði útgefinna skuldabréfa áætlað um 220 milljarðar Bandaríkjadala árið 2018. Græn skuldabréf eru talin mjög traust og nær framboð þeirra ekki að anna eftirspurn þrátt fyrir gríðarlega vaxandi markað,“ upplýsir Bjarni.

Circular Solutions sérhæfir sig í að meta umhverfisáhrif undirliggjandi verkefna grænna fjármálaafurða út frá eðli þeirra. Tryggt er að verkefnin uppfylli kröfur um græn verkefni svo líkur séu auknar á að verkefnin fái sem hæsta einkunn matsaðila. Slík vinna, sé rétt og faglega að henni staðið, getur skilað sér í betri kjörum. Þá annast Circular upplýsingagjöf út líftíma skuldabréfanna sem fjárfestar eru að gera frekari kröfur um.

„Ísland er í áhugaverðri stöðu sé litið til ýmissa verkefna sem gjarnan ber á góma, svo sem uppbyggingar innviða fyrir rafbíla og almenningssamgöngur, verkefna sem þarf að fjármagna. Mikilvægt er að standa gaumgæfilega að greiningu umhverfisáhrifa af slíkum verkefnum en verkefnin þurfa að vera gríðarlega umfangsmikil á næstu 12 árum ætlum við að standast Parísarsáttmálann, eins og kom fram í skýrslu Hagfræðistofnunar á síðasta ári,“ segir Bjarni að lokum.

Nánari upplýsingar fást á heimasíðunni: www.circularsolutions.is.

# Ísland bezt í heimi?

Á Íslandi eru nær 20.000 fyrirtæk (SA 2017). Flest þeirra eru af miðlungsstærð eða smærri en t.d. borga fyrirtæki með 9 starfsmenn eða færri yfir 37.000 Íslendingum laun upp á meira en 140 milljarða.

Þrátt fyrir að flestir Íslendingar vinni fyrir eða jafnvel eigi fyrirtæki þá telur einungis um helmingur Íslendinga fyrirtæki hafa jákvæð áhrif á samfélagið en jákvæð (Festa og Gallup 2014 og 2016). Nágrannar okkar í Danmörku hafa miklu meiri trú á fyrirtækjum í landinu og meira að segja Írar, sem lentu jafn illa í efnahagshruninu og við, telja almennt að fyrirtæki hafi frekar jákvæð áhrif á samfélagið en neikvæð.




Fyrirtæki, stór og smá, eiga það sameiginlegt að hafa ákveðin áhrif.

En af hverju erum við neikvæðari en löndin sem við berum okkur helst saman við?

## Áhrif og ábyrgð

Fyrirtæki, stór og smá, eiga það sameiginlegt að hafa ákveðin áhrif. Þau hafa bæði áhrif inn á við, til að mynda á starfsfólk, og út á við á samfélag og umhverfi. Áhrifin geta verið misjöfn eftir stærð og starfsemi, en áhrifum fylgir alltaf ábyrgð.

Samfélagsábyrgð fyrirtækis felur í sér að fyrirtækið axli ábyrgð á þeim afleiðingum sem ákvarðanir og athafnir þess hafa á bæði náttúruna og samfélagið þar sem það starfar. Þannig ber fyrirtækið ábyrgð á þeirri mengun sem starfsemi þess veldur og fyrirtækið ber ábyrgð á því að starfsfólk þess og undirverktakar þess fái notið lögbundinna réttinda.

Áður fyrr var algengt að samfélagsábyrgð fyrirtækja snerist aðallega um góðgerðarmál, t.a.m. styrki til íþróttafélaga en í dag snertir það velflesta þætti í starfsemi fyrirtækja. Viðskiptasiðferði, umhverfismál, vinnuvernd, jafnrétti og aðgerðir gegn spillingu eru lykilhugtök þegar kemur að samfélagsábyrgð.

## Fyrirtæki þurfa að taka afstöðu

Sífellt fleiri íslensk fyrirtæki setja sér opin og mælanleg markmið tengd samfélagsábyrgð. Til að lifa af í viðskiptaumhverfi nútímans þurfa fyrirtæki nefnilega að taka afstöðu, gagnvart stjórnarháttum, gagnvart samfélagi og umhverfi.

Neytendur gera sífellt meiri kröfur til fyrirtækja sem bjóða þeim vörur, margir huga t.d. að því hvort umbúðir séu endurvinnanlegar, hvort hugað sé að velferð dýra við gerð vörunnar og að vel sé farið með starfsfólk. Fólk í atvinnuleit leitar sér í auknum mæli að atvinnurekendum sem er annt um fólk og umhverfi jafnt sem hagnað. Sífellt fleiri fjárfestar huga einnig að samfélagsábyrgðarstefnu fyrirtækja þegar taka á ákvörðun um fjármagn.

Þannig er ekki einungis mikilvægt að fyrirtæki séu samfélagslega ábyrg, þau verða líka að miðla starfi sínu inn á við til starfsfólks, til framtíðarstarfsfólks, fjárfesta og almennings hérlendis og erlendis til að samfélagsábyrgðarstefnan hafi tilætluð áhrif.

## Ábyrgð stjórnvalda

Þótt ábyrgð fyrirtækja sé rík þá geta stjórnvöld gert ýmislegt til að styðja við þau. Lagaumgjörð þarf að styðja við stefnumótun fyrirtækja um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og þarf að vinna í virku samráði við atvinnulífið.

Markmið Festu er að íslensk fyrirtæki verði í nánni framtíð þekkt fyrir samfélagsábyrgð sína. Því markmiði verður einungis náð ef vinnum öll saman; stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki, starfsfólk og neytendur.

Freyja Steingrímsdóttir verkefnastjóri hjá Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð.




Verkfræðistofan EFLA leggur mikla áherslu á umhverfisvernd. MYND/STEFÁN

# Kolefnishlutlaus EFLA

**EFLA leggur mikla áherslu á að hafa jákvæð áhrif, bæði á umhverfið og samfélagið. Fyrirtækið hefur náið og gott samband við vinnumarkaðinn og háskólasamfélagið og setur mikinn kraft í að vera umhverfisvænt, bæði í daglegum rekstri og þeim verkefnum sem fyrirtækið vinnur að.**

EFLA býður upp á mikla og fjölbreytta þjónustu á öllum sviðum verkfræði og tækni og öðrum tengdum greinum,“ segir Ingunn Ólafsdóttir, mannauðsstjóri EFLU. „Við verðum 45 ára í ár og hjá okkur starfa tæplega 400 starfsmenn. Meginstarfsemi okkar er á Íslandi, en við erum með dótturfyrirtæki bæði í Noregi og Svíþjóð og tökum þátt í ýmsum verkefnum í fleiri löndum.

EFLA er mannauðs- og þekkingarfyrirtæki með mjög hátt menntunarstig og við leggjum mikið upp úr nýsköpun og þróun starfsmanna okkar og að skapa þeim þannig tækifæri til sífelldrar þróunar í starfi,“ segir Ingunn.

„Við leggjum mikla áherslu á gildin okkar þrjú í öllum okkar störfum,“ segir Ingunn. „Þau eru samvinna, traust og hugrekki. Svo erum við með skemmtilegt slagorð, sem er „allt mögulegt“. Það hefur í raun tvíþætta merkingu, annars vegar að við gerum allt mögulegt og að hjá okkur er allt mögulegt.“

„Á árinu 2017 unnum við 2.700 verkefni sem snerta uppbyggingu og þróun samfélagsins,“ segir Helga Jóhanna Bjarnadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs EFLU. „Þannig að við höfum jákvæð áhrif á ýmsan hátt.“

## Mikil áhersla á jákvæð áhrif

„Árið 2015 ákváðum við að skrifa undir Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi samfélagslega ábyrgð og síðan þá höfum við gefið út árlega skýrslu um árangurinn varðandi hin 10 viðmið Global Compact,“ segir Ingunn. „Þegar við fórum að vinna fyrstu skýrsluna, var virkilega gaman að sjá hvað við í gegnum tíðina vorum í raun og veru búin að gera mikið í þeim atriðum sem hin 10 viðmið ganga út á.

Hluti Global Compact sáttmálans tengist atriðum sem varða mannréttindi og vinnu gegn spillingu. Við erum svo heppin að hér á landi er almennt borin virðing fyrir mannréttindum og spilling almennt ekki liðin,“ segir Ingunn. „Því hafa vinnumarkaðsmálin og umhverfismálin tekið hvað stærstan hluta af skýrslunni okkar.

Núna erum við svo að máta heimsmarkmið SÞ við starfsemi EFLU og það er gaman að sjá hversu margt við erum nú þegar að gera, sem styður við þau,“ segir Ingunn. „Það að gera skýrslu um samfélagslega ábyrgð hefur hjálpað okkur að skapa fókus og heldur manni á réttri braut hvað varðar þessi verðugu verkefni, sem er mjög skemmtilegt.

Við höfum líka lagt mikla áherslu á að vera í góðum tengslum við háskólasamfélagið og vinnum náið með því á fjölbreyttan hátt,“ segir Ingunn. „Meðal annars ráðum við nema til sumarvinnu og bjóðum öðrum að koma í starfsnám.

Árið 2013, á 40 ára afmæli EFLU settum við á stofn Samfélagssjóð EFLU,“ segir Ingunn. „Markmið hans er að láta gott af sér leiða og við veitum styrki til ýmiss konar verðugra verkefna, sem teljast bæði uppbyggileg og jákvæð.“

> **Við höfum alltaf haft háleit markmið í umhverfismálum og mjög snemma vorum við fyrsta fyrirtækið í okkar bransa til að fá vottun á okkar eigin umhverfisstjórnun. Við vildum sýna gott fordæmi með því að taka á þessum málum hjá okkur, ekki síst af því að við erum að veita öðrum ráð varðandi þessi málefni.**
>
> Helga Jóhanna Bjarnadóttir

## Háleit markmið í umhverfismálum

„Við höfum alltaf haft háleit markmið í umhverfismálum og mjög snemma vorum við fyrsta fyrirtækið í okkar bransa til að fá vottun á okkar eigin umhverfisstjórnun,“ segir Helga. „Við vildum sýna gott fordæmi með því að taka á þessum málum hjá okkur, ekki síst af því að við erum að veita öðrum ráð varðandi þessi málefni.

Í því samhengi höfum við reiknað okkar eigin kolefnisspor fyrir árið 2017 og ætlum að kolefnishlutleysa fyrirtækið með bindingu fyrir það ár,“ segir Helga. „Við leggjum líka mikið upp úr því að draga úr kolefnislosun á ýmsan hátt. Við höfum notað fjarfundarbúnað meira til að minnka ferðir starfsfólks, því samgöngur eru stærsti mengunarþátturinn okkar, gerum svokallaða samgöngusamninga við starfsfólk og við höfum skapað góða hjólaaðstöðu í húsnæði okkar, hvort tveggja til að hvetja fólk til að menga sem minnst á ferð sinni til og frá vinnu og til að hreyfa sig meira.

Við höfum tekið þátt í vinnu við mótun Votlendissjóðsins, sem snýst um að endurheimta votlendi til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda úr mýrum,“ segir Helga. „Og svo hefur EFLA skrifað undir yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar varðandi loftslagsmál með yfir 100 öðrum fyrirtækjum. Hún snýst bæði um að minnka kolefnissporið og draga úr úrgangi, en við endurvinnum nú þegar 80% af úrganginum okkar og ætlum að ná því upp í 90% auk þess að draga úr úrgangi.

Við gerum mikið til að minnka matarsóun og erum líka með moltuframleiðslu sem hefur breytt þremur tonnum af kaffikorgi í mold,“ segir Helga. „Við reynum líka að nota eins lítinn pappír og hægt er og höfum náð að draga úr pappírsnotkun um 22% bara á einu ári.

Við mælum orkunotkun okkar og störfum í byggingu sem hefur BREEAM umhverfisvottun, en þar er lögð áhersla á að draga úr ýmsum umhverfisáhrifum mannvirkisins, bæta heilsu og auka vellíðan og minnka viðhaldsþörf,“ segir Helga.

Síðast en alls ekki síst leggjum við mikla áherslu á að allar lausnir sem við bjóðum hafi jákvæð áhrif,“ segir Helga.

„Sérfræðingar okkar, hver á sínu sviði, leitast við að finna allar leiðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í verkefnum og hafa fengið kennslu frá umhverfisverkfræðingunum okkar til að gera það sem allra best .“

Hægt er að fræðast frekar um verkefni og stefnu EFLU í samfélagsskýrslunni sem gefin var út fyrir árið 2016 og er að finna á vef EFLU.



## Þrif á ísskáp

Á tveggja mánaða fresti þarf að þrífa ísskápinn að innan og utan og henda út mat sem hefur gleymst og skemmst. Með eftirfarandi ráðum verður það leikur einn.

- Byrjið á að tæma ísskápinn og geymið innihaldið á góðum stað eða í kælitösku á meðan þrif standa yfir. Hendið öllum mat sem er orðinn of gamall, útrunninn, myglaður eða óætur. Sé vara komin á síðasta notkunardag skal henda henni strax, en vara með best fyrir dagsetningu er hæf til neyslu ef hún lyktar og bragðast eðlilega.
- Fjarlægið allar hillur, grænmetisskúffur og lausar hillur úr ísskápnum og ísskápshurð.
- Þvoið hillur, skúffur og annað lauslegt í höndum. Þvoið kalt gler aldrei strax með heitu vatni því það getur brotnað. Notið uppþvottalög og látið liggja í vatni og sápu ef óhreinindin eru mikil. Látið allt þorna vel áður en sett aftur í ísskápinn.
- Þrífið ísskápinn að innan með góðri hreingerningarlausn. Notið til þess matarsóda- eða eplaediksklausn frekar en sápu.



2 msk. matarsódi í 250 ml af heitu vatni eða 1 hluti eplaedik á móti þremur hlutum af heitu vatni.

- Hvítt tannkrem virkar vel á erfiða bletti.
- Þrífið gúmmíkant á ísskápshurðinni með edikslausn, blandað helming á móti helming, eða með klórblöndu. Berið síðan góða olíu, til dæmis baðolíu, á gúmmíið til að halda því mjúku.
- Innst í ísskáp er lítið gat fyrir vökva sem safnast saman og rennur út að aftan. Best er að nota eyrnapinna til að bursta úr því óhreinindin.
- Dragið ísskápinn fram svo mögulegt sé að þrífa hann að utan með tusku og góðum hreingerningarlegi.
- Setjið nú allan mat aftur inn og þurrkið af krukkum, dósum og boxum áður.

**Heimild: leidbeiningastod.is**

## Netflix gefur foreldrum betri stjórn

Netflix hefur tilkynnt að það ætli að gefa foreldrum betri stjórn á því hvaða efni er lokað á og gera aldurstakmörk á efni sínu meira áberandi.

Foreldrar geta þegar stjórnað því á hvað börnin þeirra horfa á með sérstökum aðgangi fyrir börn og með því að setja öryggiskóða á efni sem er yfir ákveðnum aldurstakmörkum.

En með nýju breytingunum geta foreldrar sett öryggiskóða á sérstaka sjónvarpsþætti eða kvikmyndir. Foreldrar geta þannig verið alveg vissir um að börnin þeirra komist ekki í efni sem þeir vilja ekki að þau horfi á, óháð aldurstakmörkunum á því.

Netflix ætlar líka að breyta því hvernig aldurstakmarkanir eru sýndar, þannig að þær verði bæði meira lýsandi og áberandi í byrjuninni á mynd eða sjónvarpsþætti. Þannig geta foreldrar vitað nákvæmlega hvað þeir eru að setja í gang strax í byrjun og fá ekkert óvænt eða óþægilegt upp á skjáinn. Þar sem Disney ætlar brátt að bjóða upp sína eigin efnisveitu og YouTube hefur lent í miklum vandræðum með að halda óviðeigandi efni frá börnum kemur ekki á óvart að Netflix vilji höfða betur til foreldra.







# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

NÝJA BÍLAHÖLLIN
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



TOYOTA Yaris. Árgerð 2015, ekinn 93 Þ.KM, dísel, 6 gírar. TILBOÐ1.290.000. Ásett verð 1.490.000 Rnr.340849



MMC Pajero intstyle. Árgerð 2016, ekinn 96 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. TILBOÐ 5.750.000.Ásett verð 6.290.000 Rnr.212870



SKODA Kodiaq 4x4 ambition . Árgerð 2018, Nýr bíll, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Tilboð 5.490.000. Rnr.116026

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu





MB Sprinter 313 sjálskiptur árg. 2011 ekinn 150.000 km. verð: 2.490.000,- Ford F350 Platinum Ultimate með öllum aukahlutum. Nýr ekinn 2500 km. Verð: 7.990.000,- + VSK Uppl. S: 893-2098

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu



Tilvalin fermingargjöf!
**BENSÍNSVESPA**
Engin trygging! Ekkert próf!
**Kr. 229.900,-**
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á næðum svefni

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG
HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

**CLEANING COMPANY**
is looking for people to work in cleaning services,( bussines and residentials). Part time/full time job. English and experience are mandatory. Required: professionalism, reliability and flexibility.
**The applications for job will be send to the e-mail adress hallo@stedum.is/ cami@stedum.is, until 15th of March.**

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir trukkabílstjóra og einnig vantar bílstjóra á fjögurra öxla bíl.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**SÖLUMENN ÓSKAST.**
Óska eftir duglegum sölumönnum til að selja usb lykil sem á er digital bók.Fær sölumaður 2000 kr eftir skatt en unnið er á milli 12-20. hægt er að vinna einnig um helgar.Selt er aðeins þegar gott er veður.Um ævistarf getur verið að ræða þar sem digtal bókin verður uppfærð á 6 mán fresti.

Upplýsingar í síma 776-4111

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

➜ félagi. Eins og áður sagði eiga stjórnarmenn í Högum engan hlut í félaginu. Þar fyrir utan er samanlagður eignarhlutur stjórnarmanna hvað minnstur í Reitum eða 0,002 prósent af hlutafé félagsins. Hluturinn nemur 0,3 prósentum í Símanum, 0,7 prósentum í Origo og 1 prósenti í Skeljungi, svo fáein dæmi séu tekin.

Heiðar segir mikilvægt að langtímafjárfestar, sem horfi mörg ár fram í tímann, komi að stjórnum félaga fremur en spákaupmenn sem sækjast einungis eftir skammtímagróða. „Langtímafjárfestar eru reiðubúnir til þess að styðja við félög í gegnum þykkt og þunnt, til lengri tíma, á meðan spákaupmenn einblína á að skrúfa upp gengið og innleysa auðfenginn hagnað áður en þeir stökkva frá borði. Því miður hafa Íslendingar fremur hagað sér sem spákaupmenn í gegnum tíðina. Reynslan kennir okkur að þeir eru – upp til hópa – ekki fúsir til þess að festa fé til langs tíma, fimm til tíu ára, heldur hugsa þeir frekar eitt til tvö ár fram í tímann," nefnir hann.

Þetta geri það að verkum að nær einu langtímafjárfestar landsins séu lífeyrissjóðirnir. „Og þá vaknar spurningin um það hvernig þeir eigi að beita sér. Sjóðunum fer fækkandi og um leið eru þeir að stækka. Þá geta hugsanlega skapast tækifæri fyrir þá til þess að sérhæfa sig og ráða til sín starfsmenn sem meta fyrirtæki og stjórnir þeirra, skoða framtíðarmöguleika og fleira. En hversu líklegt er að það gerist? Ef það yfirhöfuð gerist tel ég að það sé nokkuð langt í það að lífeyrissjóðirnir verði virkari fjárfestar, ef svo má segja."

Þóranna Jónsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík og stjórnarmaður í Festi, segir mikla hugsanaskekkju fólgna í því að líta á kjörna stjórnarmenn í félögum sem fulltrúa ákveðinna hluthafa. „Samkvæmt

## Stjórnarmennirnir sem eiga hvað mest undir



**Mark d'Abo**
**Eimskip**
**11,5 milljarðar**



**Heiðar Guðjónsson**
**Vodafone**
**1,3 milljarðar**



**Jón Sigurðsson**
**N1**
**839 milljónir**



**Tómas Kristjánsson**
**Reginn og Sjóvá**
**1,5 milljarðar**



**Erna Gísladóttir**
**Sjóvá**
**703 milljónir**



**Einar Örn Ólafsson**
**TM**
**725 milljónir**



**Kristján Loftsson**
**HB Grandi**
**19,7 milljarðar**



**Örvar Kærnested**
**TM**
**481 milljón**



**Gestur Breiðfjörð Gestsson VÍS**
**1,7 milljarðar**



**Helgi Magnússon**
**Marel og N1**
**1,5 milljarðar**



**Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir VÍS**
**2,0 milljarðar**



**Ómar Benediktsson**
**Icelandair**
**1,7 milljarðar**



**Frosti Bergsson**
**Eik**
**787 milljónir**

**20%**

**stjórnarmanna í skráðum félögum eiga yfir eins prósents hlut í þeim félögum sem þeir sitja í stjórn hjá.**

*Í nokkrum tilfellum eru stjórnarmennirnir ýmist í forsvari fyrir eða á meðal hluthafa í félagi sem heldur utan um hlut í viðkomandi skráða félagi.*

lögum um hlutafélög er stjórnarmönnum óheimilt að gæta hagsmuna ákveðinna hluthafa. Þeim ber að vinna að hag félagsins. Orðið „félag" snýst einmitt um að stjórnarmenn vinni í félagi að því að gæta sameiginlegra hagsmuna. Góðir stjórnarhættir ganga í meginatriðum út á það að bera virðingu fyrir félagaforminu og gæta þar af leiðandi jafnræðis hluthafa.

Það er ekki aðeins úrelt nálgun að líta á stjórnarmenn sem fulltrúa einstakra hluthafa, heldur getur hún einnig verið beinlínis skaðleg. Hagsmunir ólíkra hlutahafa geta stangast á og einnig geta þeir hugsanlega farið í bága við hagsmuni félagsins."

Þar með sé þó ekki sagt að stjórnin þurfi að vera sammála um allt. „Málefnaleg átök eru fín og ekki óeðlileg þegar hópur fólks með mismunandi sjónarmið kemur saman. En þegar upp er staðið þarf stjórnin að ná samstöðu og komast að niðurstöðu um það hvað félaginu sé fyrir bestu. Það sem einkennir oft átök innan stjórna er ekki einungis það að stjórnarmenn séu ósammála um hvaða leið sé best til þess að ná einhverju sameiginlegu markmiði, heldur snúast þau ekki síður um völd og yfirráð. Það fer oft á tíðum allt of mikil orka í slík átök með þeim afleiðingum að minni áhersla er lögð á sjálfan reksturinn."

Þóranna segir að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja um að í það minnsta tveir stjórnarmenn skuli vera óháðir stórum hluthöfum sé ætlað að koma í veg fyrir alræði stórra hluthafa á kostnað þeirra smærri. „Tilmælunum er ætlað að tryggja að smærri hluthafar hafi einhverja til leið til þess að eiga rödd og koma að málum. Einnig girða þau fyrir það að stórir hluthafar í skráðum félögum geti orðið allsráðandi því slík yfirráð eru í andstöðu við hugmyndina um dreifða eignaraðild og jafnræði hluthafa," nefnir hún.

Heiðar segir ekki rétt að líta á utanaðkomandi og óháða stjórnarmenn sem eins konar andlitslausa embættismenn sem taki enga ábyrgð. „Völdum fylgir ábyrgð. Þeir sem bjóða sig fram til stjórnarstarfa bera heilmikla ábyrgð og ég vona að þeir geri sér grein fyrir því. Þeir geta auk þess komið með ákveðna þekkingu og reynslu af sínu sérsviði að borðinu. Sá sem er hluthafi í félagi þarf ekki endilega alltaf að vera besti kosturinn til þess að setjast í stjórn félagsins. Ef hluthafi í lyfjafyrirtæki hefur til að mynda hagnast á fasteignaviðskiptum er það ekki endilega ákjósanlegast að hann taki sæti í stjórn lyfjafyrirtækisins."



ÍMARK

TILI

# LÚÐURINN AFHENTUR Í 32. SINN



ÍMARK, félag íslensk markaðsfólks, í samráði við Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA), verðlaunar nú í þrítugasta og annað sinn auglýsingar sem að sendar voru inn í samkeppnina Lúðurinn, Íslensku auglýsingaverðlaunin.

Verðlaunaafhendingin fer fram föstudaginn 9. mars á Hilton kl.18:30. Fyrr um daginn verður ÍMARK dagurinn haldinn hátíðlegur, þar sem sex erlendir fyrirlesarar flyta erindi um markaðsmál. Allir sem hafa áhuga á markaðsmálum og vilja vera vel upplýstir, ættu ekki að láta þennan viðburð framhjá sér fara. Skráning og nánari upplýsingar er að finna á www.imark.is.

## KVIKMYNDAÐAR AUGLÝSINGAR



**Allir eru Ligeglad**, *Veitur*
Auglýsingastofa: Hvíta húsið

**EM kvenna - óstöðvandi**, *Icelandair*
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsingastofan

**Leikurinn okkar**, *Íslensk getspá*
Auglýsingastofa: ENNEMM

**The Hardest Karaoke Song in the World**, *Íslandsstofa*
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsingastofan

**Þú veist betur - Mottumars**, *Krabbameinsfélagið*
Auglýsingastofa: Brandenburg

## BEIN MARKAÐSSETNING



**Dvalarleyfi á Brandenburg**, *Brandenburg*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Gestabók um borð**, *Air Iceland Connect*
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsingastofan

**Höldum fókus 3**, *Samgöngustofa, Síminn og Sjóvá*
Auglýsingastofa: Tjarnargatan

**Jattebra**, *Orkusalan*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Skerðing**, *ÖBÍ*
Auglýsingastofa: ENNEMM

## UMHVERFISAUGLÝ



**Flugleikhús 80 ára afmæli Icelar**
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsin

**Höldum fókus 3**, *Samgöngustofa*
Auglýsingastofa: Tjarnargatan

**Lava eldfjallamiðstöð**, *Lava mus*
Auglýsingastofa: Gagarín og Basal

**Rafmagnslaust í Höllinni**, *Orkusa*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Týnt kort?** *Arion banki*
Auglýsingastofa: Hvíta húsið



# LÚÐURINN

Lúðurinn eru verðlaun sem veitir frumlegum, skapandi og snjöllum hugmyndum, sem eru útfærðar á framúrskarandi hátt, viðurkenningu. Dómnefnd Lúðurs í ár er skipuð 11 aðilum, skipuðum af SÍA og ÍMARK. Dómnefndarferlið er opið og niðurstöður rekjanlegar.

## PRENTAUGLÝSINGAR



**Fögnum glæsileikanum**, *Epal*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Heimili þitt í háloftunum**, *Icelandair*
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsingastofan

**Sögulegt stefnumót**, *Einkamál*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Veistu hvað þú átt**, *Vörður*
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsingastofan

**Þú veist betur, Mottumars**, *Krabbameinsfélagið*
Auglýsingastofa: Brandenburg

## ÚTVARPSAUGLÝSI

**Fyrsti heimavöllurinn**, *VÍS*
Auglýsingastofa: ENNEMM

**Jólaauglýsingar Atlantsolíu**, *Atla*
Auglýsingastofa: H:N Markaðssam

**Lúxus eða lífsnauðsyn**, *Öryrkjab*
Auglýsingastofa: ENNEMM

**Sögulegt stefnumót**, *Einkamál*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Þú veist betur - Mottumars**, *Krab*
Auglýsingastofa: Brandenburg

## VEFAUGLÝSINGAR




**Alvofen Express - við verkjum, bólgu og hita**, *Alvogen*
Auglýsingastofa: Kontor Reykjavík

**Farasparabara**, *Íslandsbanki*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Rauðakrossbúðin og stjórnarmyndun 2017**, *Rauði krossinn*
Auglýsingastofa: Hvíta húsið

**Skuggarnir**, *Sögur útgáfa*
Auglýsingastofa: Kontor Reykjavík

**Þú veist betur - Mottumars**, *Krabbameinsfélagið*
Auglýsingastofa: Brandenburg

## SAMFÉLAGSMIÐLAR



**Meistaraverk**, *Strætó*
Auglýsingastofa: ENNEMM

**NTV - Sjónvarp á fimmtudögum í Júlí**, *NOVA*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Sorpranos II - Lygamælir**, *Sorpa*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**The A - Ö of Ísland**, *Íslandsstofa*
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsingastofan

**WOWlympics**, *WOWair*
Auglýsingastofa: Brandenburg

## STAFRÆNAR AUGL



**Boli fer hringinn, gefðu þér tíma**
Auglýsingastofa: ENNEMM

**Meistaraverk**, *Strætó*
Auglýsingastofa: ENNEMM

**Pizzaofninn**, *Dominos*
Auglýsingastofa: Pipar/TBWA

**Sorpranos II - Lygamælir**, *Sorpa*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**The hardest karoke song in the w**
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsin

Kynntu þér dagskrá ÍMARK dagsins á imark.is

# NEFNINGAR TIL ÍSLENSKU AUGLÝSINGAVERÐLAUNANNA 2017






## ÁRA - ÁRANGURSRÍKASTA AUGLÝSINGAHERFEÐ ÁRSINS

**Blóðskimun til bjargar** - þjóðarátak gegn mergæxlum
Háskóli Íslands, Læknadeild - Auglýsingastofa: **Hvíta húsið**

**Markaðsaðgerðir Domino's 2017**
Dominos - Auglýsingastofa: **PIPAR/TBWA**

**Við höfum góða sögu að segja**
Heklan - Auglýsingastofa: **H:N markaðssamskipti**

**Komdu í ljós!**
NOVA - Auglýsingastofa: **Brandenburg**

**WOW cyclothon**
WOW air - Auglýsingastofa: **Brandenburg**

Veitt verða verðlaun fyrir árangursríkustu auglýsingaherferðina (ÁRA) og verða þau afhent á ÍMARK deginum, 9.mars á Hilton. Árangursríkasta auglýsingaherferðina, ÁRA, veitir þeirri herferð viðurkenningu sem skilað hefur framúrskarandi árangri. Sigurvegari í ÁRUNNI mun kynna herferðina á ÍMARK deginum. Dómnefndin er skipuð 11 aðilum sem eru leiðandi markaðs- og auglýsingastjórnendur, rannsókna- og hugmyndafræðingar og frá háskólasamfélaginu. Dómarar meta innsendingar í samanburði við aðrar innsendingar og gefa hverri herferð einkunn í fyrstu umferð, í annarri umferð er opin umræða um niðurstöður fyrstu umferðar og dómnefnd kemst að sameiginlegri niðurstöðu.

### SINGAR OG VIÐBURÐIR



ndair, *Icelandair*
ngastofan

*, Síminn og Sjóvá*

*eum*
t

*lan*

### VEGGSPJÖLD OG SKILTI




**1984,** *Borgarleikhúsið*
Auglýsingastofa: ENNEMM

**Lestrarhetjur Ævars,** *Ævar vísindamaður*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Litbrigði,** *Kontor Reykjavík*
Auglýsingastofa: Kontor Reykjavík

**Rocky Horror,** *Borgarleikhúsið*
Auglýsingastofa: ENNEMM

**Tónskáldin,** *Sinfóníuhljómsveit Íslands*
Auglýsingastofa: Döðlur

### MÖRKUN - ÁSÝND VÖRUMERKIS




**Hlemmur mathöll,** *Reykjavíkurborg*
Auglýsingastofa: Jónsson & Le´Macks

**Íslandsbanki - endurmörkun,** *Íslandsbanki*
Auglýsingastofa: Brandenburg

**Matarauður,** *Matarauður Íslands*
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsingastofan

**Meninga - endurmörkun** *Meniga*
Auglýsingastofa: Meniga

**Þrenna - endurmörkun,** *Síminn*
Auglýsingastofa: Tvist

### NGAR




*antsolía*
skipti

*andalag Íslands*

*bameinsfélagið*

### ALMANNAHEILLAAUGLÝSINGAR




**Hverfið mitt kosning,** *Reykjavíkurborg*
Auglýsingastofa: Hvíta húsið

**Höldum fókus 3,** *Samgöngustofa, Síminn og Sjóvá*
Auglýsingastofa: Tjarnargatan

**Lúxus eða lífsnauðsyn,** *Öryrkjabandalag Íslands*
Auglýsingastofa: ENNEMM

**Skólarapp,** *UNICEF*
Auglýsingastofa: Tjarnargatan

**Þú veist betur - Mottumars,** *Krabbameinsfélagið*
Auglýsingastofa: Brandenburg

### HERFERÐIR




**Allir eru Ligeglad,** *Veitur*
Auglýsingastofa: Hvíta húsið

**EM kvenna - Óstöðvandi,** *Icelandair*
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsingastofan

**Sorpranos - Meira og minna endurunnið efni,** Sorpa
Auglýsingastofa: Brandenburg

**The A - Ö of Ísland,** *Íslandsstofa*
Auglýsingastofa: Íslenska auglýsingastofan

**Þú veist betur - Mottumars,** *Krabbameinsfélagið*
Auglýsingastofa: Brandenburg

### LÝSINGAR



*, EM*

**world,** *Íslandsstofa*
ngastofan

## GEFENDUR VERÐLAUNA

**Kvikmyndaðar auglýsingar:** Sjónvarp Símans
**Útvarpsauglýsingar:** K100
**Prentauglýsingar:** Morgunblaðið
**Herferðir:** Morgunblaðið
**Samfélagsmiðlar:** INN/UT
**Veggspjöld og skilti:** AFA JCDecaux
**Umhverfisauglýsingar og viðburðir:** Velmerkt
**Vefauglýsingar:** Nói Síríus
**Bein markaðssetning:** Pósturinn
**Mörkun – ásýnd vörumerkis:** Margt smátt
**Almannaheillaauglýsingar:** Svansprent
**Stafrænar auglýsingar:** Advania
**ÁRA:** Gallup

## AÐALSTYRKTARAÐILAR VERÐLAUNAHÁTÍÐARINNAR

LÚÐURINN 9. MARS 2018

AFA JCDecaux Ísland · GALLUP · JÓNSSON & LE'MACKS · Morgunblaðið · advania · SVANSPRENT · INN/UT · RÚV · vodafone · CONCEPT events · NÓI SÍRÍUS · mmr · margt smátt · FALCOR · Síminn · wow air · velmerkt · ÖLGERÐIN · PÓSTURINN

Miðasala á ÍMARK daginn og Lúðurinn er á imark.is og tix.is

# Skotsilfur

## Jón í valnefndina



**Jón Þ. Sigurgeirsson**, framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu bankastjóra Seðlabanka Íslands, hefur verið skipaður í valnefnd Bankasýslu ríkisins. Nefndinni er falið að tilnefna fólk fyrir hönd ríkisins til setu í bankaráðum eða stjórnum fyrirtækja sem eru á forræði stofnunarinnar, en sem kunnugt er fer Bankasýslan með hluti ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum. Þá voru Auður Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent, og Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, skipaðar í nefndina með bréfi stjórnar Bankasýslunnar 23. febrúar síðastliðinn en þær hafa verið í nefndinni frá 2016.

## Situr í stjórn viðskiptabankans



Mikil spenna er í loftinu fyrir aðalfund Icelandair Group á morgun en sjö manns sækjast eftir því að fylla stjórnarsætin fimm sem í boði eru. Fjórir af fimm stjórnarmönnum hafa boðið fram krafta sína áfram en þrír vilja komast nýir inn í stjórnina. Nokkra athygli hefur vakið að einn hinna nýju frambjóðenda, **Heiðrún Jónsdóttir**, situr í stjórn Íslandsbanka, viðskiptabanka Icelandair Group, og olíufélagsins Olís, sem starfar sem ráðgjafi flugfélagsins í eldsneytismálum. Talið er að Heiðrún njóti stuðnings nokkurra lífeyrissjóða í hluthafahópi Icelandair en hún sat um tíma í stjórn Gildis sem á ríflega sjö prósenta hlut í félaginu.

## Hákon til Markarinnar



**Hákon Stefánsson**, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Creditinfo Group, hefur gengið til liðs við Mörkina lögmannsstofu þar sem hann verður á meðal eigenda. Hákon, sem útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 1998, starfaði hjá Creditinfo frá árinu 2006 og gegndi ýmsum lykilstjórnunarstörfum hjá fyrirtækinu. Þar áður var hann sviðsstjóri ráðgjafarsviðs hjá Intrum Justitia. Hann hefur einnig gegnt stjórnarformennsku í LÍN.

# Spá minni hagvexti í Kína í ár



Kínverskir verkamenn sjást hér að störfum í borginni Sjanghæ í austurhluta landsins. Kínversk stjórnvöld tilkynntu fyrr í vikunni að þau hefðu sett sér markmið um 6,5 prósenta hagvöxt í ár. Yrði það töluvert minni vöxtur en í fyrra þegar hann nam 6,9 prósentum. Hagkerfi landsins er það næststærsta í heiminum en óttast er að mikill vöxtur þess á síðustu árum byggist að miklu leyti á ósjálfbærri skuldasöfnun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Brexit skýrist en flækist



**Bergþóra Halldórsdóttir**
verkefnastjóri Evrópumála hjá Samtökum atvinnulífsins

Um þessar mundir eiga sér stað viðræður milli Bretlands og Evrópusambandsins um þrjú mismunandi álitaefni vegna ákvörðunar Breta um að yfirgefa ESB; útgöngusamning, aðlögunartímabil og síðan framtíðarsamband milli ríkjanna. Gert er ráð fyrir að samkomulag um útgöngu og aðlögunartímabil þurfi að liggja fyrir í október en útganga Breta tekur gildi í mars á næsta ári.

Ársfundur BusinessEurope, Evrópusamtaka atvinnulífsins, sem Samtök atvinnulífsins eiga aðild að, varð óvænt að vettvangi hápólitískrar umræðu um Brexit. Meðal frummælenda á fundinum voru Donald Tusk, forseti Evrópuráðsins, og Michel Barnier, aðalsamningamaður ESB gagnvart Bretlandi. Þeir nýttu tækifærið til að senda Bretum skýr skilaboð í aðdraganda þess að Theresa May, forsætisráðherra Breta, flutti fjórðu stefnuræðu sína um Brexit.

Þrátt fyrir að línur hafi skýrst um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu andar fremur köldu milli fulltrúa þeirra. Fulltrúar ESB lýstu á fundinum yfir vonbrigðum sínum með áform Breta um að landið verði hvorki hluti af innri markaði ESB né myndi tollabandalag með ríkjum þess. Yfirgefi Bretland tollabandalagið hefur það í för með sér að mati ESB, að Norður-Írland verði að fá sérstaka stöðu innan breska ríkjasambandsins. Annars verði ekki hægt að uppfylla fyrirheit Breta um að ekki verði áþreifanleg landamæri milli Írlands og Norður-Írlands. Þetta myndi þýða að Norður-Írland yrði aðskilið með tollamúr frá öðrum hlutum Bretlands sem DUP flokkurinn, sem styður bresku ríkisstjórnina, er harðlega andsnúinn. Skoruðu þeir á Breta að að koma með betri tillögu um hvernig megi koma í veg fyrir áþreifanleg landamæri.

Í ræðu sinni daginn eftir þótti Theresu May takast vel að höfða til ólíkra sjónarmiða heima fyrir. Sýn hennar á framtíðarsamband ríkjanna er að viðhalda eins nánu sambandi við Evrópusambandið og unnt er. Bretar vilji eiga eins frjáls viðskipti og hægt er við ríki ESB þrátt fyrir að þeir yfirgefi tollabandalagið. Það væri lykilatriði að Bretar öðlist frelsi til að gera eigin fríverslunarsamninga við önnur ríki og hafi fulla stjórn á eigin löggjöf. May fullyrti að engin þeirra lausna, sem þegar væru til í samskiptum ESB við helstu viðskiptaríki sín, gæti hentað Bretum. Semja þurfi um málið en ljóst sé að hvorugur aðilinn muni ná öllum sínum markmiðum fram.

Eftir því sem línur skýrast og tíminn líður virðist þó illa ganga að einfalda úrlausnarefnið. Eftir því sem viðræður hið ytra dragast á langinn eykst mikilvægi vinnu íslenskra stjórnvalda við undirbúning ólíkra sviðsmynda. Það er enda erfitt að leggja mat á hvernig hagsmunum Íslands verður best borgið á meðan valkostirnir liggja ekki fyrir. Íslensk fyrirtæki sem stunda viðskipti út fyrir landsteinana hafa ekki farið varhluta af þeirri óvissu sem ríkir. Þau munu fagna öllum skrefum í átt að fullvissu um að hin nánu tengsl ríkjanna varðveitist eftir að Bretland segir skilið við innri markaðinn.

## Samningar ríkja við ESB um markaðsaðgang





# VIÐSKIPTABLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

**VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU VIÐSKIPTABLAÐAMANNA LANDSINS?**

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti og fjármál, óskar eftir blaðamanni í fullt starf á ritstjórn blaðsins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- að hafa góða þekkingu og brennandi áhuga á viðskiptum og efnahagsmálum er skilyrði
- háskólamenntun á sviði hagfræði, viðskipta eða lögfræði er æskileg
- reynsla af blaðamennsku er æskileg
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- frumkvæði, öguð vinnubrögð og að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Hörð Ægisson á netfangið hordur@ frettabladid.is

**Umsóknarfrestur er til 21. mars.**

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

PHILIPS
LG Life's Good
EPSON




# Fangaðu athyglina

**Fjölbreyttar lausnir fyrir verslanir, veitingastaði, fundarherbergi og móttökur**

*Hafið samband og kynnið ykkur möguleikana*

**Heimilistæki** ht.is

*Söludeild, sími 569 1520, sala@ht.is*

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 7. mars 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Aðgerðalausir

**Stjórnarmaðurinn** er ávallt áhugasamur um Ríkisútvarpið og að fylgjast með hvernig sú ágæta stofnun fer með almannafé. Nú í sumar stendur fyrir dyrum stærsta verkefni stofnunarinnar á hverju fjögurra ára tímabili. Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu. Íþróttadeild RÚV mætir að sjálfsögðu vel undirbúin og úthvíld til leiks, en eins og endranær hefur ekki farið mikið fyrir beinum útsendingum, eða raunar útsendingum yfirleitt á vegum deildarinnar í aðdraganda mótsins.

**Athyglisvert** er að bera saman íþróttadeildir RÚV annars vegar og Stöðvar 2 hins vegar. Íþróttadeild RÚV fær að jafnaði að glíma við stórkeppnir í handbolta árlega. Sumar- og Vetrarólympíuleikar eru svo á fjögurra ára fresti, og hið sama gildir um Heimsmeistaramótið í knattspyrnu. Evrópumeistaramótið hafa þeir misst til einkaaðila undanfarin ár. Þess á milli halda íþróttafréttamenn RÚV sér hins vegar heitum með stuttum samantektum í fréttatímum, og stöku landsleikjum í boltagreinum sem detta inn á nokkurra mánaða fresti.

**Íþróttafréttamenn** Stöðvar 2 hafa hins vegar nóg að gera. Bara í erlendu knattspyrnunni eru það enska og spænska úrvalsdeildirnar, Meistaradeildin, Evrópudeildin, þýski boltinn, alþjóðlegir landsleikir og meira til. Þá eru ótaldar aðrar íþróttagreinar eins og Formúlan, golf, UFC og NBA-körfuboltinn.

**Af innlendum** vettvangi má nefna Pepsi-deildina í fótbolta sem spiluð er að sumri til, þegar erlenda efnið er í fríi, íslenska handboltann og körfuboltann. Einnig þarf að gera öllu þessu skil í fréttatímum á degi hverjum. Athyglisvert er að lesa yfir meðlimalista Samtaka íþróttafréttamanna en þar er að finna sambærilegan fjölda íþróttafréttamanna af RÚV og þeirra sem starfa við sambærilega þjónustu hjá Stöð 2. Því kom nokkuð á óvart að til að gera HM í knattspyrnu skil þyrfti íþróttadeild RÚV að fá lánsmann frá Stöð 2 – sjálfan Guðmund Benediktsson. Hinir úthvíldu íþróttafréttamenn RÚV geta því áfram haft það náðugt í sumar.

**Auðvitað** sér hver maður að það gengur ekki upp að opinbera stofnunin sé með sambærilega yfirbyggingu og einkaaðilinn, þrátt fyrir að glíma einungis við brotabrot af verkefnunum. Þeim sem fylgjast með RÚV kemur hins vegar ekkert á óvart. Hvers vegna ætti stofnun sem fær sex milljarða árlegt forskot í formi skattfjár og auglýsingatekna annars að hafa áhyggjur af nokkrum aðgerðalausum íþróttafréttamönnum?






# Kosið um kaupauka í næstu viku

Stjórn Klakka, eignarhaldsfélags sem heldur utan um 100 prósenta hlut í eignaleigufyrirtækinu Lykli, hefur boðað til hluthafafundar næsta þriðjudag þar sem lagt verður til að kaupaukagreiðslur til stjórnenda og stjórnar verði dregnar til baka.

Greint var frá því í Markaðinum í desember í fyrra að hluthafafundur Klakka hefði samþykkt tillögu að kaupaukakerfi fyrir níu stjórnendur og stjórnarmenn félagsins. Hefðu heildarbónusgreiðslur getað numið allt að 550 milljónum króna að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Áformin vöktu hörð viðbrögð og tilkynnti stjórnin daginn eftir að frétt Markaðarins birtist að hún hefði ákveðið að mæla með því við hluthafa að greiðslurnar yrðu dregnar til baka. Sagði stjórnin það nauðsynlegt til þess að skapa traust í garð félagsins. – kij



**Magnús Scheving Thorsteinsson, forstjóri Klakka.**

05.03.2018

**Mín skoðun varðandi Isavia er að það er auðvitað löngu kominn tími á að horfa á það allt saman.**

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra






# SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

## AUGLÝSING

### Um skipulag í Sveitarfélaginu Vogum. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Frístundabyggð í Hvassahrauni.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 28. febrúar 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Hvassahrauni, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Lóð númer 22 skiptist í tvær lóðir. Lóðin var áður 8.340m2 og innan hennar byggingarreitur fyrir eitt frístundahús, verkfærahús og bátaskýli. Aðkoma akandi umferðar og bílastæði er frá aðkomuvegi austan lóðarinnar. Eftir breytingu verða til tvær lóðir og fá þær númerin 22A og 22B.
  Lóð 22A er 4.181 m2 og er aðkoma að henni og bílastæði frá aðkomuvegi vestan lóðarinnar.
  Lóð 22B er 4.163 m2 og er aðkoma að henni og bílastæði frá aðkomuvegi austan lóðarinnar, á sama stað og gert var ráð fyrir aðkomu og bílastæðum áður en lóðinni var skipt í tvær lóðir.
  Ástæða þess að samanlögð stærð lóða 22A og 22B er 4 m2 meiri en lóð 22 var áður er ónákvæmni í uppgefinni stærð á uppdrætti gildandi deiliskipulags.
  Innan beggja lóða er byggingarreitur fyrir frístundahús, verkfærageymslu og bátaskýli.
- Hámarks grunnflötur frístunahúsa innan byggingarreita á lóðum á skipulagssvæðinu fer úr 120 m2 í 190 m2.
- Hámarks grunnflötur verkfærageymsla innan byggingarreita á lóðum á skipulagssvæðinu fer úr 10 m2 í 50 m2.
- Hámarks grunnflötur bátaskýla innan byggingarreita á lóðum á skipulagssvæðinu fer úr 15 m2 í 30 m2.
- Heimilt er að hafa verkfærageymslu og bátaskýli sem eitt hús og ef svo er má stærð byggingar vera að hámarki samanlögð stærð þeirra beggja, þ.e. 80 m2.
- Breytingar eru gerðar á texta á þann hátt að fellt er út að frístundahús á skipulagssvæðinu séu 1 hæð og svefnloft og þess í stað verður aðeins gert ráð fyrir hámarkshæð bygginga, sem hækkar úr 5,0 m í 6,5 m. Vegghæð skal vera að hámarki 5,0 m.
- Heimilt verður að hafa gististarfsemi í frístundahúsum á skipulagssvæðinu skv. flokki I (heimagisting) og flokki II (gististaður án veitinga) í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sækja þarf um rekstrarleyfi til sýslumanns vegna starfsemi í flokki II, gististaður án veitinga, í samræmi við 25. gr. áðurnefndrar reglugerðar.

Tillagan er sett fram á uppdráttum ásamt greinargerð og vísast til þeirra um nánari upplýsingar.
Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með miðvikudeginum 7. mars 2018 til og með miðvikudagsins 18. apríl 2018.
Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is/Skipulag/Skipulag_i_kynningu/.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en miðvikudaginn 18. apríl 2018.

*Vogum, 7. mars 2018*
*f.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*

ÁS STYRKTARFÉLAG

# Aðalfundur

**Áss styrktarfélags verður haldinn þann 21. mars kl. 17.00 í Ögurhvarfi 6, Kópavogi.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf – lagabreytingar.
Lagabreytingarnar liggja frammi á skrifstofu félagsins Ögurhvarfi 6.

***Stjórnin.***

## Eyðingu og lokun .is-léna flýtt frá 1. apríl 2018

ISNIC undirbýr nú afnám hinnar svokölluðu „frídagareglu", sem verið hefur við lýði frá því elstu menn muna. Regla þessi hefur komið í veg fyrir að .is-lén, sem ekki voru endurnýjuð tímanlega, lokuðust á almennum íslenskum frídögum.

Frídagareglan þótti nauðsynleg þegar lén voru nær eingöngu endurnýjuð með bankamillifærslum eða staðgreiðslum, og bókun þeirra handbókuð á skrifstofutíma. Nú er öldin önnur og í janúarmánuði sl. voru aðeins 18 lén endurnýjuð með bankamillfærslum eða staðgreidd. Langflest lén eru nú endurnýjuð sjálfvirkt með greiðslukorti, eða af inneign viðskiptavinar.

Afnám frídagareglunnar gerir ISNIC kleift að auka enn á sjálfvirkni kerfisins, sem er, ásamt fjölgun léna, lykilforsenda þess að halda árgjaldi .is-léna óbreyttu. Samfara afnámi gömlu (góðu) frídagareglunnar verða reikningar með árgjaldi léna sendir út með 30 daga fyrirvara (gjaldfresti) í stað 45 daga áður, sem þýðir að lokun léns sem ekki var endurnýjað verður 15 dögum fyrr á ferðinni en nú er.

Tíminn sem líður frá lokun léns að eyðingu þess, eyðingarfresturinn (e. „grace period") verður samfara þessari mikilvægu breytingu styttur úr 60 dögum í 30 daga og verður þá jafnlangur og hjá langflestum öðrum höfuðlénum, þótt 15 dagar þekkist líka.

**Breyting þessi tekur gildi 1. apríl 2018.**

Eftir ofangreindar breytingar mun ISNIC tilgreina rétthöfum .is-léna nákvæmlega með tölvupósti hvaða dag óendurnýjuðu léni verður lokað (þ.e.a.s. lénið gert óvirkt á netinu) og hvaða dag því verður eytt, sem verður eins og áður segir 30 dögum eftir lokun þess. Með þessu móti verða lokuð/eydd lén laus til skráningar á ný einum mánuði fyrr en áður. Það munar um minna.

*Reykjavík, 8. feb. 2018.*
*F.h. ISNIC Internets á Íslandi hf.*
*Jens Pétur Jensen, framkvæmdastjóri.*

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## Breyting á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040

Lögð er fram til kynningar verkefnislýsing vegna breytingar á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í útvíkkun á vaxtamörkum við Álfsnesvík til samræmis við breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 um afmörkun svæðis undir efnisvinnslu.

Verkefnislýsingin er aðgengileg á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, 200 Kópavogi og á vefsíðunni www.ssh.is/svaedisskipulag

Hægt er að nálgast verkefnislýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur á vefssíðunni www.adalskipulag.is

**Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til skrifstofu SSH, Hamraborg 9, 200 Kópavogi og er æskilegt að þær berist fyrir 28. mars 2018.**

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins



✝

Okkar ástkæri faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarni Jón Gottskálksson**
bifreiðastjóri,
Gaukshólum 2,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík 28. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 12. mars klukkan 11. Jarðsett verður að Prestbakka á Síðu.

**Ragnar Bjarnason**
**Gottskálk Jón Bjarnason** **Arndís Anna Hervinsdóttir**
**Heiða Kristín Þ. Bjarnadóttir** **Helgi Magnússon**
**Hinrik Daníel Bjarnason** **Kristín Harðardóttir**
**Jón Erlendsson** **Anna Ólöf Bjarnadóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



✝

Elskuleg systir, mágkona
og móðursystir,

**Hrefna Jónsdóttir**
frá Vestmannaeyjum,
síðast til heimilis í New Jersey,
Bandaríkjunum,

lést þriðjudaginn 9. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. mars kl. 13.00.

**Guðrún Jónsdóttir** **Þráinn Árnason**
**Jón Halldór Þráinsson** **Bylgja Björk Haraldsdóttir**
**Hrefna Þráinsdóttir**
**Emma Guðrún**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug vegna fráfalls
ástkærs eiginmanns míns,
föður okkar, tengdaföður og afa,

**Sæmundar Hafsteins Jóhannessonar**
Sóltúni 25, Selfossi.

Sérstakar þakkir fyrir alúð og umhyggju fær starfsfólk Áss í Hveragerði og Vinaminnis.

**G. Magnea Magnúsdóttir**
**Magnús Orri Sæmundsson** **Guðrún Gísladóttir**
**Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir**
**Katla Magnea, Stígur og Flóki**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
systir, amma og langamma,

**Erla Dürr**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 27. febrúar, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 9. mars kl. 13.00.

**Magnús H. Guðjónsson** **Ása V. Einarsdóttir**
**Páll R. Guðjónsson** **Sigurlaug Val Sigvaldadóttir**
**Kristinn Guðjónsson** **Marianne E. Klinke**
**Hjördís Dürr**
**Anna Sigríður Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín,
móðir og frænka,

**Somnuk Thongbun**

lést á líknardeild miðvikudaginn 21. febrúar síðastliðinn.

Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 9. mars kl. 13.

**Pradung Joknak**
**Ari Jirapon Saikham**
**Aris Mayura Joknak**
**Somkid Aekka og frændsystkini**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Erla Sigríður Hansdóttir**
Akranesi,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða 23. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.

**Ólafía Guðrún Ársælsdóttir** **Sigfús Þór Elíasson**
**Ellert Ársælsson** **Gunilla Kolm**
**Edda Björg Ársælsdóttir**
**Gunnar Ársæll Ársælsson** **Fjóla Benný Víðisdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vinarhug við andlát og útför
elskulegrar eiginkonu minnar, móður
okkar, tengdamóður, ömmu
og langömmu,

**Svövu Brynjólfsdóttur**
áður til heimilis að Langagerði 28.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Hrafnistu í Boðaþingi fyrir góða umönnun.

**Kristinn Á. Guðjónsson**
**Ómar Kristinsson** **Kristín Geirsdóttir**
